

SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Fólk

VORTILBOÐ Í VEIÐINA
FYLGIR BLAÐINU Í DAG
VEIÐIHORNIÐ
SPORTBÚÐIN

FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

Fimmtudagur
19. apríl 2012
91. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup júlí - september 2011

Gel fyrir Johnny Depp

Rokkabillígoðsögnin Smutty Smiff ætlar í útrás með gel sem hann tók ár í að þróa.

popp 70

Dúa-bílar snúa aftur

Úlfar Már Sófusson hefur endurvakið hina gamalkunnu Dúa-bíla.

lífsstíll 56

Gömul leiðindi gleymd

Hafþór Ægir segir ekkert mál að spila undir stjórn Guðjóns Þórðarsonar.

sport 64

veðrið í dag



SÓL OG BLÍÐA Í dag verða yfirleitt norðaustan 3-8 m/s. Víðast bjartviðri en skýjað og dálítil úrkoma allra austast. Hiti 0-10 stig yfir hádaginn, svalast NA-til.

VEÐUR 4

SUMARIÐ ER KOMIÐ Eftir heldur snjóþungan vetur léttir það eflaust mörgum lund að vita til þess að sumardagurinn fyrsti er runninn upp. Margir hafa notað blíðviðrið síðustu daga til að byrja á vorverkunum og þessi hunangsfluga lét ekki sitt eftir liggja þegar hún rannsakaði vandlega þessa fallegu krókusa sem hún fann á ferðum sínum í gær. **Sjá síður 8 og 22**

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Arður nýttur í bótakerfið

Íslenska ríkið telur sig geta greitt sér út 12,1 milljarð í arð úr viðskiptabönkunum þremur án þess stefna eiginfé þeirra í hættu. Gæti verið greitt út í haust. Ætlunin er að nýta hluta arðsins til að hækka bætur.

STJÓRNSÝSLA Íslenska ríkið ætlar að nýta arðgreiðslur úr Landsbanka, Íslandsbanka og Arion banka til að hækka bætur skuldsettra fjölskyldna í greiðsluvanda, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Ríkið telur sig geta tekið 12,1 milljarð króna út úr bönkunum þremur án þess að eiginfjárhlutfall þeirra fari undir 20%.

Í samantekt á stöðu á hlutdeild ríkissjóðs í eiginfé bankanna þriggja í árslok 2011, sem Fréttablaðið hefur undir höndum, kemur fram að eigið fé bankanna þriggja hafi verið um 455 milljarðar króna um síðustu áramót. Þar af nemur hlutur ríkisins, sem á eignarhlut í þeim öllum, 183 milljörðum króna. Bankarnir þurfa að vera með 16% eiginfjárhlutfall samkvæmt lágmarki sem Fjármálaeftirlitið (FME) setur.

Vilji er til þess innan stjórnsýslunnar að taka umfram eigið fé út úr bönkunum og nýta til annarra verkefna, meðal annars til að hækka barnabætur, þegar hægt verður að

12,1 milljarð telur ríkið sig geta tekið úr bönkunum til að hækka bætur skuldsettra fjölskyldna.

greiða það út. Heimildir Fréttablaðsins herma að vilji standi til þess innan stjórnkerfisins að það verði í haust. Það fari þó eftir niðurstöðu gengislánadóma sem eigi eftir að falla.

Áður en síðasti gengisdómur Hæstaréttar féll í febrúar var áætlað að það fé sem ríkissjóður gæti tekið út úr bönkunum þremur næmi allt að 50 milljörðum króna án þess að eigið fé þeirra færi undir 20%. Bankarnir gjaldfærðu hins vegar tæplega 64 milljarða króna á fjórða ársfjórðungi síðasta árs í varúðarskyni vegna dómsins og við það lækkaði umrædd hlutdeild ríkissjóðs niður í 12,1 milljarð króna. Stærsti hluti hennar, 10,6 milljarðar króna, er vegna eignarhlutar ríkisins í Landsbankanum. - þsj/sjá síðu 18

Blönduós og Varmahlíð verða áfram í alfaraleið eftir ákvörðun ráðherra:

Fallið frá styttingu hringvegarins

VEGAMÁL Vegamálastjóri hefur greint sveitarstjórnum í sveitarfélaginu Skagafirði, Blönduósbæ og Húnavatnshreppi frá því að ekki verði áfram unnið að tillögum um styttingu hringvegarins á þeirra umráðasvæði. Vegagerðin dregur því til baka kröfur um að hugsanlegar veglínur verði sýndar á aðalskipulagi sveitarfélaganna.

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra fór fram á það bréfleiðis við vegamálastjóra 13. þessa mánaðar að hann sendi sveitarfélögunum erindi.

ÖGMUNDUR JÓNASSON

„Fyrir liggur að ég hef tekið ákvörðun er varðar innanríkisráðuneytið og stofnanir þess í samráði við sveitarfélögin á þessu svæði um að ekki verði gerðar tillögur um flutning á hringveginum frá Blönduósi yfir á nýja Svínvetningabraut né flutning hans til suðurs frá Varmahlíð," segir í bréfinu til vegamálastjóra, sem svo aftur sendi sveitarstjórnunum erindi sitt í byrjun þessarar viku.

„Það er bara eins og gengur að ekki er allt af farið eftir því sem við vildum helst," segir vegamálastjóri. - óká / sjá síðu 10

SPURNING DAGSINS

Logi, hendið þið ykkur í djúpu laugina með breytingunum?

„Það má segja það en við sjáum vel til botns í þessum framkvæmdum."

Laugardalslaug opnar í dag eftir þriggja daga lokun og margra mánaða framkvæmdir við 1. áfanga endurbóta sem senn lýkur.

Landsbankinn lýsir yfir miklum áhyggjum af afleiðingum frumvarpa um stjórn fiskveiða og veiðigjalda:

60% gætu ekki staðið við skuldbindingar

SJÁVARÚTVEGSMÁL Ef frumvörp til laga um breytingar á stjórn fiskveiða og veiðigjöldum verða samþykkt er hætt við því að 74 sjávarútvegsfyrirtæki í landinu geti ekki staðið við núverandi skuldbindingar sínar. Þá gæti Landsbankinn þurft að afskrifa 31 milljarð króna af bókfærðu virði lána þeirra.

Þetta kemur fram í umsögn Landsbankans um frumvörpin sem send var þingnefndum Alþingis í gær.

Sérfræðingar Landsbankans skoðuðu 124 sjávarútvegsfyrirtæki sem ráða yfir 90% af aflaheimildum hér við land. Af þeim er talið að 74 þeirra, eða 60%, geti ekki staðið við núverandi skuldbindingar sínar.

Í tilkynningu frá Landsbankanum er lýst yfir miklum áhyggjum af afleiðingum frumvarpanna tveggja sem nú liggja fyrir Alþingi.

Að mati Landsbankans hefði samþykkt þeirra mikil áhrif á útgerð í öllum landshlutum. Áhrifin yrðu sérstaklega alvarleg á Reykjanesi, Vesturlandi, Vestfjörðum og á höfuðborgarsvæðinu. Ef horft er til einstakra flokka sjávarútvegsfyrirtækja yrðu áhrifin alvarlegust á bolfiskútgerð og því næst bolfiskútgerð/vinnslu, að því er segir í tilkynningu.

Um fjögur þúsund störf eru hjá sjávarútvegsfyrirtækjunum 74.

Það er mat Landsbankans að fjölmargar greinar frumvarpsins um veiðigjöld muni hafa óæskilegar afleiðingar fyrir sjávarútveg og efnahagslíf hér á landi og þar með stöðu bankans. Þessi atriði valdi því að rekstrarumhverfi sjávarútvegs verði óstöðugra en nú er, rekstarforsendur veikist og fjármögnun verði erfiðari. - kh

LANDSBANKINN Ef frumvarp um veiðigjald verður samþykkt er áætlað að eiginfjárhlutfall bankans myndi lækka úr 21,4% í 19%. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Ný rannsókn á kólesteróli:

Danir nota ekki nauðsynleg lyf

DANMÖRK Meira en 900 þúsund Danir taka ekki þau kólesteróllyf sem þeir hafa þörf fyrir. Talið er að það kosti um 30 þúsund manns lífið á hverjum tíu árum, er kemur fram í nýrri rannsókn sem birt verður í dag. Rannsóknin byggði á gögnum frá Herlev-spítalanum í Danmörku.

Þar kemur fram að fjöldi Dana sé í áhættuhóp vegna of mikils kólesteróls í blóði og um 90 þúsund hjartaáföll megi rekja til þess á tíu ára tímabili, þar sem þriðjungur lést. Um 90 prósent þessara einstaklinga fá ekki þau kólesteróllækkandi lyf sem þeir þurfa. Haft er eftir lækni í skýrslunni að hægt sé að komast hjá fjölda dauðsfalla í Danmörku með því að setja fólk á lyf. - sv

Óttast ofsakvíða í vitnastúku:

Vítisenglar víki úr dómsalnum

DÓMSMÁL Fimm meðlimir Vítisengla sem ákærðir hafa verið fyrir líkamsárás og kynferðisbrot þurfa að víkja úr dómsal á meðan konan sem hluti þeirra réðist á ber vitni. Hæstiréttur staðfesti í gær úrskurð héraðsdóms þess efnis.

Samkvæmt vottorði frá sálfræðingi konunnar sem fyrir árásinni varð þjáist hún af alvarlegri áfallastreituröskun og þunglyndi vegna árásarinnar.

Þar segir jafnframt að þurfi hún að gefa skýrslu fyrir dómi í viðurvist ákærðu í málinu séu raunverulegar líkur á að hún muni upplifa ofsakvíðakast. - bj

ÁRBORG

Borga laun sumarbúðaskáta

Bæjarráð Árborgar hefur samþykkt beiðni útilífsmiðstöðvar skáta um að tveir skátar úr Fossbúum fái að starfa við sumarbúðir skáta á Úlfljótsvatni í sumar.

Tvíburar fóru ólíkar leiðir við ferminguna

Júlía Sif Ólafsdóttir og Halldór tvíburabróðir hennar fermdust hvort í sínu lagi á sunnudaginn. Hún í Háteigskirkju en hann í borgaralegri fermingu í Háskólabíói. Segja hvoruga ákvörðunina hafa verið erfiða. Snýst um að trúa eða ekki.

FÓLK Tvíburasystkinin Halldór Sörli og Júlía Sif Ólafsbörn voru fermd síðastliðinn sunnudag, en það sem vekur athygli er að þau höfðu hvort sinn háttinn á. Júlía fermdist í Háteigskirkju um morguninn, en Halldór í borgaralegri vígslu í Háskólabíói eftir hádegi.

„Ég hafði alltaf hugsað mér að fermast í kirkju," segir Halldór. „Svo fór ég að hugsa betur út í þetta og leist vel á borgaralegu ferminguna."

Aðspurð hvort henni hafi þótt skrítið að hafa bróður sinn ekki við hlið sér segir Júlía að svo hafi ekki verið.

„Þetta var kannski svolítið skrýtin tilhugsun fyrst, því að ég hélt alltaf að Halldór myndi fermast í kirkju með mér. En það var svo ekkert mál."

Þau segja að móðir þeirra hafi alls ekki sett fyrir sig að hafa tvær vígslur sama daginn og hún hafi virt þeirra val. Þá hafi vinum þeirra ekki þótt skrýtið að þau færu hvort sína eigin leið.

„Nei. Þau þekkja okkur vel og vita að við tökum hvort okkar ákvarðanir," segir Júlía. „Þótt að við séum tvíburar," botnar Halldór. Aðspurð hvort þau séu almennt samrýnd systkin svara þau í kór: „Já!"

Umræða spannst nýlega út frá páskapredikun biskups Íslands þar sem hann sagði börn sem hygðu á kirkjulega fermingu sættu oft andróðri frá umhverfi sínu. Á móti var því haldið fram að þvert á móti þyrftu ungmenni frekar að standa gegn straumnum til að fermast borgaralega.

Júlía og Halldór segja ekkert slíkt hafa verið að velkjast fyrir þeim og ákvarðanir þeirra hafi hreint ekki verið erfiðar.

SAMRÝND Þau Halldór Sörli og Júlía Sif eru tvíburar en fermdust hvort í sínu lagi. Hann í borgaralegri fermingu en hún í kirkju. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> Þetta snýst einfaldlega um það að ég trúi á guð en hann ekki
>
> **JÚLÍA SIF ÓLAFSDÓTTIR**

„Þetta snýst einfaldlega um það að ég trúi á guð en hann ekki," segir Júlía og Halldór tekur undir. „Mér fannst þetta mjög auðveld og eðlileg ákvörðun."

Nokkuð algengt er að krakkar fermist í borgaralegri vígslu, þar á meðal nokkrir í kunningjahópi Halldórs. En tengist þessi ákvörðum þá vinahópum?

„Maður vill auðvitað gjarnan fermast með vinum sínum," segir Júlía. „En þó að allar mínar vinkonur myndu fermast borgaralega myndi ég samt fermast í kirkju."

Aðspurður sagði Halldór að það hafi ekki hvarflað að honum að sleppa því alfarið að fermast.

„Ég lít á þetta sem ákveðinn áfanga í lífinu og mig langaði til að halda upp á hann og borgaralega fermingin höfðaði betur til mín."

Systkinin sameinuðust svo í veislunni sem haldin var síðar um daginn. Þar léku þau meðal annars tvö lög fyrir gestina, Halldór á saxófón og Júlía á þverflautu.

Þau svara hlæjandi að enginn munur hafi verið á fermingargjöfunum þrátt fyrir að Halldór hafi farið óhefðbundnari leið. Þar hafi samræmis verið gætt í hvívetna. thorgils@frettabladid.is

HLEKKTIST Á Sjúkrabílar frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins voru fljótir á vettvang en farþegi og flugmaður vélarinnar voru ómeiddir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALI

Hjól brotnaði við lendingu:

Engan sakaði við brotlendingu flugvélar

SLYS Engan sakaði þegar tveggja sæta einkaflugvél með einkennisstafina TF-FUN hlekktist á í lendingu á Reykjavíkurflugvelli í gær.

Annað framhjól vélarinnar brotnaði undan henni í lendingunni og skemmdist vélin nokkuð þegar skrúfan, búkurinn og annar vængurinn drógust eftir flugbrautinni.

Tveir voru um borð í flugvélinni, sem er af gerðinni American Champion 7ECA. Hún var að lenda á flugbraut sem liggur í stefnunni frá austri til vesturs þegar flugmaður hennar virðist hafa misst stjórn á vélinni. - bj

HORNAFJÖRÐUR

Lokaskammtur úr höfninni

Á þessu vori verður í síðasta sinn dælt efni úr höfninni á Leirusvæðið í Hornafirði. Bæjarstjórnin segir laust efni, sem komið hefur upp úr höfninni og verið keyrt á staðinn annars staðar frá, hafa valdið íbúum verulegum óþægindum. Þegar uppdælingu ljúki í vor verði að hefta fok á lausu efni.

Aron Pétur Karlsson sagður hafa haft 300 milljónir af þremur bönkum:

Ákærður fyrir sendiráðsfléttu

ARON PÉTUR KARLSSON

DÓMSMÁL Sérstakur saksóknari hefur gefið út ákæru á hendur athafnamanninum Aroni Pétri Karlssyni fyrir fjársvik vegna sölu á stórhýsi við Skúlagötu til Kínverska alþýðulýðveldisins í janúar 2010. Í húsinu er nú sendiráð Kínverja hér á landi.

Samkvæmt ákærunni hlunnfór Aron Pétur Arion banka, Glitni og Íslandsbanka um 300 milljónir með sölunni. Bankarnir þrír áttu veðrétt í húsinu fyrir samtals rúman milljarð króna.

Eigendur, Aron og faðir hans, Karl Steingrímsson í Pelsinum, kynntu bönkunum 575 milljóna króna kauptilboð í húsið frá indversku fyrirtæki og bönkunum leist ágætlega á tilboðið miðað við ástandið á fasteignamarkaði þótt það væri langtum lægra en veðkröfurnar. Því var fallist á að húsið yrði selt og afgangi skuldanna aflétt.

Í ljós kom hins vegar að húsið var selt kínverska ríkinu undir sendiráðsbústað og að verðið hafi ekki verið 575 milljónir heldur 870 milljónir. Kaupin höfðu gengið í gegn áður en skuldunum var aflétt.

Grunur er um að tilboð Indverjanna hafi verið sýndartilboð, lagt fram til að eigendurnir gætu hagnast um tæpar 300 milljónir.

Feðgarnir voru yfirheyrðir vegna málsins á sínum tíma, auk lögmannsins Gísla Gíslasonar, sem var tengiliður við Indverjana, og fasteignasalans Guðmundar Th. Jónssonar. Grunur féll á þá tvo síðastnefndu vegna þess að samtals fengu þeir tæpar 70 milljónir í þóknun vegna aðkomu sinnar að viðskiptunum. Aron er hins vegar einn ákærður.

Bankarnir gera samtals um 150 milljóna króna bótakröfu í málinu. - sh

Kringlan

Opið 13–18 í dag

Sumargleði

- **Íþróttaálfurinn** og **Solla stirða** skemmta kl. 15.00 og gefa Latabæjar Skutlur frá Kjörís.
- **Hoppukastalar** og fríar blöðrur fyrir alla.

Gleðilegt sumar!

Sá sem kemur fram sem Íþróttaálfurinn er samþykktur af Latabæ. Latibær ®& © 2012 Latibær ehf. Öll réttindi áskilin.

www.kringlan.is | sími 517 9000

GENGIÐ 18.04.2012

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	127,03	127,63
Sterlingspund	203,07	204,05
Evra	166,04	166,96
Dönsk króna	22,316	22,446
Norsk króna	22,028	22,158
Sænsk króna	18,758	18,868
Japanskt jen	1,5580	1,5672
SDR	195,39	196,55

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 228,8708

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Eftirlitsstofnun EFTA hafnar rökum Íslands í Icesave-málinu sem er fyrir EFTA-dómstólnum:

Kerfishrun afsaki ekki meint brot á tilskipun

ICESAVE Tilskipun um innistæðutryggingar gildir þrátt fyrir kerfishrun. Þetta kemur fram í andsvörum Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) við málsvörn Íslands í Icesave-málinu.

Andsvörin voru birt á vef utanríkisráðuneytisins í gær, en þar kemur fram að afstaða ESA sé óbreytt. Ísland hafi brotið gegn tilskipuninni og eigi að bera kostnaðinn af endurgreiðslu lágmarksinnistæðutryggingar til innistæðueigenda í Hollandi og Bretlandi.

Í andsvörunum segir að ekki sé hægt að ætlast til þess að innistæðutryggingakerfi geti staðið undir heilu bankakerfi, en komi til hruns þurfi samt að vera hægt að bregðast við.

„Það getur einfaldlega ekki hafa verið markmið ESB-löggjafarinnar þegar tilskipunin var innleidd að vernd á innistæðum verði minni eftir því sem áhætta innistæðueigenda aukist," segir þar.

Þá er áréttað að innistæðueigendum hafi verið mismunað. Falskan tón slái við í málflutningi Íslands um að allir hafi setið við sama borð þar sem enginn hafi fengið greitt út tryggingasjóði.

Innistæðueigendur á Íslandi hafi notið sérаðgerða. Annars vegar þegar innistæður þeirra voru færðar í nýju bankana og aðgangur að þeim hélst óskertur. Í annan stað voru innistæður á Íslandi tryggðar að fullu.

Undirbúningur að gagnsvörum íslenskra stjórnvalda er þegar hafinn og miðað er við að þau verði lögð fram innan tilskilins frests, 11. maí næstkomandi, að undangengnu samráði við utanríkismálanefnd. - þj

RÖKUM ÍSLANDS HAFNAÐ Í andsvörum ESA við málsvörn Íslands fyrir EFTA-dómstólnum segir meðal annars að íslensk stjórnvöld hafi mismunað innistæðueigendum eftir löndum.

Há sekt á Póstinn í Noregi:

Misnotaði markaðsráðandi stöðu sína

NOREGUR Pósturinn í Noregi mun þurfa að greiða sekt að upphæð 1.850 milljóna íslenskra króna eftir að EFTA-rétturinn staðfesti í gær úrskurð Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) um að fyrirtækið hefði misnotað markaðsráðandi stöðu sína.

Málið snýst um póstsendingar á keyptri vöru frá fyrirtækjum til viðskiptavina, en Pósturinn hefur tryggt sér yfirburðastöðu með samningum um að hafa útibú í verslunum og um allan Noreg.

Dreifingarfyrirtækið Schenker höfðaði málið í upphafi og ESA gaf úrskurð sinn árið 2010, en Pósturinn áfrýjaði þeim úrskurði. - þj

Opnar á ný eftir endurbætur:

Ný þrautabraut í barnalaugina í Laugardalnum

ALMENNINGSÍÞRÓTTIR Nýrri þrautabraut var í gærkvöldi komið fyrir í barnalaug Laugardalslaugar sem opna átti klukkan átta í morgun eftir þriggja daga lokun vegna framkvæmda.

„Okkur langaði að leggja áherslu á börnin og þessi braut er hluti af því," segir Logi Sigurfinnsson, forstöðumaður Laugardalslaugar.

Ný rennibraut fyrir yngstu krakkana er einnig hluti af framkvæmdunum sem Logi segir verða lokið á næstu vikum. Síðar verði farið í 2. áfanga endurbóta á sundstaðnum og þá verði sjónum beint að búningsklefunum. - gar

Sérstakur saksóknari fær gögn frá Lúxemborg um Aurum

Rannsókn sérstaks saksóknara á Aurum-málinu svokallaða er á lokastigi. Gögn sem haldlögð voru í Kaupþingi í Lúxemborg í fyrra voru send til Íslands fyrir mánuði síðan. Von á ákvörðun um ákæru á næstunni.

LÖGREGLUMÁL Embætti sérstaks saksóknara hefur fengið afhent gögn frá Lúxemborg sem gegna lykilhlutverki í rannsókn þess á svokölluðu Aurum Holding-máli, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Rannsókn málsins er nú á lokastigi og tekin verður ákvörðun um hvort ákært verði vegna þess á næstunni.

Aurum Holding-málið snýst um sex milljarða króna lán sem Glitnir veitti félaginu FS38 í júlí 2008 til kaupa á eignarhlut Fons í breska félaginu Aurum Holdings, sem rekur meðal annars skartgripaverslunarkeðjuna Goldsmiths. Bæði Fons og FS38 voru í eigu Pálma Haraldssonar. Grunsemdir eru um að kaupverðið hafi verið margfalt hærra en raunvirði hlutarins og að lánveitingin hafi meðal annars verið framkvæmd til að losa um tvo milljarða króna í reiðufé fyrir Pálma og Jón Ásgeir Jóhannesson.

Eftir að lánið til FS38 var veitt, og sex milljarðar króna greiddir út úr Glitni, voru tveir milljarðar króna færðir inn á hlaupareikning Fons og þaðan var einn milljarður króna færður beint inn á persónulegan hlaupareikning Jóns Ásgeirs. Heimildir Fréttablaðsins herma að annar þessara milljarða hafi ratað inn á reikning í Kaupþingi í Lúxemborg.

Í umfangsmikilli húsleit í bankanum, sem nú heitir Banque Havilland, í mars í fyrra lagði sérstakur saksóknari meðal annars hald á gögn sem tengjast málinu. Yfir 70 manns tóku þátt í þeirri aðgerð sem stóð yfir í rúmar tvær vikur. Saksóknari fékk gögnin síðan afhent frá þarlendum yfirvöldum fyrir um mánuði síðan. Heimildir Fréttablaðsins herma að þau skýri lausa anga í Aurum–fléttunni og að bráðlega verði hægt að ljúka rannsókn á henni.

Slitastjórn Glitnis stefndi Jóni Ásgeiri, Pálma, Lárusi Welding og þremur fyrrum starfsmönnum Glitnis vegna Aurum-lánsins snemma árs 2010 og eru hinir stefndu sameiginlega krafðir um greiðslu á sex milljörðum króna auk vaxta frá miðju ári 2008. Málið var sett í biðstöðu í febrúar eftir að dómari í Héraðsdómi Reykjavíkur vildi fá að vita hvað kæmi út úr rannsókn sérstaks saksóknara áður en lengra yrði haldið. Til stendur að taka málið aftur fyrir í maí.

Von er á því að fleiri gögn sem lagt var hald á í aðgerðinni í fyrra verði send til Íslands á næstunni. Þau snerta fjölmörg mál sem hafa verið til rannsóknar hjá embætti sérstaks saksóknara. Þeirra á meðal er 171 milljóna evra (um 28,5 milljarða króna) lán Kaupþings til Lindsor Holdings 6. október 2008. Lánið var notað til að kaupa skuldabréf af Kaupþingi í Lúxemborg, einstökum starfsmönnum þess og félagi í eigu Skúla Þorvaldssonar, eins stærsta viðskiptavinar bankans. Embætti sérstaks saksóknara telur að bréfin hafi verið keypt á mun hærra verði en markaðsvirði. Kaupþing, sem var óbeinn eigandi Lindsor, féll þremur dögum síðar. Ein ástæða þess að afhending gagnanna hefur tafist jafnmikið og raun ber vitni er sú að hluti þeirra sem gögnin fjalla um, og eru til rannsóknar hjá sérstökum saksóknara, mótmæltu afhendingu þeirra.

thordur@frettabladid.is

SÉRSTAKUR Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari, var á meðal þeirra 30 sem tóku þátt í húsleitum vegna rannsókna á Landsbankanum í þessari viku. Gögn vegna fyrri húsleita þar í landi eru farin að skila sér til Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Kaupverðið margfalt bókfært virði

Fons, félag Pálma Haraldssonar, keypti umræddan hlut í Aurum Holding í febrúar 2007 fyrir 2,5 milljarða króna auk þess sem félagið greiddi 330 milljónir króna í viðbót í desember 2008. Heildargreiðslur Fons vegna kaupanna námu því um helmingi þeirra sex milljarða króna sem Glitnir lánaði hinu eignarlausa FS38, sem var líka í eigu Pálma, til að kaupa hlutinn af Fons. Í bókhaldi Fons, sem varð aðgengilegt eftir gjaldþrot félagsins, var verðmæti Aurum sagt 1,4 milljarðar króna í byrjum árs 2008.

Í stefnu slitastjórnar Glitnis vegna Aurum-lánsins til FS38 var meðal annars vitnað í tölvupóst Einars Arnar Ólafssonar, þáverandi framkvæmdastjóra fyrirtækjaráðgjafar bankans, til forstjórans Lárusar Welding. Í honum segist Einar verða „að viðurkenna að ég skil ekki af hverju við lanum ekki bara palma 2.ma.kr. til að koma fyrir á cayman, aður en hann fer a hausinn, I stað thess að fara I alla thess goldsmith aefingu".

Þegar lánið var á gjalddaga í júlí 2009 voru engar eignir inni í FS38 til að mæta greiðslu þess. Fons hafði auk þess verið tekið til gjaldþrotaskipta í apríl 2009. Verðgildi bréfanna í Aurum, sem átti meðal annars skartgripakeðjuna Goldsmiths, var þá ekkert enda hafði félagið lent í verulegum fjárhagsvandræðum og allir hluthafar þess þegar fallist á að afskrifa hlutafé sitt. Þrotabú Landsbankans, sem var stærsti kröfuhafi félagsins, breytti kröfum sínum á móti í nýtt hlutafé. Það heldur enn á Aurum.

VEÐURSPÁ

Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

GLEÐILEGT SUMAR! Það verða mestu líkur á úrkomu austanlands í dag en annars yfirleitt bjartviðri og þurrt.Engin veruleg hlýindi í dag nema mögulega sunnanlands og má búast við vægu frostu í innsveitum norðaustantil. Sama góða veðrið næstu daga.



HEIMURINN

Alicante	20°
Basel	15°
Berlín	17°
Billund	13°
Frankfurt	14°
Friedrichshafen	14°
Gautaborg	12°
Kaupmannahöfn	12°
Las Palmas	21°
London	11°
Mallorca	16°
New York	18°
Orlando	30°
Ósló	11°
París	13°
San Francisco	20°
Stokkhólmur	7°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

husa.is

TAX FREE

GLEÐILEGT SUMAR!

WEBER GRILL OG AUTHOR REIÐHJÓL*

BLÁI NAGLINN

HÚSASMIÐJAN ER BAKHJARL BLÁA NAGLANS.
SÝNDU STUÐNING Í VERKI.

DYNAMO REYKJAVÍK

SUMAR TILBOÐ!

blómaval

OPIÐ Í DAG Í ÁTTA VERSLUNUM Í NÁGRENNI VIÐ ÞIG

Skútuvogur	***kl. 10-19***
Grafarholt	***kl. 10-18***
Hafnarfjörður	***kl. 11-15***
Keflavík	***kl. 11-15***
Selfoss	***kl. 11-15***
Akureyri	***kl. 11-15***
Akranes	***kl. 11-15***
Egilsstaðir	***kl. 11-15***

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

LÆGSTA LÁGA VERÐ

*Tax free gildir ekki af vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" enda er það lægsta verð sem við bjóðum á hverjum tíma. Tax free tilboð jafngildir 20,32% afslætti. Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI SÍÐAN 1956

KJÖRKASSINN

Er íslenskt efnahagslíf á réttri leið?

JÁ	26,8%
NEI	73,2%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ætlar þú að fylgjast með dómsuppkvaðningu í Landsdómi í beinni útsendingu á mánudag?

Segðu þína skoðun á visir.is VÍSIR

Viðhafði tilhæfulaus, óviðurkvæmileg og ærumeiðandi ummæli um fjárfesta:

Ragnar dæmdur fyrir meiðyrði

DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjaness hefur dæmt Ragnar Önundarson viðskiptafræðing sekan um meiðyrði í garð fjárfestanna Árna Haukssonar og Friðriks Hallbjörns Karlssonar.

Ragnar er dæmdur til að greiða tvímenningunum 300 þúsund krónur hvorum í miskabætur, samtals 200 þúsund krónur til að kosta birtingu dómsins í dagblaði og samtals 600 þúsund krónur í málskostnað.

Ástæður málshöfðunarinnar eru tvær greinar sem Ragnar skrifaði í Morgunblaðið um kaup viðskiptafélaganna á Húsasmiðjunni. Þar kallaði hann þá ítrekað „féfletta“ og sakaði þá um að hafa haft fé af fyrirtækinu í viðskiptunum.

RAGNAR ÖNUNDARSON

Dómarinn fellst á þessar röksemdir. Líta verði til þess að Ragnar sé viðskiptafræðingur og fyrrverandi bankamaður. Engin gögn styðji fullyrðingar hans um svik og ummælin séu „algerlega tilhæfulaus, óviðurkvæmileg og ærumeiðandi“ og feli í sér aðdróttanir.

> [Ummælin eru] algerlega tilhæfulaus, óviðurkvæmileg og ærumeiðandi“
>
> ÚR DÓMI HÉRAÐSDÓMS

Tvímenningarnir krefjast þess jafnframt að Ragnar yrði dæmdur til refsingar, en dómari taldi rökin fyrir því „næsta knöpp“ og niðurstaðan er sú að „ekki þykja alveg næg efni“ til að fallast á það. - sh

Koma í veg fyrir skróp:

Starfsmaður vekur börnin

DANMÖRK Sveitarfélagið Frederiksberg í Danmörku hyggst ráða manneskju í vinnu við það að fara heim til barna og vekja þau ef þau mæta ekki í skóla á réttum tíma.

Þetta fyrirkomulag hefur verið tekið upp í Nyborg með góðum árangri. Starfsmenn gera foreldrum og börnum grein fyrir því að það sé á þeirra ábyrgð að mæta. Börn sem ekki mæti í skólann á morgnana séu oft þau sem standi verst félagslega og þurfi því þessa hjálp. - þeb



Hjón í öryrkjaíbúð í vikulöngu vatnsbaði

Guðberg Guðmundsson og Rósa Björnsdóttir þurftu í eina viku að búa við vatnsleka í íbúð Öryrkjabandalagsins í Mánatúni og kenna um seinagangi tryggingafélags. Vatn pípti niður úr lofti eldhússins sem var rafmagnslaust.

FÓLK „Ísskápurinn er úti á gólfi og ég þarf að laga kaffi inni í þvottahúsi,“ segir Guðberg Guðmundsson, eldri borgari sem býr í íbúð Öryrkjabandalagsins á Mánagötu 2 og hefur frá því í síðustu viku glímt við stöðugan vatnsleka ofan úr eldhúsloftinu.

Guðberg segir lekann hafa uppgötvast eftir að rafmagn fór af íbúðinni aðfaranótt fimmtudags í síðustu viku. Vegna ótrúlegs seinagangs hjá tryggingafélagi hússins hélt einfaldlega áfram að leka í sex daga. Í gær fengu píplagningamenn loks að komast að upptökum lekans á hæðinni fyrir ofan íbúð Guðbergs og Rósu Björnsdóttur konu hans.

„Þegar rafvirkinn opnaði ljósastæðið í eldhúsinu var kúpullinn fullur af vatni og hann fékk bara gusuna yfir sig,“ lýsir Guðberg sem allan tímann hefur safnað vatni í fötu vegna lekans úr rafmagnsdósinni. Hann kveðst ekki hafa þorað að fara frá í kvöldvinnu sína sem símasölumaður sem hann sinni til að drýgja ellilífeyrinn.

Ekkert rafmagn hefur verið í eldhúsinu fyrir utan á eldavélinni sjálfri og Guðberg kveðst áhyggjufullur yfir rafmagninu. „Allt sem heitir rafmagn á að hafa forgang,“ segir hann og bendir á að kona hans sé með lungnasjúkdóm og háð súrefni úr vél sem gangi fyrir rafmagni og þá sé ekki hálf sagan sögð:

„Rósa er líka með kæfisvefnsvél sem þarf rafmagn. Hún hefur lent í fjórum bílslysum, er spengd á baki og það er búið að skipta um báða hnjáliði. Svo fékk hún eldhúsinnréttingu á höfuðið og þá skömmuðust í henni taugar.“

Húsið í Mánatúni 2 er aðeins tíu ára gamalt en Guðberg segir fjölmörg tilvik um galla hafa komið upp. Hann telur það hugsanlega skýra seinagang tryggingafélagsins sem sé einfaldlega orðið þreytt á vandamálum í húsinu. Síðdegis í gær hafði enn ekki náð að stöðva lekann með vissu og pípararnir horfnir á braut.

RÓSA BJÖRNSDÓTTIR OG GUÐBERG GUÐMUNDSSON Ísskápurinn er horfinn úr innréttingunni og fatan stendur á miðju gólfi til að taka við vatnsflaumnum úr eldhúsljósinu. Fyrir nokkrum árum sendi Guðberg frá sér bókina Þjófur, fíkill, falsari sem hann kvað vera sjálfsævisögu síbrotamanns. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Rósa er með vottorð um að hún þoli ekki ryk og ef það á að fara að standa hér í stórviðgerðum þá eigum við rétt á því að á meðan verði borgað undir okkur hótelherbergi með aðgangi að öllu,“ segir Guðberg en undirstrikar um leið að þrátt fyrir allt sé frábært að búa í Mánatúni. „Þetta er yndislegur staður í fallegu umhverfi. Við erum afar ánægð og viljum aldrei fara héðan út.“ gar@frettabladid.is

Heimamenn taka mið af vaxandi samkeppni og vilja efla Sögusetrið á Hvolsvelli:

Njála er með þekktari vörumerkjum

MENNINGARMÁL Sveitarstjórnarmenn í Rangárþingi eystra ætla að stuðla að eflingu Sögusetursins á Hvolsvelli. Um þetta hefur minnihluti sjálfstæðismanna í sveitarstjórn gert tillögu sem fulltrúar meirihlutans segja efnislega samhljóða tillögum menningarnefndar frá því í febrúar.

Í greinargerð með tillögu sjálfstæðismanna segir að mikið brautryðjendaverk hafi verið unnið þegar Sögusetrið var sett á laggirnar. „Síðan eru liðin mörg ár og samkeppnin einungis farið vaxandi með tilkomu margra glæsilegra sýninga í öðrum landshlutum sem tengjast sögulegri arfleifð okkar Íslendinga,“ segir í greinargerðinni. Ljóst sé að gera þurfi umtalsverðar endurbætur svo Sögusetrið laði fleiri að.

„Öflugt Sögusetur er lyftistöng fyrir orðstír sveitarfélagsins og verkar til styrktar aðilum í verslun og þjónustu í héraði. Því má ekki gleyma að Njála er með þekktari „vörumerkjum“, hún er án efa þekktasta fornsagan, innan lands sem utan, og persónur hennar víðfrægar. Það þurfum við í Rangárþingi eystra að nýta okkur með mun markvissari hætti heldur en nú er,“ segir með tillögunni. - gar

NÝTT Á ÍSLANDI!

AÐEINS UM HELGINA

OPIÐ Í DAG



EPLAGRÍS

Eplagrísir eru ræktaðir eftir danskri hefð af Guðbrandi Brynjúlfssyni og syni hans á Brúarlandi á Mýrum. Grísirnir eru hafðir 10 saman í stíu þar sem þeir hafa nægt rími til að þroskast. Þeir eru fóðraðir með eplum 2 sinnum á dag ásamt kjarnfóðri. Hverjum grís er gefið u.þ.b 0,5- 1kg af eplum á dag. Sem gerir kjötið einstaklega bragðgott. *Þetta verður þú að prófa!*

Snitsel
af eplagrís

Hnakkasneiðar
af eplagrís

Hakk
af eplagrís

Gúllas
af eplagrís

Kótilettur
af eplagrís

2012 GRÆNN APRÍL

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

SUMARDAGURINN FYRSTI



Miðborg
Um alla miðborgina
12.00 Ýmis konar dagskrá vegna barnamenningarhátíðar. Meðal annars er dagskrá í Þjóðminjasafninu, Ráðhúsinu og á Kjarvalsstöðum.

Þróttheimar
Holtavegi 11, 104 Reykjavík
11.00 Sýnd verða listaverk eftir börn og unglinga í hverfinu, útileikir, andlitsmálning og brjóstsykursgerð verða í boði. Boðið verður upp á grillaðar pylsur og fleira.

Lágafellsskóli
Lækjarhlíð 1, 270 Mosfellsbæ
13.00 Skrúðganga fer frá miðbæjartorgi að Lágafellsskóla. Þar verða leiktæki, þrautir og hoppukastalar auk skemmtiatriða og veitingasölu.

Íþróttahús Seltjarnarness
Suðurströnd 8, 170 Seltjarnarnesi
13.00 Skrúðganga frá sundlaug. Að henni lokinni verður dagskrá í og við íþróttahúsið. Einnig verður dagskrá í Seltjarnarneskirkju.

Tónabær
Safamýri, 108 Reykjavík
11.00 Fjölbreytt dagskrá fyrir utan félagsmiðstöðina Tónabæ og frístundaheimilið Álftabæ. Þar verða skemmtiatriði í boði barna og unglinga úr hverfinu, leiktæki, grillaðar pylsur og fleira til klukkan 13.

Rimaskóli
Rósarima, 112 Reykjavík
11.30 Dagskráin hefst með skrúðgöngu frá Spönginni að Rimaskóla. Fjölbreytt dagskrá verður svo til 14.00 í og við skólann, svo sem tónlistaratriði, danssýning og leiktæki.

Frostaskjól
Frostaskjól 2, 107 Reykjavík
11.30 Fjölskylduhátíð með fjölbreyttri dagskrá, bæði úti og inni. Frá 9 til 11 verður dagskrá í Vesturbæjarlaug og frítt í sund. Þá verður skrúðganga frá Melaskóla klukkan 11.

Guðríðarkirkja og Ingunnarskóli
Kirkjustétt 8, 113 Reykjavík
12.30 Skrúðganga fer frá Sæmundarskóla og að Guðríðarkirkju þar sem helgistund fer fram. Frá 13.30 verða hátíðarhöld við Grafarholtstorg þar sem ýmis dagskrá verður í boði.

Fífan
Dalsmára 5, 201 Kópavogi
14.00 Fjölskyldudagskrá í Fífunni til 16.00. Þar verða skemmtikraftar, hoppukastalar og margt fleira. Klukkan 11 er skátamessa í Kópavogskirkju og svo skrúðganga frá Digraneskirkju klukkan 13.30.

Árssel
Rofabæ 30, 110 Reykjavík
9.00 Frítt verður í sund í Árbæjarlaug milli 9 og 10.30. Skrúðganga fer svo frá lauginni að Árbæjarkirkju. Í kirkjunni verður messa klukkan 11. 11.30 hefst svo skemmtidagskrá á Árbæjartorgi.

Thorsplan
Autt svæði við hlið Strandgötu 24, 220 Hafnarfirði
14.00 Fjölskyldudagskrá verður í umsjón skáta. Fyrr um daginn verður skátamessa í Hafnarfjarðarkirkju og skrúðganga þaðan og að planinu.

Hólmasel
Hólmasel 4, 109 Reykjavík
11.00 Hátíðarhöld milli 11 og 14. Skemmtiatriði verða í höndum barna og unglinga ásamt því að óvænt uppákoma verður. Ýmis leiktæki verða á staðnum og kaffisala.

Hofsstaðaskóli
Skólabraut, 210 Garðabæ
14.00 Fjölbreytt skemmtidagskrá verður við Hofsstaðaskóla og kaffisala verður inni í skólanum. Klukkan 13 verður skátamessa í Vídalínskirkju og þaðan verður farin skrúðganga að skólanum.

Grímsbær
Efstaland 26, 108 Reykjavík
12.00 Sumargrill verður í Grímsbæ klukkan 12. Skrúðganga fer svo frá Grímsbæ að Bústaðakirkju. Þar verður samverustund. Fjölskyldudagskrá verður frá klukkan 14 í Víkingsheimilinu.

ÚTRÁSIN SEM TÓKST?

Íslenskar bókmenntir erlendis

Málþing í Norræna húsinu föstudaginn 20. apríl kl. 16-18.

STUTTAR FRAMSÖGUR

Laure Leroy, hjá forlaginu Zulma í Frakklandi: Viðtökur Afleggjara Auðar Övu Ólafsdóttur í Frakklandi.

Jón Kalman Stefánsson: Erum við ekki alveg örugglega frábær?

Coletta Bürling: Þjóðarsálin í þýskum búningi.

Jón Yngvi Jóhannsson: „Nýtt land í norrænum bókmenntum" - útrás íslenskra bókmennta um aldamótin 1900.

PALLBORÐSUMRÆÐUR UM ÍSLENSKAR BÓKMENNTIR ERLENDIS

Einar Már Guðmundsson, Hólmfríður Matthíasdóttir, Þorgerður Agla Magnúsdóttir og Pétur Már Ólafsson.

Að málþingi loknu verður boðið upp á léttar veitingar

Málþingið er haldið af Sögueyjunni í samvinnu við Rithöfundasamband Íslands og Félag íslenskra bókaútgefenda - með stuðningi Landsbankans.

SÖGUEYJAN ÍSLAND
BÓKASÝNINGIN Í FRANKFURT
HEIÐURSGESTUR 2011

Sumarkomu fagnað

Venju samkvæmt verður blásið til hátíðarhalda í dag í tilefni sumardagsins fyrsta. Í hverfum höfuðborgarsvæðisins verður skemmtidagskrá með hefðbundnu sniði en auk þess er fjöldi annarra viðburða boðaður á víð og dreif um borgina.

MENNING Skemmtidagskrá verður með hefðbundnu sniði í hverfum höfuðborgarsvæðisins í dag á sumardaginn fyrsta. Víðast hvar verða skrúðgöngur farnar í tilefni dagsins og boðið upp á veitingar. Þá verða leiktæki og skemmtiatriði fyrir börnin.

Á korti sem fylgir hér að ofan má sjá hvar hátíðarhöldin á höfuðborgarsvæðinu verða í dag. Nánari upplýsingar um tímasetningar, skemmtidagskrár og fyrirhugaðar skrúðgöngur má nálgast hjá sveitarfélögum og þjónustumiðstöðvum í hverfum Reykjavíkur.

Dagskráin í dag er fjölbreyttari en oft áður þar sem Barnamenningarhátíð í Reykjavík er haldin í annað skipti þessa dagana en henni fylgja viðburðir um alla borg. Dagskrá hátíðarinnar er að finna á vefsíðu hennar en nokkrir helstu viðburðir dagsins verða taldir upp hér að neðan.

Í Þjóðminjasafninu verður dagskrá helguð börnum fram eftir degi þar sem víkingafélagið Rimmugýgur mun meðal annars bregða á leik auk þess sem Brúðuleikhúsið mætir á svæðið. Í Listasafni Íslands munu nemendur við listkennsludeild Listaháskólans bjóða upp á fjölbreyttar listasmiðjur fyrir fjölskyldur frá kl. 11 til 17. Þá verður fjölbreytt dagskrá í Iðnó fram eftir degi þar sem áhugasömum verður meðal annars kennt að gera töfrabrögð og origami pappírsbrot.

STEMMNING Á SUMARDAGINN FYRSTA Dagskrá verður í Frostaskjóli og á fjölda annarra staða í dag.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Í Tjarnarbíói mun Kammersveit Reykjavíkur leika tvö ný tónverk fyrir forvitna grunnskólakrakka og þá mun Möguleikhúsið frumsýna Ástarsögu úr fjöllunum en sýningin hefst kl. 16.30. Í Þjóðleikhúsinu verður einnig sett upp leiksýning, fjölskyldusýningin Skýjaborg sem hefst kl. 15.30.

Loks mun Hestamannafélagið Fákur bjóða til opins dags á félagssvæði sínu þar sem borgarbúum er boðið að kynna sér starfsemi félagsins. Þar munu Reiðskóli Reykjavíkur og Faxaból auk þess bjóða börnum á hestbak þar sem teymt verður undir þeim.

Meðal annarra staða þar sem staðið verður fyrir skipulagðri dagskrá í dag eru Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn, Árbæjarsafn, Háskóli Íslands, Klambratún, Ráðhús Reykjavíkur og Nýlistasafnið.

Upptalningin hér er ekki tæmandi listi yfir viðburði í höfuðborginni í dag þar sem fjöldi annarra stofnana og félaga mun standa fyrir viðburðum.

magnusl@frettabladid.is

500 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir þessum farsíma!

Samsung Galaxy Y

2.290 kr. í 12 mán.

24.990 kr. stgr.

Heitasta sumargjöfin hjá Nova!

URBANEARS Bagis

5.990 kr.

URBANEARS Plattan

11.990 kr.

Vertu með Nova í sumar!

Diana mini Lomo myndavél

9.990 kr.

Diana Flash Lomo myndavél

14.990 kr.

Hlaupár hjá Nova!

Adidas iPhone hlaupataska

5.990 kr.

1.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir þessum farsíma!

Samsung Galaxy S II

6.490 kr. í 18 mán.

99.990 kr. stgr.

SPORTS TRACKER RunKeeper Tónlist

Settu hlaupa-App í Nova farsímann þinn og tónlistina í eyrun og náðu betri hlaupaárangri í sumar.

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Miðgarði Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | **m.nova.is** | Facebook | Twitter

Símnotkun fylgir með 0 kr. Nova í Nova og Eitt verð í alla, áskrift og frelsi.
Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkorti + 325 kr./mán. greiðslugjald. Það er ódýrara að staðgreiða og þá þarf ekki kreditkort.

DAGUR & STEINI

KOMINN Í SKÓLA Milljónir fátækra barna á Indlandi hafa nú í fyrsta sinn hafið skólagöngu, eftir að skólaskylda var í lög leidd. Þessi piltur er að biðja bænir í skóla úti undir berum himni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Auka eftirlit til að vernda vegakerfið og tryggja betur umferðaröryggi:

Vegagerðin fylgist með fóðurflutningum

VEGAMÁL Undanfarin ár hefur borið á því að of miklu hafi verið hlaðið á vöruflutningabíla sem flytja áburð, að því er fram kemur á vef Vegagerðarinnar.

„Að gefnu tilefni mun umferðareftirlit Vegagerðarinnar á næstunni veita þessum flutningum sérstaka athygli í þeim tilgangi að fyrirbyggja og fækka brotum," segir þar. Með því á bæði að tryggja aukið umferðaröryggi og vernda vegakerfið.

„Nú er hafinn tími áburðarflutninga um allt land. Á undanförnum árum hefur talsvert verið um þungabrot tengd þessum flutningum auk þess sem frágangi farms hefur í mjög mörgum tilfellum verið verulega áfátt," segir á vef Vegagerðarinnar.

Bent er á að vegna leysinga sé vegakerfið víða viðkvæmt og í mörgum tilfellum þörf á þungatakmörkunum til verndunar. „Mikilvægt er að flutningsaðilar hafi þetta í huga og kynni sér vel þær þyngdir sem leyfðar eru hverju sinni til að komist verði hjá kærum og fjárútlátum vegna sekta."

Þá minnir Vegagerðin á reglugerð um hleðslu, frágang og merkingu farms. Þar segir að farm ökutækis skuli skorða tryggilega og festa við ökutækið og ganga þannig frá að byrgi ekki útsýni ökumanns.

- óká

INNI Í VÖRUBÍL Farmur vöruflutningabíla á að vera tryggilega festur og hann má ekki byrgja ökumanni sýn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Danskt vindorkufyrirtæki:

Kínverjar vilja í vindmyllubransann

DANMÖRK Tvö kínversk vindorkufyrirtæki, Sinovel og Goldwind, eru sögð hafa mikinn áhuga á að kaupa danska vindorkufyrirtækið Vestas, að því er greint er frá á vef Jyllands-Posten.

Fréttin varð til þess að hlutabréf í danska fyrirtækinu hækkuðu um 15 prósent.

Kínversku vindorkufyrirtækin hyggjast færa út kvíarnar en ekki þykir víst að þeim takist að kaupa Vestas vegna flókinnar samsetningar eigenda.

Jafnframt þykir óvíst hvort Kínverjar séu reiðubúnir að reiða fram þá mörgu milljarða sem þarf til þess að fá eigendur til að selja hlutabréf sín. - ibs

REYKJAVÍKURBORG

Truflandi næturfótbolti

Íbúar í nágrenni svokallaðs battavallar við Réttarholtsskóla kvarta ítrekað yfir miklum hávaða og ónæði sem þeir segja stafa af knattspyrnuiðkun ungmenna á vellinum seint um kvöld og að næturlagi. Þetta kemur fram í fundargerð hverfisráðsins sem hyggst beita sér fyrir lausn á málinu í samvinnu við lögregluyfirvöld, borgina og stjórnendur Réttarholtsskóla.

Hætt við styttingu hringvegar

Innanríkisráðherra hefur fallist á sjónarmið sveitarfélaga sem lagst hafa gegn hugmyndum um styttingu hringvegarins. Blönduós og Varmahlíð verða áfram við hringveginn. Vegamálastjóri sendi bréf í vikunni.

VEGAMÁL Innanríkisráðherra hefur ákveðið að Vegagerðin skuli ekki vinna áfram að tillögum um tilteknar breytingar á legu hringvegarins í sveitarfélaginu Skagafirði, Blönduósbæ og Húnavatnshreppi. „Samkvæmt því dregur Vegagerðin til baka kröfur um að hugsanlegar veglínur verði sýndar á aðalskipulagi sveitarfélaganna," segir í bréfi sem Hreinn Haraldsson vegamálastjóri skrifaði viðkomandi sveitarfélögum síðasta þriðjudag.

Í bréfi sem Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra skrifaði vegamálastjóra, dagsettu 13. apríl síðastliðinn, óskar hann eftir því að Vegagerðin sendi sveitarfélögunum bréf. „Fyrir liggur að ég hef tekið ákvörðun er varðar innanríkisráðuneytið og stofnanir þess í samráði við sveitarfélögin á þessu svæði um að ekki verði gerðar tillögur um flutning á hringveginum frá Blönduósi yfir á nýja Svínvetningabraut né flutning hans til suðurs frá Varmahlíð," segir Ögmundur í bréfinu. Hann vísar til fyrri samskipta við sveitarfélögin í kjölfar skoðanaskipta á ársþingi Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra [SSNV] í ágúst. „Ég lít svo á að flutningur hringvegarins á þessum stöðum eigi ekki að vera viðfangsefni skipulagsyfirvalda nema sveitarfélögin óski sjálf eftir því," segir hann í bréfi til SSNV í lok nóvember í fyrra.

> Fyrir liggur að ég hef tekið ákvörðun er varðar innanríkisráðuneytið og stofnanir þess í samráði við sveitarfélögin.
>
> **ÖGMUNDUR JÓNASSON**

Sveitarfélögin á svæðinu hafa mótmælt harðlega hugmyndum um styttingu þjóðvegarins. Í þingsályktunartillögu um styttingu þjóðvegarins með lagningu nýs vegar á Svínavatnsleið, sem Sigmundur Ernir Rúnarsson, þingmaður Samfylkingar ásamt þingmönnum fleiri flokka lagði fram á þingi fyrir áramót, er bent á að þjóðhagslegur ávinningur væri af því að stytta leiðina. „Lagning Svínavatnsleiðar mun, auk styttri aksturleiðar og þar með minni aksturs, skemmri aksturstíma og minni losunar mengandi efna, án efa leiða til aukins umferðaröryggis, minni kostnaðar fyrir ökumenn, og minni flutningskostnaðar svo og fjölbreyttara leiðavals ökumanna," segir í greinargerðinni.

olikr@frettabladid.is

BLÖNDUÓS Sveitarstjórnarmenn hafa mótmælt harðlega hugmyndum um styttingu hringvegarins sem fært hefði bæði Blönduós og Varmahlíð úr alfaraleið hringvegarins um landið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Skipulagsvaldið er hjá sveitarfélögunum

Breytingar á legu vega eru yfirleitt gerðar í samráði og samvinnu við sveitarfélög á hverjum stað, segir Hreinn Haraldsson vegamálastjóri. Hann segir styttingu hringvegarins með Svínvetningaleið eða færslu suður frá Varmahlíð ekki hafa staðið til í bráð. „Þetta er ekki inni á 12 ára samgönguáætlun en við höfum hins vegar viljað hafa þetta inni á skipulagi sveitarfélaganna, en ráðherra hefur ákveðið að það skuli ekki gert," segir hann. Margt í ráðleggingum Vegagerðarinnar nái ekki fram að ganga. „Stjórnvöld stjórna þessu eins og ýmsu öðru. Það er bara eins og gengur að ekki er alltaf farið eftir því sem við vildum helst og þýðir ekkert að sýta það." Hugmyndirnar um styttingu þjóðvegarins hafa mætt veigamikilli andstöðu heima fyrir. „Sveitarstjórnirnar hafa ekki getað gengið frá sínum aðalskipulagstillögum vegna óska okkar um að þetta verði inni. Því hefur verið þrýst mjög á um að þetta verði afgreitt," segir Hreinn, en almennt fara sveitarstjórnir með skipulagsvaldið á hverjum stað. „Það er ekki hægt að keyra yfir þeirra vilja í framkvæmdum. Þær gefa leyfi fyrir öllum nýjum framkvæmdum og hafa þannig í hendi sér hvað þær heimila og hvað ekki."

HREINN HARALDSSON

Atvinnumálanefnd Ísafjarðar varar við frumvarpi:

Telja auðlindagjald munu fimmfaldast

SVEITARSTJÓRNIR Meirihluti atvinnumálanefndar Ísafjarðarbæjar segir verulega annmarka á frumvarpi sjávarútvegsráðherra um stjórn fiskveiða. 87 prósent af aflaheimildum séu á landsbyggðinni og breytingarnar komi því harðast niður þar.

„Á Vestfjörðum var auðlindagjaldið á síðasta ári 255 milljónir. Með nýja frumvarpinu verður það hins vegar um 1,4 milljarðar, þar af 1,2 á norðanverðum Vestfjörðum," segir atvinnumálanefndin og vísar þar í útreikninga Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða.

Svo mikla aukningu á skattheimtu af burðarfyrirtækjum á svæðinu sé ekki hægt að samþykkja. „Sérstaklega ekki meðan ótryggt er að nokkuð af þeim tekjum skili sér aftur til uppbyggingar í Ísafjarðarbæ. Eins er engin vissa fyrir því að það sem skilar sér vegi upp það tap sem sveitarfélög verða fyrir vegna þess útsvars sem tapast," segir atvinnumálanefndin. „Líklegt er að störfum muni fækka enn frekar en orðið er og laun lækka hjá sjómönnum og fiskvinnslufólki, sem hafa mun áhrif á útsvar sveitarfélaga. Þá mun draga verulega úr fjárfestingu fyrirtækja í greininni með tilheyrandi afleiðingum fyrir minni þjónustufyrirtæki."

ÍSAFJÖRÐUR Vestfirsk fyrirtæki greiddu 255 milljónir í auðlindagjald í fyrra. Ísfirðingar segja ekki hægt að samþykkja margföldun á gjaldinu. MYND/HALLDÓR SVEINBJÖRNSSON

Þá segir nefndin ekki sátt vera um skerðingu á kvóta núverandi handhafa, til að mynda potta fyrir nýliða. „Þar er í einhverjum tilfellum verið að hygla áhugamönnum á kostnað atvinnumanna," segir nefndin sem hins vegar kveður væntanlega hægt að ná „einhverri sátt" um þær greinar frumvarpsins er varða nýtingarsamninga og pottafyrirkomulag. „Með nýtingarsamningum til 20 ára, og möguleika á framlengingu, ættu fyrirtæki að geta skipulagt sig til framtíðar. **- gar**

Ertu að leita upplýsinga?
www.suzuki.is

SUZUKI

SUZUKI
Way of Life!

Komdu og reynsluaktu

SUZUKI SWIFT

Nú stærri og rúmbetri með einstaklega sparneytinni 94 hestafla vél.

Beinskiptur, sjálfskiptur, 4x4. Verð frá 2.550 þús.
Meðaleyðsla fra 5.0L/100 km

SUZUKI GRAND VITARA

Söluhæsti jeppinn á Íslandi síðastliðin 3 ár.

Með öflugri 2.4L 169 hö/vél
Verð frá 5.450 þús., beinskiptur.
Meðaleyðsla 9.0L/100 km

SX4 SPORTJEPPLINGUR.

Sparneytin vél, ný innrétting, aukinn búnaður og síðast en ekki síst hagstætt verð.

Með 1,6L vél. Verð kr. 3.650 þús. Meðaleyðsla 6,5 L/100 km, beinskiptur

Kizashi er fjórhjóladrifinn fólksbíll í millistærðarflokki

Sportlegur, aflmikill, vandaður og með frábæra aksturseiginleika. Bíll sem keppir við þá bestu!

2,4L vél. Verð 5.880 þús. Meðaleyðsla 8,3L/100km

Alto. Sparneytinn borgarbíl sem fær frítt í stæði í miðbænum!

Hagstætt verð, ódýr í rekstri.
Verð kr. 1.790 þús. beinskiptur.
Meðaleyðsla 4,4L/100km.

Upplifðu einstaka aksturseiginleika Jimny. Handskiptur, sjálfskiptur

Verð frá kr. 3.350 þús.
Meðaleyðsla frá 7,3L/100km, beinskiptur.

FYRIR SKYNSAMT FÓLK

TRAUST UMBOÐ Í YFIR 40 ÁR

SUZUKI

SUZUKI BÍLAR HF · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100 · WWW.SUZUKI.IS

Hugtök Markaðsráðgjöf, April 2012

LEIKUR AÐ MÚS Þessi köttur var upptekinn við að leika sér að bráð sinni þegar nærstaddur ljósmyndari smellti af. NORDICPHOTOS/AFP

Ráðherra telur RÚV mega gera betur í textun fyrir heyrnarlausa í sjónvarpinu:

Margfalt meira efni textað nú til dags

FJÖLMIÐLAR Textun á innlendu sjónvarpsefni á RÚV hefur tæplega fimmtánfaldast á síðustu tíu árum. Árið 2002 voru um sautján klukkustundir af íslensku efni textaðar í sjónvarpinu en árið 2011 voru þær 248.

Þetta kemur fram í svari Katrínar Jakobsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra, við fyrirspurn Margrétar Tryggvadóttur, þingmanns Hreyfingarinnar. Margrét spurði ráðherra eftir hvaða reglum RÚV færi við textun á innlendu sjónvarpsefni til að auðvelda heyrnarskertum að fylgjast með og hvort hún teldi reglurnar fullnægjandi.

KATRÍN JAKOBSDÓTTIR

Í skriflegu svari Katrínar segir að Ríkisútvarpið hafi náð því markmiði að texta alla forunna innlenda þætti, líkt og kveður á um í lögum. Þó telur ráðherra að það megi alltaf gera betur.

„Komið hefur fyrir að textaborðar hafi gleymst við útsendingar vegna óvæntra atburða. Þá eru endursýningar mikilvægra funda, sem búið er að texta, stundum sýndar seint að kveldi. Beinar útsendingar eru ekki textaðar, og á það til dæmis við um fréttir og spjallþætti," segir ráðherra í skriflegu svari sínu til Margrétar.

- sv

RÍKISSJÓNVARPIÐ RÚV textar nær fimmtán sinnum meira innlent efni í dag en fyrir tíu árum síðan. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Mistök umhverfisstofnunar:

Draga áminningu til baka

UMHVERFISMÁL **Umhverfisstofnun hefur afturkallað áminningu sem var veitt Nesskel vegna frávika frá starfsleyfi fyrirtækisins.**

Að því er fram kemur á ust.is var áminningin veitt 2. apríl þar sem ekki hafði borist frá fyrirtækinu staðfesting, eða áætlun, um úrbætur vegna frávikanna.

„Nú hefur komið í ljós að umrædd gögn voru send Umhverfisstofnun 22. mars sl. en voru ekki höfð til hliðsjónar við vinnslu málsins vegna mistaka við skráningu," segir á vef stofnunarinnar. - óká

Endurbætur í Christchurch eftir jarðskjálftann 2010:

Ætla að byggja kirkju úr pappa

KIRKJAN Svona á 25 metra há pappadómkirkja að líta út. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

NÝJA SJÁLAND, AP Til stendur að byggja 25 metra háa dómkirkju úr pappa í borginni Christchurch á Nýja Sjálandi. Gamla dómkirkjan eyðilagðist í miklum jarðskjálfta sem reið yfir borgina haustið 2010.

Sæti verða fyrir um 700 manns í nýju kirkjunni, sem á þó að vera einungis til bráðabirgða. Húsið er hannað af japönskum arkitekt sem hannaði pappírskirkju fyrir borgina Kobe í Japan, eftir að jarðskjálfti reið þar yfir árið 1995. Pappakirkjan í Christchurch er ætluð til þess að þjónusta sóknina þar til gamla kirkjan verður endurbyggð. Þó er talið að hún geti staðið í allt að tuttugu ár.

- sv

Í RÉTTARSALNUM Saksóknarinn Inga Bejer Engh, lengst til vinstri á myndinni, ræðir við verjendur Breiviks, þau Geir Lippested og Vibeke Hein Bæra. NORDICPHOTOS/AFP

Segir allt reynt til að gera sig hlægilegan

Saksóknari spurði Anders Behring Breivik ítarlega út í „Musterisriddarana", grasrótarhreyfingu herskárra þjóðernissinna. Hreyfingin virðist varla vera til. Breivik vill frekar dauðarefsingu en fangelsisdóm.

NOREGUR „Ég lít svo á að fangelsisdómur upp á 21 ár sé aumkunarverður," sagði Anders Behring Breivik fyrir rétti í Noregi í gær. Hann sagði það eina rétta í málinu að fá annað hvort dauðarefsingu eða verða látinn laus.

„Ef ég hefði óttast dauðann þá hefði ég ekki þorað að framkvæma þessa aðgerð," sagði hann um fjöldamorðin í Ósló og á Úteyju í sumar. Hann sagðist ekki hafa reiknað með því að komast lífs af sjálfur.

Í norskum lögum er ekki gert ráð fyrir dauðarefsingu. Hann á yfir höfði sér refsingu upp á að minnsta kosti 21 ár í fangelsi, verði hann á endanum talinn sakhæfur.

Spurningar saksóknara beindust í gær, á þriðja degi réttarhaldanna, einkum að því að kanna hvort Breivik hefði verið í tengslum við skoðanabræður sína við undirbúning fjöldamorðanna, eins og hann sjálfur hefur haldið fram.

Hann segist vera meðlimur í grasrótarhreyfingu herskárra þjóðernissinna, sem hann kallar Musterisriddarana. Hann segist meðal annars hafa ferðast til London og til Líberíu í tengslum við baráttu sína gegn fjölmenningarsamfélaginu. Hann segist þó eingöngu hafa verið í sambandi við tvo aðra einstaklinga og þeir myndi hver fyrir sig „einmenningssellu" herskárra þjóðernissinna, eins og hann orðar það.

Saksóknarar segjast draga fullyrðingar hans um Musterisriddarana mjög í efa, en vildu ekki taka afstöðu til þess hvort hann sé haldinn ranghugmyndum, sem myndi benda til þess að hann sé ekki sakhæfur.

ANDERS BEHRING BREIVIK Hann vill frekar vera dæmdur til dauða en að þurfa að dúsa í fangelsi. NORDICPHOTOS/AFP

> Ef ég hefði óttast dauðann þá hefði ég ekki þorað að framkvæma þessa aðgerð
>
> **ANDERS BREIVIK**

Sjálfur kvartar hann undan því að saksóknararnir taki sig ekki nógu alvarlega og reyni að svipta sig trúverðugleika: „Ég fer fram á að þú leggir minni áherslu á að gera mig hlægilegan," sagði hann við Ingu Bejer Engh, annan tveggja saksóknara í málinu.

Sjálfur hefur hann ítrekað sagt að hann hafi í yfirlýsingum sínum og áróðursmyndbandi reynt að gera sem mest úr öllu.

„Ekkert af þessu er uppspuni, en þú þarft að skoða í samhengi það sem er sagt. Það er verið að upphefja ákveðnar hugsjónir," sagði hann. gudsteinn@frettabladid.is

Með fróðleik í farnesti

– gönguferðir Háskóla Íslands og Ferðafélags Íslands

Reynsla og þekking fararstjóra Ferðafélagsins og þekking kennara og vísindamanna Háskólans blandast saman í fræðandi og fjörlegum gönguferðum og nú hjólaferðum. Farið er um höfuðborgarsvæðið og næsta nágrenni þess. Þátttaka er ókeypis og allir eru velkomnir.

21. apríl
Kræklingaferð í Hvalfjörð
Gísli Már Gíslason og Halldór Pálmar Halldórsson leiða ferð á slóðir kræklingsins í Hvalfirði.
Lagt verður af stað frá Öskju kl. 10.30.

5. maí
Landfræði á hjólum: Rýnt í borgarlandslagið
Karl Benediktsson leiðir hjólaferð um miðborgina og nágrenni.
Lagt verður af stað frá Öskju kl. 11.
Þátttakendur mæti á hjóli.

27. maí
Lífríki Vífilsstaðavatns og nágrennis
Hrefna Sigurjónsdóttir og Sigurður Snorrason leiða gönguferð við Vífilsstaðavatn. Ferðin er sérstaklega sniðin að börnum, ungmennum og fjölskyldum.
Lagt verður af stað frá bílastæðinu við Vífilsstaðavatn kl. 14.

8. september
Þjóðsögur, draugasögur, hjátrú og vikivaki
Kristín Einarsdóttir leiðir hjólaferð, með aðstoð Þjóðbrókar, félags þjóðfræðinema.
Lagt verður af stað frá Sólfarinu við Sæbraut kl. 11.
Þátttakendur mæti á hjóli.

6. október
Söguslóðir ljósmæðra í 250 ár
Helga Gottfreðsdóttir leiðir gönguferð um slóðir 250 ára sögu ljósmæðra.
Lagt verður af stað frá Skólavörðustíg 11 kl. 11.

Sjá nánar í viðburðadagatali á www.hi.is.

VALITOR Valitor er stuðningsaðili Ferðafélags Íslands.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Icelandair hótel Reykjavík Marina

Nýr tónn í litrófi miðbæjarins

REYKJAVÍK MARINA
Icelandair Hotels

Nýtt og glæsilegt hótel við höfnina

Við höfnina slær jafnan hjarta sérhvers bæjar og Reykjavíkurhöfn er engin undantekning. Hér var aflanum landað. Hér var skipað upp varningi sem fékkst fyrir fiskinn. Hér streymdu ferðalangar frá borði og sumir með Nóbel eða Konungsbók eddukvæða. Hér var Reykjavík í sambandi við hinn stóra heim.

Og enn tekur hjarta Reykjavíkur kipp með opnun Icelandair hótel Reykjavík Marina sem er nýstárlegur og litríkur samastaður heimafólks og ferðalanga sem vilja vera í hringiðu lista- og menningarlífs og anda að sér ilmandi atvinnusögu borgarinnar.

Slippbarinn á jarðhæðinni, með kokteila sína og vandaðan vínlista, skapar kjörið tilefni til að sjá gamla Slippinn frá nýju sjónarhorni og skoða þetta bogadregna hús sem flestir Reykvíkingar þekkja en færri hafa haft ástæðu til að heimsækja.

Velkomin á Reykjavík Marina!

ENNEMM / SÍA / NM34792

Icelandair hótel Reykjavík Marina, Mýrargötu 2-8
Nánari upplýsingar og bókanir: icelandairhotels.is eða í síma 444 4000

Icelandair Hotels
www.icelandairhotels.com

REYKJAVÍK NATURA · REYKJAVÍK MARINA · Í KEFLAVÍK · FLÚÐIR · KLAUSTUR · HÉRAÐ · AKUREYRI · HAMAR

KARNIVAL 2012
OPINN DAGUR Á ÁSBRÚ

19. apríl, kl. 13.00–16.00

Hinn árlegi Opni dagur á Ásbrú á sumardaginn fyrsta.
Verið velkomin að fagna sumrinu með okkur á Ásbrú í Reykjanesbæ.

KVIKMYNDAVERIÐ
Atlantic Studios

Karnivalstemning og fjör
fyrir alla fjölskylduna

Karnivalbásar með ýmsum skemmtilegum þrautum og fjöri, hryllilega skemmtilegt draugahús, hoppukastalar, frí andlitsmálun, Pollapönk, danssýningar frá Bryn Ballett, klappstýruatriði frá Fimleikadeild Keflavíkur, sölubásar með ýmsu góðgæti, fornbílaklúbbur sýnir ameríska kagga, Bifhjólasamtökin Ernir sýna hjólin sín ásamt risatrukkum Akstursíþróttafélags Suðurnesja.

Þá verða lögreglu-, sjúkra- og slökkviliðsbílar til sýnis.

Herþota á staðnum

KARNIVAL

Á tímum Varnarliðsins héldu íbúar árlegt KARNIVAL í fjáröflunarskyni. Íslendingar voru þá boðnir velkomnir í fjörið og gátu keypt ameríska vörur og tekið þátt í skemmtilegum karnivalleikjum. Nú höldum við Ásbrú-ingar KARNIVAL með sama sniði og bjóðum alla velkomna til að skemmta sér og sínum.

Pollapönk skemmtir kl. 13.30

Kíktu í Draugahúsið

Ekki er leyfilegt að koma með hunda á viðburðinn.

Karnival – Sölubásar – Hoppukastalar – Draugahús – Dansatriði

ÁSBRÚ
Í REYKJANESBÆ

Ásbrú er eitt mest spennandi frumkvöðlasvæði landsins. Hér er stór háskólagarður, spennandi nám hjá Keili, kvikmyndaver, heilsuþorp í fararbroddi í heilsuferðamennsku, tækniþorp með alþjóðlegt gagnaver og fjöldi áhugaverðra sprotafyrirtækja. Mikil uppbygging er á svæðinu og má þar nú meðal annars finna leikskóla, grunnskóla og veitingastað.

PIPAR\TBWA • SÍA • 120885

NASA
GEIMFERÐASTOFNUN BANDARÍKJANNA

Komdu og skoðaðu alvöru geimbúning.

FYRIRLESTUR NASA KL. 13.00 Í KEILI

KEILIR

Sannkölluð skólastemning – endalausir möguleikar

Geimferðastofnun NASA kynnir verkefni sín og sýnir geimbúning

Klassart leikur ljúfa tóna milli kl. 14 og 15

Prófaðu að lenda flugvél í glæsilegum flughermi

ÍAK einkaþjálfarar veita góð ráð og bjóða upp á hreyfigreiningar

Keilir kynnir námsframboð í
· Flugakademíu
· Tæknifræði
· Íþróttaakademíu
· Háskólabrú

Róbótar, efnafræðitilraunir, balletsýning og úrval skemmtilegra atburða

Kakó og kökur í boði Skólamatar

Allir velkomnir að skoða húsakynni Keilis

HEIMILI

Íbúð á Ásbrú verður til sýnis fyrir gesti.

Pollapönk – Herþota – NASA fyrirlestur – Frí andlitsmálun

Kadeco
Kadeco er þróunarfélag sérhæft í fasteigna-þróun, verkefnum sem auka samkeppnishæfni fyrirtækja á Reykjanesi og verkefnum sem efla frumkvöðlamenningu á Reykjanesi.

Kadeco®
Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar
Sími 425 2100 | fyrirspurnir@kadeco.is

Keilir
Keilir er alhliða menntafyrirtæki sem leggur áherslu á nýsköpun og hefur verið frumkvöðull nokkurra námsgreina á Íslandi. Má þar nefna Háskólabrú, Íþróttaakademíuna og Orku- og tækniskólann. Auk þess hefur Flugakademían verið leiðandi í flugnámi á Íslandi.

Keilir
Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs



784 **KRÓNUR** var meðalverðið á kílói af slægðri og hausaðri ýsu í febrúar síðastliðnum. Verðið hafði hækkað um rúman helming frá árinu 2008, þegar kílóverðið var 505 krónur.

Nýjungar í samgöngum á Íslandi spara fé:

Far í boði á vefsíðum

Bílfarsvefir eru viðbót við almennar samgöngur sem ekki nýtast alltaf sem skyldi. Vefirnir eru vettvangur fyrir þá sem vilja bjóða öðrum far í einkabíl og þá sem vilja nýta far sem býðst.

Á vefnum bilfar.is hefur verið útbúin gjaldskrá sem notendur geta stuðst við og segir á vefnum að miðað sé við að um hámarksgjald sé að ræða fyrir hvern og einn farþega. Vefurinn samferda.is býður einnig upp á þjónustu fyrir þá sem vilja skipta bensínkostnaði á milli sín með því að ferðast saman á einum bíl.

Vefsíðan skutl.is er fyrir nemendur í Háskóla Íslands sem vilja draga úr ferðakostnaði. Á vefnum segir að þjónustusvæði vefsíðunnar sé suðvesturhornið frá Borgarnesi til Hvolsvallar.

Vefsíðan eyjaskutl var stofnuð sem viðbót við þær samgöngur sem í boði eru til og frá Bakkafjöru, að því er segir á síðunni. Þar skrá þeir sig sem vantar farþega eða skutl.

Á FERÐ Kostnaðurinn dreifist á fleiri séu bílarnir samnýttir. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

■ **Fatastærðir**

Buxurnar víðari þótt númerin séu þau sömu

Síðbuxur í stærð 14 í Bretlandi eru nú yfir 10 cm víðari í mittið heldur en buxur í þessari stærð voru á áttunda áratug síðustu aldar. Þetta eru niðurstöður útreikninga sem gerðir voru á vegum Tímaritsins The Economist og greint er frá á vefsíðunni e24.no. Þar segir jafnframt að stærð númer 14 í Bretlandi sé í raun sú stærð sem áður var númer 18. Stærð númer 10 hafi áður verið stærð 14. Leiðarahöfundur The Economist telur ástæðu til að hafa áhyggjur af því að of þungar konur sjái ekki ástæðu til að borða minna þegar þær passi alltaf í sömu fatastærðina. Þrjár af hverjum fimm breskum konum eru sagðar of þungar.

GÓÐ HÚSRÁÐ Skínandi hrein glerílát

Salt og edik gefur gljáann

Flestir kannast við að eiga könnur, vasa eða karöflur úr gleri sem verður matt við notkun. Þetta er vitaskuld hvimleitt, en gott húsráð er að setja hnefafylli af salti og tvær teskeiðar af glæru ediki ofan í viðkomandi ílát. Svo er bara að hrista vel og skola. Einnig er hægt að nota glært edik, vatn og dálítið af grófum sandi í sama tilgangi. Til að sjá til þess að glerglös haldi gljáa er gott að nudda þau með þunnri blöndu af lyftidufti og vatni, skola svo vel og þurrka vandlega.

(Heimild: Kvenfélagið Björk)

Saltneysla barna tvöfalt meiri en ráðlagt er

Börn sem neyta of mikils salts geta fengið hækkaðan blóðþrýsting. Saltneysla íslenskra barna er tvöfalt meiri en ráðlagt er. Neysla fullorðinna Íslendinga er yfir ráðleggingum. Embætti landlæknis hefur unnið að því að draga úr saltneyslu landsmanna.

SKYNDIMATUR Pitsa með kjötáleggi og osti getur innihaldið mikið magn salts.

„Við höfum unnið með Landssambandi bakarameistara um að minnka saltmagn í brauðum. Það er á dagskrá hjá okkur að halda því áfram og vinna einnig með fleirum, en auk brauða kemur salt að stórum hluta úr unnum kjötvörum, tilbúnum réttum og ostum," segir Hólmfríður Þorgeirsdóttir, næringarfræðingur hjá Embætti landlæknis.

Hún segir könnun á mataræði landsmanna 2010 til 2011 sýna að mataræði þeirra hafi þokast nær ráðleggingum um heilsusamlegt mataræði miðað við könnun sem gerð var 2002. Saltneyslan sé þó enn of mikil og komi 75 prósent af saltinu sem neytt er úr unnum matvælum.

Rannsókn á næringu og heilsu á vegum Rannsóknastofu í næringarfræði við Háskóla Íslands og Landspítalann árið 2007 á mataræði 3 og 5 ára barna sýndi að neysla á salti væri tvöfalt meiri en ráðlegt er. „Ráðleggingar byggjast á orkuþörf og ekki er gerður kynjamunur hjá yngstu börnunum. Rannsóknin leiddi í ljós að meðalneysla 3 ára barna var 5,25 g á dag en hjá 5 ára börnum var hún 6 g á dag. Þetta er tvöfalt meira en ráðlagður skammtur sem er 2,65 g á dag," segir Inga Þórsdóttir, prófessor og forstöðumaður rannsóknastofunnar.

Hún segir niðurstöður rannsókna á saltneyslu eldri barna og unglinga einnig sýna að saltneyslan sé tvöfalt meiri en ráðlagt er. „Rannsókn á mataræði 9 ára barna, sem gerð var á árunum 2003 til 2004, sýndi að meðalsaltneyslan var 7 g á dag. Hjá 15 ára börnum var hún tæplega 9 g á dag en 15 ára drengir neyttu 10 g á dag."

Samkvæmt rannsókn á vegum Tækniháskólans í Danmörku er saltneysla danskra barna, allt niður í 1 til 3 ára, tvöfalt meiri en ráðlegt er, að því er greint er frá á vef danska blaðsins Jyllands-Posten. 70 prósent af saltinu sem neytt er koma úr unnum matvælum. Aðeins 15 prósent er salt sem sett er út í grautinn eða stráð yfir matinn við matarborðið.

Könnun á vegum danskra neytendasamtaka hefur leitt í ljós að 83,4 prósent foreldra í Danmörku skoða aldrei eða sjaldan hversu mikið salt matvörur innihalda.

Hólmfríður segir mikilvægt að huga að því að lesa á umbúðum matvæla hversu mikið salt þau innihalda. „Það er til dæmis skylda að merkja natríummagn á unnum kjötvörum."

Að sögn Hólmfríðar er meðalneysla íslenskra karla á salti að minnsta kosti 9,5 g á dag en kvenna að minnsta kosti 6,5 g. „Samkvæmt ráðleggingum á saltneysla karla að vera undir 7 g á dag en kvenna undir 6 g."

Meðalneysla danskra karla á salti er 9 til 11 g á dag en danskra kvenna 7 til 8 g. Verulega minnkun saltneyslu kann að fækka hjarta- og æðasjúkdómum um 5 til 15 prósent, að því er segir á vef Jyllands-Posten.

Þar segir jafnframt að danska matvælastofnunin mæli með því að borðaður sé hafragrautur í stað til dæmis havrefras eða kornflagna. Jafnframt að aðeins sé kjötálegg sett ofan á eina rúgbrauðssneið.

ibs@frettabladid.is

blainaglinn.is

Fylgstu með Bláa naglanum á Facebook

BLÁI NAGLINN

FJÁRÖFLUNARÁTAK OG VITUNDARVAKNING UM BLÖÐRUHÁLSKIRTILSKRABBAMEIN

Sala Bláa naglans hefst í dag um land allt

Takið vel á móti sölufólki

BLÁI NAGLINN er átak til vitundarvakningar um krabbamein í blöðruhálskirtli en jafnframt fjáröflunarátak til styrktar rannsóknum, fræðslu og tækjakaupum. Á ári hverju greinast á Íslandi um 220 karlmenn með blöðruhálskirtilskrabbamein. Um 50 íslenskir karlmenn deyja af völdum þessa sjúkdóms á hverju ári.

Allur ágóði af fjáröflun Bláa naglans mun að þessu sinni renna til kaupa á nýjum línuhraðli fyrir Landspítala háskólasjúkrahúsi (LSH). Línuhraðall er tæki sem notað er við geislunarmeðferð krabbameinssjúklinga og nýtist körlum, konum og börnum. Stöðugt er verið að þróa þá tækni sem hjálpar okkur í baráttunni við krabbamein og nú er þörf á nýrra og nákvæmara tæki. Áætlaður kostnaður við kaup á nýjum línuhraðli er um 400 milljónir króna eða rétt rúmar 1.200 krónur á hvert mannsbarn á Íslandi.

Þú getur sýnt stuðning með því að …

… kaupa **Bláa naglann á 1.000 kr.** hjá söluaðilum
… greiða 1.000, 5.000 eða 10.000 kr. með greiðslukorti gegnum heimasíðuna **blainaglinn.is**.
… skuldfæra 1.000 kr. á símreikning með því að hringja í símanúmerið **908 1101**
… leggja inn upphæð að eigin vali inn á reikning átaksins í Íslandsbanka. **Reikningsnúmerið er 537-14-405656, kt. 450700-3390.**

Blái naglinn fæst hjá sölufólki og í verslunum Húsasmiðjunnar um land allt.

VERTU NAGLI – SÝNDU STUÐNING

BLÁI NAGLINN GÓÐGERÐARFÉLAG
SÍMI 775 1111
blainaglinn@blainaglinn.is
www.blainaglinn.is

HÚSASMIÐJAN er bakhjarl Bláa naglans

40% **AUKNING** varð á aflaverðmætum íslenskra fiskiskipa í janúar síðastliðnum. Aflaverðmætin námu 12,6 milljörðum króna í janúar samanborið við 9 milljarða á sama tíma í fyrra.

Í VESTMANNAEYJUM Forstjóri og stjórnarformaður Bygma ásamt forstjóra Húsasmiðjunnar kanna aðstæður í Eyjum. MYND/HÚSASMIÐJAN

Blómaval kemur til Vestmannaeyja í fyrsta sinn:

Húsasmiðjan opnar verslun í lok sumars

VERSLUN Húsasmiðjan opnar í sumarlok nýja verslun að Græðisbraut 1 í Vestmannaeyjum.

Fram kemur í tilkynningu að verslunin verði um 1.100 fermetrar að stærð, tvöfalt stærri en núverandi verslun. „Þá bætist við verslun Blómavals, sem til þessa hefur ekki haft starfsemi í Vestmannaeyjum."

Peter Christiansen, eigandi Bygma-keðjunnar sem nú á einnig Húsasmiðjuna, skoðaði húsakynni nýju verslunarinnar í gær. Hann segir að Bygma vilji byggja upp með Húsasmiðjunni á landsbyggðinni. **- óká**

Dohop skilaði hagnaði í fyrsta sinn í fyrra:

Dohop tilnefnt til asískra verðlauna

FROSTI SIGURJÓNSSON

Dohop var í gær tilnefnt til Asia Pacific 2012 Online Travel Innovation Awards í flokki flugleitarvéla fyrir ferðavefinn www.dohop.com. Tilkynnt verður um sigurvegarann á ráðstefnu í Singapore 10. maí næstkomandi.

TravelMole, sem veitir verðlaunin, segir að þau séu ætluð sem viðurkenning fyrir þau fyrirtæki í ferðaiðnaðinum sem nota „vefsíður, samfélagsmiðla eða farsímalausnir sem ná út fyrir það hefðbundna og heilla viðskiptavini og notendur."

Dohop var stofnað árið 2004 og vann verðlaun frá TravelMole í öðrum flokki tveimur árum síðar, en fyrirtækið er nú tilnefnt í annað sinn. Í tilkynningu frá Dohop vegna tilnefningarinnar segir að fyrirtækið hafi í fyrsta sinn skilað rekstrarhagnaði á árinu 2011. Í síðasta birta ársreikningi fyrirtækisins kemur fram að það hafi tapað samtals 112,5 milljónum króna á árunum 2009 og 2010. Tveir hluthafar eiga meira en 10% hlut í Dohop, stjórnarformaðurinn Frosti Sigurjónsson, sem á 32% hlut, og Nýsköpunarsjóður Íslands, sem á 10,3% hlut. **- þsj**

Economic Behavior and Institutions Revisited
Ráðstefna til heiðurs Þráni Eggertssyni
20. - 21. apríl 2012

Hagfræðideild og Viðskiptafræðideild

Föstudagurinn 20. apríl - Oddi (O-101)

Fundarstjóri er **Ágúst Einarsson**, prófessor við Háskólann á Bifröst.

kl. 13:00-14:00 **Edmund Phelps** (Columbia University) og **Gylfi Zoega** (Háskóli Íslands) - *Corporatism and Job Satisfaction*

Laugardagurinn 21. apríl – Aðalbygging, Hátíðasalur

Fundarstjóri er **Ágúst Einarsson**, prófessor við Háskólann á Bifröst.

kl. 13:00-13:15 Ávarp - **herra Ólafur Ragnar Grímsson**, forseti Íslands.

kl. 13:15-15:15 **John Drobak** (Washington University) - *Thrainn and the Problem of Knowledge: The Effectiveness of Conveying Information in the Electoral and Regulatory Markets*

Shanker Satyanath (New York University) - *Do Superpower Interventions Have Short and Long Term Consequences for Democracy?*

Stefan Voigt (Hamburg University) - *From Cheap Talk to Economic Growth: On the Relationship between Property Rights and Judicial Independence*

Lee Alston (University of Colorado-Boulder) - *Changing Social Contracts: Beliefs and Dissipative Inclusion in Brazil*

kl. 15:15-15:30 **Kaffihlé**

kl. 15:30-17:00 **James Robinson** (Harvard University) - *Political Centralization in Pre-Colonial Africa*

Carl Hampus Lyttkens (Lund University) - *Surprising Institutions*

Sonja Opper (Lund University) - *The Institutional Basis of Leadership Recruitment in China: Factions versus Performance*

kl. 17:00-17:30 Lokaávarp - **Þráinn Eggertsson**

Allir velkomnir og aðgangur ókeypis

HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

LANDSBANKINN Ríkið er langstærsti eigandi Landsbankans með 81,3% eignarhlut. Í samantektinni kemur fram að ríkið gæti tekið 10,6 milljarða króna út úr bankanum án þess að eigið fé hans færi undir 20%. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ríkið hefur ávaxtað fé sitt í bönkunum

Hlutur ríkissjóðs í eiginfé stóru bankanna þriggja var 48 milljörðum krónum hærri um síðustu áramót en hlutafjárframlag hans. Talið að ríkið geti greitt sér út 12,1 milljarð króna án þess að eiginfjárhlutfall þeirra fari undir 20%.

VIÐSKIPTI Áætlað er að hlutdeild ríkissjóðs í eiginfé Landsbanka, Íslandsbanka og Arion banka sé 183 milljarðar króna. Það er 48 milljörðum krónum meira en 135 milljarða króna hlutafjárframlag sem ríkið lagði þeim til á grundvelli samninga um endurfjármögnun þeirra í kjölfar yfirtöku Fjármálaeftirlitsins (FME) í október 2008. Þetta kemur fram í samantekt á stöðu á hlutdeild ríkissjóðs í eiginfé bankanna þriggja í árslok 2011 sem Fréttablaðið hefur undir höndum. Til viðbótar við hlutafjárframlagið lánaði ríkið Arion banka og Íslandsbanka 55 milljarða króna í formi víkjandi lána.

Í samantektinni kemur fram að munurinn á eiginfé bankanna þriggja, eins og það stendur núna, og þeirri fjárhæð sem myndi samrýmast lágmarki FME, sem er 16%, sé tæplega 113 milljarðar króna. Þar af er Landsbankinn með eigið fé umfram lágmark upp á 50,4 milljarða króna, Íslandsbanki með 35,9 milljarða króna og Arion banki með 27,1 milljarð króna. Áætluð hlutdeild ríkissjóðs í umframeiginfé bankanna er 46,3 milljarðar króna. Þar af nemur hlutdeild ríkissjóðs í umframeiginfé Landsbankans um 41 milljarði króna.

Í samantektinni er þó tekið fram að óráðlegt sé að líta á fé umfram 16% eiginfjárlágmarks FME sem yfirfjármögnun sem hægt yrði að greiða út sem arð til eigenda, enda mætti lítið út af bregða í rekstri bankanna ef eiginfjárhlutfall þeirra væri við eða nálægt lágmarkinu. Ef yfirfjármögnun er í staðinn miðuð við 20% eiginfjárhlutfall yrði hún um 33,4 milljarðar króna. Ríkissjóður á, í ljósi eignarhlutar síns í bönkunum þremur um síðustu áramót, að geta gert tilkall til 12,1 milljarðs króna af þeirri upphæð. Heimildir Fréttablaðsins herma að sú hlutdeild hafi verið nær 50 milljörðum króna fyrir gengislánadóm Hæstaréttar í febrúar, sem varð til þess að bankarnir þrír framkvæmdu 64 milljarða króna varúðarniðurfærslu á eignum sínum.

Vilji er til þess að greiða út umrædda upphæð í haust og nýta hana í verkefni á borð við hækkun barnabóta. Fréttablaðið sagði frá því í gær að til standi að hækka þær bætur til að bregðast við þeim skuldavanda sem barnafjölskyldur standa frammi fyrir.

thordur@frettabladid.is

Ekki hægt að greiða út vegna óvissu

Íslenska ríkið á 81,3% hlut í Landsbankanum, 13% í Arion banka og 5% í Íslandsbanka vegna þeirra eiginfjárframlaga sem það lagði bönkunum þremur til eftir bankahrunið. Sem stendur er í gildi arðgreiðslubann á bönkunum vegna óvissu sem er uppi, sérstaklega vegna gengislánadóma sem gætu fallið þeim í óhag. Því fer tímasetning arðgreiðslna eftir því hvenær aðstæður skapast þar sem ekki verður gert ráð fyrir frekari höggum á bankakerfið. Það er í verkahring Fjármálaeftirlitsins að meta slíkt. Heimildir Fréttablaðsins herma þó að vonir séu uppi innan stjórnkerfisins um að hægt verði að greiða út arð í haust.

Samtök atvinnulífsins vilja stífa tímasetta áætlun um afnám gjaldeyrishafta:

Vaxtarsprotar visna í höftunum

Hvorki ríkisstjórn né Seðlabanki hafa að mati Vilmundar Jósepssonar, formanns Samtaka atvinnulífsins (SA), úrræði eða djörfung til að afnema gjaldeyrishöft á næsta ári.

Í ræðu á aðalfundi SA í gær sagði Vilmundur samtökin ekki hafa vitað um þær stórkostlegu hættur sem síðar hafi komið í ljós þegar hér var tekin upp flotgengisstefna. „Peningastefnan sem Ísland tók upp 2001 endaði með hörmungum eins og kunnugt er og er meginástæða þess að tekin hafa verið upp að nýju gjaldeyrishöft."

Vilmundar segir lykilforsendu fyrir trúverðugri áætlun um afnám hafta að fylgja stífri, tímasettri áætlun þar sem tekin væri áhætta á gengislækkun. Samtökin leggja til leiðir til að verja skuldug heimili fyrir áhrifum af gengisfalli og vilja lög um afnám hafta sem koma til framkvæmda í byrjun næsta árs.

Samkvæmt gildandi áætlunum telur Vilmundur engar líkur á öðru en að gjaldeyrishöft verði ítrekað framlengd. „Á hverjum tíma sjá menn skýrt fyrir sér sársaukafullar afleiðingar afnáms haftanna til skamms tíma. Tjón til lengri tíma er hulið enda felst það í því sem ekki gerist, glötuðum tækifærum til hagvaxtar, minni verðmætasköpun en ella, erlendum fjárfestingum sem ekki verður af, innlendum vaxtarsprotum sem visna og töpuðum störfum." Höftin segir Vilmundur halda gengi krónunnar samfellt lágu og innilokuðum krónum útlendinga fjölgi stöðugt með verðbótum, vöxtum og vaxtavöxtum. **- óká**

VILMUNDUR JÓSEPSSON Formaður SA vandaði ríkisstjórninni ekki kveðjurnar í ávarpi á aðalfundi samtakanna í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

VELKOMIN Á BIFRÖST

Opinn dagur á Bifröst

Sumardagurinn fyrsti kl. 14-17

Nemendur og starfsfólk Háskólans á Bifröst taka á móti gestum og gangandi **fimmtudaginn 19. apríl kl. 14-17**. Boðið verður upp á kynningu á námsleiðum, leiðsögn um einstakt háskólaþorp og kynningu á fjölbreyttu íbúðarhúsnæði og þjónustu fyrir nemendur skólans.

Allir velkomnir

Fjölbreytt skemmtidagskrá

Lazer Tag
Handverksmarkaður
Hoppukastalar
Leikhópurinn Lotta
Frímiði í sund í Borgarnesi
Körfubolti með Skallagrími
Vöfflukaffi

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

VIÐ ERUM ÖLL Í SAMA LIÐI

Icelandair styrkir með stolti íslenskt íþróttafólk
Frá upphafi hefur Icelandair stutt íþróttahreyfinguna á Íslandi með ráðum og dáð. Með undirritun samstarfssamnings við íþróttasamböndin viðheldur Icelandair öflugu og mikilvægu samstarfi. Icelandair er stolt af því að efla afreksstarf í íþróttum á Íslandi.

ICELANDAIR

MYNDASYRPA: Sumarið gengur í garð

SÓL Á LOFTI Nemendur Hagaskóla hreinsuðu til í nágrenni skólans og grilluðu svo pylsur í fallegu en köldu vorveðrinu í gær.

Vor og sól í heiði á síðasta degi vetrar

Sólin hefur vermt íbúa suðvesturhornsins síðustu daga. Sólargeislarnir hafa dregið fólkið út í góða veðrið, eins og *Valgarður Gíslason* ljósmyndari varð rækilega var við á ferð sinni um höfuðborgina í gær.

ÚTIVIST Golfvellirnir koma ágætlega undan vetri og margir lögðu leið sína á Hvaleyrargolfvöll í Hafnarfirði í blíðviðrinu í gær.

HREINSAÐ TIL Krakkarnir í Hagaskóla fóru víða og tíndu upp rusl, enda ótrúlegt magn sem safnast hefur saman eftir veturinn. Elín María, Elísabet og Þórir létu ekki sitt eftir liggja.

RUSL OG DRASL Hrannar Halldórsson hirti upp rusl og setti í pokann hjá Hjálmari Aðalsteinssyni sundkennara.

HEIMAVINNA Þó veðrið hafi verið heldur kalt síðustu daga létu þessir duglegu krakkar það ekki stöðva sig og unnu heimavinnuna sína undir berum himni í Elliðaárdalnum í gær.

Til hamingju með eitt skemmtilegasta hótel borgarinnar!

JE Skjanni byggingaverktakar afhentu á síðasta vetrardegi Icelandair Hotels nýjasta hótelið í keðju leiðandi gæðahótela sem nú eru alls átta talsins. Nafn hótelsins, Icelandair Hotel Reykjavik Marina, endurspeglar staðsetningu hótelsins að Mýrargötu 2-8, í gamla Slipphúsinu.

Reykjavik Marina býður gistingu í 108 herbergjum sem eru litrík, fjölbreytt og skemmtileg. Einnig er þar að finna splunkunýjan kokteilbar, Slippbarinn, ásamt Kaffi Slipp og fleiri spennandi nýjungum.

Öll verkefnastjórnun og umsjón framkvæmdar var á vegum JE Skjanna byggingaverktaka en að verkefninu komu einnig fjölmargir frábærir undirverktakar sem allir skiluðu framúrskarandi verki. Við byggjum til framtíðar!

Til hamingju Icelandair Hotels!

Parki · Siggi Dúkari Verktaki í lagningu gólfefna og veggefna · BLIKKSMIÐURINN Þekking · Færni · Þjónusta · Jarðvertaki Mokarinn ehf · Jón & Salvar fasteignafélag ehf · Rafís ehf. · LUMEX · Gólflagnir · HÚSASMIÐJAN · VSÓ RÁÐGJÖF · ARI ODDSSON EHF Byggingaverktaki · Litli klettur · Frostverk Kæli- og frystitæki · Sigurvin Ármannsson Múrarameistari · THG Arkitektar · GA · JRJ · Vélsmiðjan ehf. · VSI · Landslagnir pípulagnir · GKS · EASTUS · AXIS

J.E.SKJANNI

VIÐ BYGGJUM TIL FRAMTÍÐAR BYGGINGAVERKTAKAR

Malarhöfða 8 110 Reykjavík S. 8966621/8980997 www.skjanni.com www.facebook.com/jeskjanni

skoðun

greinar@frettabladid.is

Athyglisverðar tillögur SA um menntamál:

Skóli fyrir atvinnulífið

Samtök atvinnulífsins birtu í gær athyglisverðar tillögur undir yfirskriftinni „Uppfærum Ísland“. Þar er horft til þess hvernig hægt sé að skapa atvinnulífinu sem ákjósanlegust framtíðarskilyrði og rík áherzla lögð á samspil menntakerfisins og fyrirtækjareksturs í landinu.

Ein megintillagan er að stytta grunn- og framhaldsskólann þannig að nemendur útskrifist tveimur árum fyrr en nú er. Því miður hefur ekki tekizt að breyta því að íslenzk ungmenni ljúka framhaldsskóla einu til tveimur árum síðar en gerist í nágrannalöndunum og koma fyrir vikið síðar út á vinnumarkaðinn. Síðasta tilraun til kerfisbreytingar var vanhugsuð og skilaði ekki tilætluðum árangri.

SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

SA benda á að í nýjum framhaldsskólalögum séu tækifæri til breytinga. Þau eru hins vegar vannýtt; möguleikar til sveigjanlegra skila grunn- og framhaldsskóla, til dæmis með því að grunnskólanemar taki framhaldsskólaáfanga í fjarnámi, hafa ekki verið nýttir sem skyldi vegna fjárskorts og þróunin í raun verið í ranga átt síðustu ár.

Eigi að ná markmiðinu um að fólk útskrifist úr framhaldsskóla átján ára, verður að horfa bæði á framhalds- og grunnskólann. Því miður er það svo að tíminn er verr nýttur í grunnskólum en framhaldsskólum. Á undanförnum áratugum hefur heilt ár bætzt við grunnskólann og skólaárið þar að auki verið lengt umtalsvert án þess að það hafi skilað sér í því að fólk kunni meira þegar það kemur í framhaldsskóla. Það þarf því að hrista rækilega upp í skólakerfinu til að ná þessu markmiði.

Önnur megináherzla SA er á að kennsla í raun- og tæknigreinum verði efld. Allar rannsóknir og samanburður sýna að þar stöndum við nágrannalöndunum langt að baki. Í einum helzta vaxtarsprota atvinnulífsins, hátækniiðnaði, er „æpandi eftirspurn eftir starfsfólki sem hefur aflað sér raungreina- og tæknimenntunar á háskólastigi“ eins og segir í tillögum SA. Menntakerfið annar ekki þessari eftirspurn og það hefur þá hættu í för með sér að fyrirtækin sem orðin eru til og eiga eftir að verða til í þessum geira byggist upp erlendis, fremur en á Íslandi. Á þessu verða yfirvöld menntamála að átta sig og grípa til ráða sem duga.

Þessu tengjast tillögur SA um að stórefla tengsl skóla og atvinnulífs, meðal annars með því að fyrirtækin sýni meira frumkvæði og verði öflugri í því að kynna sig fyrir nemendum á öllum skólastigum. Það mun áreiðanlega skila árangri að fyrirtæki og samtök þeirra kynni mun fyrr en tíðkazt hefur spennandi framtíðarstörf, sem ungt fólk getur tekið stefnuna á og valið sér nám samkvæmt því. Þá þurfa skólarnir líka að standa klárir á því hvers konar nám hentar þörfum atvinnulífsins. Þeir þurfa að líta svo á að þeir hafi tvo hópa viðskiptavina; annars vegar fyrirtækin í landinu, hins vegar nemendur og eftir atvikum foreldra þeirra.

Ef skólakerfið svarar ekki þörfum atvinnulífsins kemur það niður á framtíðarlífskjörum Íslendinga. Svo einfalt er það.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Viðskiptasnilld
Í Viðskiptablaði gærdagsins er sagt frá Ólafi Ívani Wernerssyni, sem brá á það ráð hrunárið 2008 að flytja hótelrekstur sinn á Blönduósi yfir á ófjárráða börn sín. Þau voru þá sjö og ellefu ára. Þetta var snjallræði hjá Ólafi, enda hvíldu 130 milljóna króna skuldir á rekstrinum og eigið fé var neikvætt um 75 milljónir árið 2010. Og hvaða óbermi mundu svo sem ganga að fyrirtæki í eigu barna?

Fallegt
Ólafur var spurður um það hvaðan þessi góða hugmynd var sprottin. Hann sagði þetta skýrast af því að hann hefði slitið samvistum við sambýliskonu sína og barnsmóður og það hefði orðið að samkomulagi þeirra á milli að börnin skyldu taka allt heila klabbið yfir. Þetta er sannarlega falleg dæmisaga um það hvað samtakamáttur og sáttahugur geta leitt til farsællar niðurstöðu fyrir deiluaðila.

Eyðileggingarmáttur
Birni Bjarnasyni, fyrrverandi dómsmálaráðherra, er ekki mjög gefið um Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra. Það er gömul saga og ný. Nú segir hann Jóhönnu hafa unnið „eyðileggingarstarf“ innan stjórnarráðsins. „Að henni skuli hafa tekist að eyðileggja dóms- og kirkjumálaráðuneytið er til marks um ótrúlegt virðingarleysi við sögu og hefðir stjórnarráðsins,“ skrifar Björn. Björn mætti gjarnan skýra þessi orð sín betur. Hvernig fór Jóhanna að því að eyðileggja gamla ráðuneytið hans Björns? Með því að setja Ögmund Jónasson yfir málaflokkinn?

stigur@frettabladid.is

HALLDÓR

Þörf á miðstöð innflytjenda

Samfélagsmál

Toshiki Toma
prestur innflytjenda

Reykjavíkurborg bauð okkur innflytjendum í Reykjavík á Fjölmenningarþing í fyrsta skipti í nóvember 2010. Þar ræddu 200 innflytjendur um ýmis atriði í borgarlífinu.

Atriði sem flestir þátttakendur komu fram með er nauðsyn miðstöðvar innflytjenda í Reykjavík eins og Alþjóðahúsið hafði verið áður. Borgin sagði upp samningi við Alþjóðahúsið árið 2009, aðallega vegna fjárhagslegrar óvissu hjá sér, og miðstöð innflytjenda í Reykjavík hvarf í kjölfarið.

Síðan hefur hluta af þeirri þjónustu sem Alþjóðahúsið hafði áður sinnt verið skipt á milli ýmissa aðila eins og Alþjóðaseturs, Þjónustumiðstöðvar Hlíða og Miðborgar o.fl. Sérhver aðili hlýtur að gera sitt besta en þetta er samt bót til bráðabirgða, ef litið er á heildarþörf innflytjenda á höfuðborgarsvæðinu. Vandamál eru t.d.:

- Ekki er hægt að fá þjónustu frá stofnunum borgarinnar ef maður á ekki lögheimili í borginni.
- Erfitt er fyrir innflytjendur að kynna sér hvers konar þjónusta er í boði og hvar hægt er að nálgast hana.
- Erfitt er fyrir þjónustuveitendur í málefnum innflytjenda að skiptast á upplýsingum.
- Erfitt er að skapa umgjörð fyrir virka þátttöku innflytjenda í menningarstarfsemi án stöðugrar miðstöðvar.
- Erfitt er að móta sameiginlega stefnu um málefnið meðal sveitarfélaga.

Þannig er auðséð að það er eftirsóknarvert að eiga miðstöð innflytjenda á höfuðborgarsvæðinu. En þá vakna spurningar um hæl: Hver ber ábyrgð á henni? Ríkið, borgin eða samstarf sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu?

Ríkið er núna að reyna rekstur Fjölmenningarseturs á Vestfjörðum sem er því formlega ríkisstofnun og stefnt er því að setrið verði áfram á Vestfjörðum. Gott mál, en spyrja má hvort ríkið eigi ekki að leggja meiri fyrirhöfn í höfuðborgarsvæðið. Samkvæmt upplýsingum Byggðastofnunar greiddu 24.294 erlendir ríkisborgarar skatta á Íslandi á árinu 2010 vegna tekna sem þeir öfluðu árið 2009, og 10.785 af þeim voru búsettir í Reykjavík. Þessar tölur má hafa til hliðarsjónar þegar við hugsum um málið.

Ferli endurbyggingar er enn í gangi. Margir munu spyrja hvers vegna íslenska þjóðin þarf að leggja fé til þjónustu við innflytjendur. En það blasir við að þegar þjóðin nær velgengni, er þátttaka innflytjenda ómissandi. Er það því ekki snjallara og mikilvægt að reikna hlutverk innflytjenda inn í framtíðarmynd þjóðarinnar frá upphafi?

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP

HALLDÓR BALDURSSON

vísir
- oft á dag

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

Bólguseðill

Fjármál

Hannes Pétursson
rithöfundur

Orðið dýrtíð klingdi seint og snemma við eyrum okkar sem munum aftur til miðrar aldarinnar sem leið, dýrtíð og samsetningar eins og dýrtíðarvandi og dýrtíðarráðstafanir. Hetjur strituðu við dýrtíðina eins og Sisýfos við bjargið í goðsögunni, en ekki til neins, allt var það ónýtt erfiði. Dýrtíðin át í sig innmatinn úr krónunni jafnt og þétt.

En viti menn! Þar kom að orðið dýrtíð steinhætti að heyrast. Það þótti ekki lengur nógu áhrifaríkt til að tjá uppdráttarsýki gjaldmiðilsins. Nýtt orð hóf sigurgöngu: verðbólga. Sú bólga varð hins vegar brátt svo skæð að alþingismenn og aðrir stólpar þjóðlífsins höfðu vart undan við að smíða verðbólgu-samsetningar til áherzlu. „Íslenzkan er orða frjósöm móðir,/ekki þarf að sníkja, bræður góðir“ kvað Bólu-Hjálmar. Landsfeður tóku á öllu sínu hugmyndaflugi, sóttu líkingar í verkfærakistuna og urðu þá til verðbólguhjólið og verðbólguskrúfan, í þjóðsögur og töluðu brúnasíðir um verðbólguskessuna og verðbólgudrauginn, þar á ofan um verðbólguhítina og verðbólgubálið.

Að lokum hrökk ekkert þessara hugtaka til að lýsa „víxlverkun kaupgjalds og verðlags“, allt var komið á slíka fleygiferð niður í móti að ennþá nýrra orð sprengdi öll hin af sér með látum: óðaverðbólga.

Eftir að nokkuð hafði hægzt um í bili hófust svo verðbólguskotin. Orðliðurinn skot hlýtur að hafa hér merkinguna niðurgangur, skita (sbr. magaskot). Nú hafa þau skot komið hvert af öðru, enda „víxlverkun kaupgjalds og verðlags“ á sínum stað. Maður er farinn að kannast við sig aftur, verðbólgan hérlendis orðin meiri en í nokkru nálægu landi öðru þrátt fyrir gjaldeyrishöft og guð má vita hvað fleira til varnar. Verðbólguskitan er hluti af „íslenzku leiðinni“ svonefndu.

> Mér myndi lítast vel á Sæfinn á sextán skóm. Hann safnaði hlunkum og smáeyringum og geymdi þá haganlega.

Í því skyni að tákngera horbjúg íslenzku krónunnar betur en áður stendur til að gefa út nýjan verðbólguseðil, tíuþúsundkall. Og er ætlunin að mynd af Jónasi Hallgrímssyni prýði seðilinn, einnig mynd af heiðlóu sem vorboða. Vorboði Jónasar var reyndar þröstur. Svo er hitt að Jónas Hallgrímsson dó blásnauður, var jarðsunginn á kostnað annarra. Kannski á því seðillinn meðfram að vera vísbending um hliðstæð sögulok hins íslenzka krónubúskapar og væri það vel til fundið.

Í eðli sínu er gott og gilt að prýða peningaseðla með myndum stórmenna liðins tíma eins og alsiða hefur verið hér og víða um lönd, svo sem til brýningar og eflingar fjármálaviti þegnanna. Sú hefð hefur þó engu skilað á meðal vor. Jón forseti, Brynjólfur biskup Sveinsson, Hannes Hafstein, Einar Benediktsson og enn fleiri urðu í áranna rás að litlum körlum hver á sínum seðli, í fullu samræmi við snúningshraða verðbólguhjólsins. Og er athugandi hvort nú væri ekki rökrétt að taka upp annan sið, þannig að valin yrði mynd af einhverjum sem naut ekki mikils álits út á við í lífinu fremur en íslenzka krónan um þessar mundir. Til er fjöldi ljósmynda af íslenzkum körlum og konum sem stóðu höllum fæti. Mér myndi lítast vel á Sæfinn á sextán skóm. Hann safnaði hlunkum og smáeyringum og geymdi þá haganlega.

„Íslenzka leiðin“ er svo markverð að til greina kæmi að hafa nýja bólguseðilinn tvískiptan: á annarri hlið hans væri vísað til innlendrar krónu, á hinni til aflandskrónu. Og vegna þess að engir standa tryggari vörð en Heimssýnarmenn um fullveldisrétt verðbólgudraugsins þætti mér einsýnt að velja mynd af formanni þeirra samtaka á seðilinn, ef tekið yrði til þessara bragða. Að vísu kæmi þá upp álitamál um það á hvorri hliðinni Ásmundur úr Dölum ætti að vera og á hvorri Sæfinnur.

Veiðimálastofnun

Veiði

Óðinn Sigþórsson
formaður Landssambands veiðifélaga

Veiðimálastofnun á sér merka sögu sem rekja má allt aftur til ársins 1946 þegar embætti Veiðimálastjóra var sett á stofn. Saga stofnunarinnar er því samofin nýtingu veiðihlunninda á Íslandi. Það skal því þakka framsýni þeirra sem höfðu forgöngu um stjórnsýslu og rannsóknir í veiðimálum að við eigum bestu samfelldu upplýsingarnar um laxastofna hérlendis í samanburði aðrar laxveiðiþjóðir við Norður-Atlantshaf.

Veiðimálastofnun hefur verið til ráðgjafar um verndun og nýtingu á laxi og á það ekki síst við þegar framkvæmt hefur verið í ám og vötnum. Þá er stofnunin kölluð til rannsókna til að meta áhrif og veita ráðgjöf um hvernig draga megi úr neikvæðum áhrifum slíkra framkvæmda eða leggja til mótvægisaðgerðir þannig að hag lónbúans sé gætt eins og kostur er. Þetta er mikilvægt að hafa í huga þegar örlar á umræðu þar sem ruglað er saman hagsmunum framkvæmdaraðila og starfi vísindamannanna, sem hafa það hlutverk eitt að sporna gegn neikvæðum áhrifum framkvæmda í ám og vötnum. Framkvæmdir verða alltaf á ábyrgð framkvæmdaraðilans hvort sem þar er um veiðifélög að ræða eða aðra.

Veiðifélög hafa áratuga reynslu af starfi Veiðimálastofnunar og í ljósi mikilvægi hennar fyrir atvinnugreinina hefur Landssamband veiðifélaga ályktað á allflestum aðalfundum sínum um nauðsyn þess að efla stofnunina, en fjárveitingar til grunnrannsókna í ám og vötnum hafa verið smánarlega litlar. Raunar er furðulegt hversu miklu stofnunin hefur áorkað á því sviði þótt úr litlu fjármagni hafi verið að spila. Verkefnin eru margvísleg. T.d. hafa verið byggðir 75 fiskvegir hér á landi og þar með hafa opnast um 800 km af ám sem nýtast til stækkunar búsvæða laxa og sem veiðisvæði. Þarna er um gríðarleg verðmæti að ræða sem sést best á því að ofan laxastiga eru nú um 30% af fiskgengum svæðum landsins í laxveiðiám. Að öllum þessum framkvæmdum hefur Veiðimálastofnun komið með ráðgjöf og rannsóknum. Við státum því af framúrskarandi vísindamönnum hjá Veiðimálastofnun með gríðarlega reynslu sem standa jafnfætis, ef ekki framar kollegum sínum erlendis.

Nú eru áformaðar miklar breytingar á opinberum stofnunum í kjölfar fækkunar ráðuneyta. Hugmyndir hafa verið um að leggja Veiðimálastofnun niður og færa verkefni hennar undir sérstakt auðlinda- og umhverfisráðuneyti. Landssamband veiðifélaga leggst eindregið gegn slíkum áformum og telur að rannsóknum veiðimála sé best fyrirkomið hjá ráðuneyti atvinnuvegarins áfram. Stjórnin hefur því óskað eftir fundi með sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra til að ræða framtíð þessarar stofnunar sem við teljum hafa gríðarlega þýðingu fyrir okkar atvinnuveg. Það yrði mikið slys ef verkefni VMS yrðu bitbein þeirra sem vilja aukinn eld að sinni köku.

Hófleg og hentug viðbygging við Landspítala

Nýr Landspítali

Páll Torfi Önundarson
yfirlæknir og prófessor

Undanfarnar vikur og mánuði hafa með reglulegu bili birst greinar starfsmanna og stjórnenda Landspítala um nauðsyn stækkunar spítalans strax skv. uppdrætti Spital arkitekta. Í greinum þessum eru allir sammála um nauðsyn framkvæmdarinnar. Svo er einnig með höfund þessarar greinar.

Það verður byggt við Hringbraut. Sú ákvörðun liggur fyrir. Það verður ekki undan því vikist að endurnýja og bæta við húsnæði Landspítala. Núverandi húsnæði er óviðunandi fyrir inniliggjandi sjúklinga og nútíma lækningar og hjúkrun, sjá t.d. ágæta grein Más Kristjánssonar og Stefaníu Arnardóttur í Fréttablaðinu 28. mars sl.

Öll umræða um byggingu sjúkrahússins annars staðar en á Hringbraut á þessum tímapunkti drepur hins vegar umræðunni á dreif og kemur í veg fyrir að leitað sé bestu lausna við Hringbraut. Umræðan nú ætti að vera um stærð, haganleika og ásýnd sjúkrahússins en ekki um „einhvers staðar annars staðar einhvern tíma seinna“.

Með fáum undantekningum virðast flestir sem tjá sig á vegum sjúkrahússins telja aðeins eina byggingarlausn koma til greina við Hringbrautina, þ.e. ósamþykkta risavaxna deiliskipulagstillögu Spital arkitekta, sem nú hefur verið auglýst til kynningar á vegum Skipulagsráðs Reykjavíkur. En það eru til aðrar lausnir og núverandi húsnæði er ekki ónýtt til allra nota.

Mikilvægt er að fólk geri sér grein fyrir því, að það hefur ENGIN ÁKVÖRÐUN verið tekin enn þá um staðsetningu nýbyggingar innan lóðarinnar eða hönnun hennar! Það er því bókstaflega borgaraleg skylda þeirra sem til þekkja að láta í ljós skoðanir um hugsanlega haganlegri lausnir á spítala og borgarskipulaginu á þessari lóð. Og það er skylda opinberra aðila að kalla á málefnalega umfjöllun.

Sá sem þetta ritar telur staðfastlega að önnur og mun minni byggingarlausn á Hringbrautarlóðinni eigi að skoðast alvarlega af óvilhöllum aðilum, sjá mynd. Tillagan hefur verið kynnt í dagblöðum, á fundum og á netinu. Þessi lausn kann að ná nauðsynlegum markmiðum, tryggja miklu betri nýtingu gömlu húsanna og tryggja betri innanhússtengingu á milli þeirra. Stækkun spítalans skv. tillögunni yrði af fullnægjandi stærð næstu 20-30 árin, þ.e. um 60.000 fm auk sjúkrahótels.

Tillagan er sýnd sem grunnuppdráttur en engum fjárhæðum hefur verið varið til útfærslu hennar. Spítalinn hefur ekki viljað ræða tillöguna og því síður Spital-hópurinn enda hefur hann beina fjárhagslega hagsmuni af sinni tillögugerð. Tillagan hefur hins vegar að ósk skipulagsráðs Reykjavíkurborgar verið kynnt ráðinu enda er tillagan, ólíkt tillögu Spital-hópsins, Í SAMRÆMI VIÐ FORSÖGN skipulagsráðsins sjálfs m.t.t. byggingarmagns og staðsetningar.

Tillagan gengur út á það að byggja sjúkrahúsið norðan gömlu Hringbrautarinnar þar sem gamli hjúkrunarskólinn og Eirberg stendur nú sem og með því að stækka K-byggingu sjúkrahússins nyrst á lóðinni. Læknagarður verði stækkaður a.m.k. sem nemur þörfum námsbrautar í hjúkrun o.fl. og verður „Heilsugarður“. Þá verði byggður tengigangur milli nýja sjúkrahússins og yfir í kvennadeild (og þar með barnaspítalann) en með því styttast öll hlaup um ganga sjúkrahússins. Flest bílastæði verða neðan gömlu Hringbrautar. Þetta er hægt og málefnaleg mótrök hafa ekki verið sýnd undirrituðum. Forsvarsmaður Spital-hópsins segir hugmyndina „galna“, sem er ekki málefnalegt orðbragð og gæti bent til rökþrots eða hagsmunaáreksturs.

Ásýndarskaði borgarinnar af vel teiknaðri byggingu á efri lóð verður lítill að mati undirritaðs, öfugt við tillögu Spital-hópsins, sem byrgir sýn að gamla spítalanum og er um þrefalt stærri í fermetrum og nýtir illa gömlu húsin. Með þessu móti næst að stækka spítalann í um 120.000 fermetra úr 90.000 í dag (60.000 á Hringbraut og 30.000 í Fossvogi), sem ætti að vera fullnægjandi næstu 20-30 árin miðað við norska staðla. Nýju húsin, sem hægt er að taka í notkun í áföngum, munu þjóna bráðastarfsemi, skurðstofum, gjörgæslu, röntgendeildum, nýjum mannsæmandi legudeildum og rannsóknastofum en skrifstofur, göngudeildir og ýmis stoðþjónusta færist í gömlu húsin.

Landspítali

Viðbyggingar Lausn til 20-30 ára. Ca. 60.000m² aukning (sem samsvarar tveim Borgarspítölum miðað við að ekki sé byggt hærra en 4 hæðir og kjallara). *Gamla Hringbrautin helst og sjónlínur að aðlabyggingu frá 1930 haldast.*



Hugmyndir að lausn að sameiningu Landspítala á efri Hringbrautarlóð. Byggt á hugmyndum Páls Torfa Önundarsonar yfirlæknis á Landspítala og prófessors við Læknadeild.

OKTÓBER, 2011 MAGNÚS SKÚLASON ARKITEKT

> Ásýndarskaði borgarinnar af vel teiknaðri byggingu á efri lóð verður lítill að mati undirritaðs, öfugt við tillögu Spital-hópsins, sem byrgir sýn að gamla spítalanum og er um þrefalt stærri í fermetrum og nýtir illa gömlu húsin.

Eftirlitið upp á borðið

Neytendamál

Brynhildur Pétursdóttir
fulltrúi Neytendasamtakanna

Ferðalangar í Danmörku hafa ef til vill tekið eftir því að úttektir heilbrigðisfulltrúa hanga til sýnis á veitingastöðum og kaffihúsum. Danir telja nefnilega að niðurstöður eftirlitsaðila séu ekki einkamál seljenda og eftirlitsins og Neytendasamtökin eru á sömu skoðun. Leiða má líkur að því að opinbert og gagnsætt eftirlit auki traust og tiltrú neytenda á eftirlitskerfinu auk þess sem það veitir fyrirtækjunum mikilvægt aðhald. Samtökin hafa því ítrekað sent erindi á stjórnvöld og krafist þess að svokallað broskarlakerfi verði tekið upp hér á landi.

Út á hvað gengur kerfið?

Danir innleiddu broskarlakerfið (smiley-ordning) árið 2001 en það gengur í stuttu máli út á að opinbera eftirlitsskýrslur heilbrigðisfulltrúa. Eftir hverja úttekt hjá fyrirtæki sem selur matvæli (veitingahús, bakarí, pylsuvagnar, mötuneyti, kaffihús o.s.frv.) eru niðurstöður eftirlitsins hengdar upp á áberandi stað þannig að neytendur geti kynnt sér niðurstöðuna. Þá eru allar skýrslur aðgengilegar á heimasíðunni findsmiley.dk. Danir lögðu mikla áherslu á að skilaboðin til neytenda væru einföld og skiljanleg og var því tekin sú ákvörðun að gefa „einkunnir“ í formi broskarla. Allir skilja jú muninn á broskarli með breitt bros og samsvarandi karli með skeifu.

Ánægja með kerfið

Fyrirtæki sem fá bestu úttekt fjórum sinnum í röð fá svokallaðan úrvalsbroskarl eða „elite smiley“ eins og Danir kalla það. Þessi fyrirtæki fá færri eftirlitsheimsóknir þar sem þau þykja hafa sýnt að þau séu traustsins verð. Úrvalsfyrirtækin mega þó ekki sofna á verðinum því þau geta eftir sem áður átt von á skyndiúttektum. Innleiðing kerfisins hefur gengið mjög vel í Danmörku þrátt fyrir að fyrirtæki og heilbrigðisfulltrúar hafi haft nokkrar efasemdir í fyrstu. Þekking danskra neytenda á kerfinu er líka mjög mikil enda hafa þarlend stjórnvöld lagt áherslu á að kynna það vel.

Íslensk stjórnvöld ítrekað hvött til dáða

Vorið 2009 sendu Neytendasamtökin öllum ráðherrum í nýrri ríkisstjórn helstu áherslur samtakanna en í þeim var m.a. lögð

> Úrvalsfyrirtækin mega þó ekki sofna á verðinum því þau geta eftir sem áður átt von á skyndiúttektum.

til innleiðing broskarlakerfis. Í febrúar 2011 sendu samtökin síðan erindi á sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og hvöttu hann til að innleiða kerfið og í janúar síðastliðnum var erindið ítrekað. Neytendasamtökin hafa enn engin svör fengið þótt rúmt ár sé liðið síðan fyrra erindið var póstlagt en í því var sérstaklega kallað eftir afstöðu stjórnvalda.

Málið á dagsskrá

Siv Friðleifsdóttir hefur nú fyrst alþingismanna lagt fram þingsályktunartillögu á Alþingi um upptöku broskarlakerfis og fagna Neytendasamtökin þessu framtaki.

Samtökin skora á alþingismenn að leggja málinu lið enda er eðlilegt að úttektir eftirlitsstofnana sem varða heilbrigði og öryggi neytenda séu aðgengilegar. Finna má ítarlegri upplýsingar um broskarlakerfið á www.ns.is undir „Matvæli“.

Góð staða þorskstofnsins – kemur hún af sjálfu sér?

Sjávarútvegsmál

Helgi Áss Grétarsson
lögfræðingur

Niðurstöður nýlegra rannsókna Hafrannsóknastofnunar benda til þess að verðmætasti nytjastofninn á Íslandsmiðum, þorskurinn, hafi aldrei verið jafnstór frá því að hafist var handa árið 1985 að mæla stærð botnfiska með svokölluðu vorralli. Við þessi ánægjulegu tímamót vil ég reifa í stuttu máli þróun stjórnkerfis þorskveiða undanfarna áratugi.

Þróunin 1977–1990

Frá 1977 til ársloka 1990 miðaðist stjórn þorskveiða við ýmis stjórnkerfi fiskveiða. Reynslan af þessum kerfum var sú að leyfilegur heildarafli í þorski var að jafnaði ákveðinn hærri en fiskifræðingar mæltu með og landaður heildarafli var svo enn hærri. Þannig námu þorskveiðar umfram ráðgjöf fiskifræðinga Hafrannsóknastofnunar 15% á árunum 1977–1983, þ.e. að meðaltali var á hverju ári á þessu tímabili 15% meira veitt af þorski en fiskifræðingar mæltu með. Sambærileg tala fyrir tímabilið 1984–1990 er 35%. Túlka má þessar tölur svo að þágildandi stjórnkerfi fiskveiða hafi stuðlað að ofveiði í þorski.

Þróunin 1991–2000

Í ársbyrjun 1991 var komið á fót tiltölulega samræmdu kerfi einstaklingsbundinna og framseljanlegra aflaheimilda við stjórn fiskveiða. Með þessu var Ísland á margan hátt frumkvöðull á sviði fiskveiðistjórnar og það sama átti við þegar tekin var upp aflaregla við stjórn þorskveiða árið 1995. Að mínu mati voru báðar þessar ákvarðanir líklegar til að auka þjóðhagslega hagkvæmni fiskveiða í atvinnuskyni þótt ávallt hafi verið erfitt að fylgja þeim eftir með markvissum hætti, svo sem vegna þess hve stjórn fiskveiða er umdeilt mál á vettvangi íslenskra stjórnmála.

Þessi pólitíski veruleiki skýrir að mestu leyti þau fjölbreyttu frávik sem leyfð hafa verið frá meginreglum aflahlutdeildarkerfisins (kvótakerfisins). Sem dæmi veiddi svokallaður krókabátafloti 31.295 tonn af þorski fiskveiðiárið 1993/94

> Það kemur ekki af sjálfu sér að tryggja sjálfbærar þorskveiðar. Nauðsynlegt er að taka erfiðar ákvarðanir og fylgja þeim eftir.

þegar reiknað var með að hann veiddi 3.410 tonn. Veiðar af þessu tagi gerðu m.a. að verkum að landaður heildarþorskafli á tímabilinu 1. janúar 1991 til 31. ágúst 2000 var að meðaltali 10% hærri en þorskveiðiráðgjöf fiskifræðinga.

Þróunin 2000–2012

Síðustu leifar flókinna sóknardagakerfa krókabáta hurfu ekki endanlega af sjónarsviðinu fyrr en fiskveiðiárin 2004/05–05/06. Þetta ýtti undir þorskveiðar umfram áætlanir, t.d. veiddu svokallaðir handfærabátar 542% umfram aflaviðmið í þorski fiskveiðiárið 2001/02. Umframveiðar af þessu tagi voru vart til þess fallnar að styrkja stjórn veiðanna en talið er að of mikið veiðiálag hafi ýtt undir slaka nýliðun þorskstofnsins á árabilinu 2001–2007. Sumarið 2007 var sú ákvörðun tekin, í samræmi við tillögur fiskifræðinga, að breyta þágildandi aflareglu og lækka þannig verulega leyfilegan heildarafla í þorski. Þessi stefna, að minnka veiðiálagið á þorskstofninn frá því sem áður tíðkaðist, hefur haldist að mestu leyti. Eigi að síður var landaður heildarþorskafli að meðaltali 10% hærri en þorskveiðiráðgjöf fiskifræðinga á tímabilinu 1. september 2000 til 31. ágúst 2011.

Sjálfbærar þorskveiðar

Nú er svo komið að það er samdóma álit fiskifræðinga og sjó-

manna að staða þorskstofnsins sé góð. Þetta er ánægjuleg þróun. Rekstur núverandi stjórnkerfis þorskveiða virðist því stuðla að fiskvernd að tilteknum forsendum uppfylltum, svo sem þeim að farið sé eftir tillögum fiskifræðinga um leyfilegan árlegan heildarafla, bæði í orði og á borði.

Það kemur ekki af sjálfu sér að tryggja sjálfbærar þorskveiðar. Nauðsynlegt er að taka erfiðar ákvarðanir og fylgja þeim eftir.

Höfundur er lögfræðingur og gegnir stöðu sérfræðings við Lagastofnun Háskóla Íslands. Sérfræðingsstaðan hefur verið fjármögnuð á grundvelli tveggja samstarfssamninga Lagastofnunar og Landssambands íslenskra útvegsmanna.



Franska kosningavorið – fernar kosningar um forseta og þingmeirihluta

Stjórnmál

Torfi. H. Tulinius

prófessor í íslenskum miðaldafræðum við HÍ

22. apríl og 6. maí kjósa Frakkar forseta. Mánuði síðar, 10. og 17. júní, greiða þeir atkvæði um nýtt löggjafarþing. Það er ekki venja að kjósa í tveimur umferðum í þeim löndum sem eru næst okkur og ekki heldur að hafa þingkosningar í beinu framhaldi af forsetakosningum. Hér birtist sérstaða franskrar stjórnskipunar þar sem forseti lýðveldisins hefur beina aðild að stjórn landsins hafi hann til þess þingmeirihluta, en fer með utanríkis- og varnarmál hvort sem hann hefur meirihluta á þingi eður ei. Í þingkosningunum er landinu skipt í einmenningskjördæmi og því þarf að kjósa aftur á milli þeirra tveggja sem hæstir eru í fyrri umferð í þeirri seinni. Sama gildir um forsetaembættið enda þykir ekki forsvaranlegt að sá sem situr í svo valdamiklu embætti hafi á bak við sig minna en helming atkvæða landsmanna.

Þetta fyrirkomulag skýrir um margt hegðun bæði stjórnmálamanna og almennings í kosningabaráttunni. Frambjóðendur til forseta eru margir (að þessu sinni tíu) og eru fulltrúar ólíkra stefna og skoðana. Fyrir þá sem eiga von um að komast áfram í seinni umferð skiptir öllu máli að tryggja sér annað af tveimur sætum þar. Sósíalistinn Lionel Jospin, sem hafði verið farsæll forsætisráðherra frá 1997, lenti í þriðja sæti í fyrri umferð í forsetakosningunum 2002 og var því úr leik í þeirri seinni, þótt hann hefði sennilega sigrað sitjandi forseta, Jacques Chirac, hefði hann komist áfram. Líklegt fylgi hans í seinni umferðinni dreifðist á of marga frambjóðendur vinstri manna í þeirri fyrri. Kjósendur sem ýmist töldu hann vera of langt til hægri eða vinstri vildu senda honum skilaboð um breytta stefnu í fyrri umferðinni, þótt þeir hefðu flestir talið hann skárri kost en Chirac, sitjandi forseta. Hægri öfgamaðurinn Jean-Marie Le Pen skaust fram fyrir Jospin í fyrri umferð og því hlaut hinn aldni Chirac yfirburðakosningu í seinni umferðinni, þar sem vinstri, miðju og frjálslyndir hægri menn sameinuðust um að halda Le Pen og stefnu hans gegn innflytjendum frá völdum.

Snemma í kosningabaráttunni virðist Sarkozy hafa áttað sig á því að hann gæti lent í svipaðri stöðu, og misst hina nýju forystukonu Þjóðfylkingarinnar, Marine Le Pen, fram fyrir sig. Því hefur hann lagt allt kapp á að tryggja sér sem mest af fylgi hennar með yfirlýsingum um hertar reglur gegn nýjum innflytjendum og endurskoðun á Schengen-sáttmálanum. Hættan við þessa stefnu er að tapa fylgi á miðjunni. Því hefur hann tryggt sér stuðning einstakra stjórnmálamanna sem teljast frjálslyndir, m.a. í innflytjendamálum og eru það skilaboð til miðjunnar um að hann sé þrátt fyrir allt enginn öfgamaður í þessum málum. Þessi hegðun forsetaframbjóðenda í baráttunni fyrir fyrri umferð kallast „le grand écart“. Myndlíkingin er tekin úr dansi og merkir að fara í splitt. Þeir frambjóðendur sem ætla sér að komast áfram verða að teygja sig sem víðast yfir hið pólítíska litróf til að tryggja að þeir verði annar af tveimur sem berjast áfram í seinni umferðinni.

> Ef annar þessara tveggja dettur af einhverjum ástæðum út eftir fyrri umferð verður staðan enn opnari og erfiðara að spá um útkomuna.

Þetta gildir líka um François Hollande, frambjóðanda sósíalista. Í upphafi kosningabaráttunnar virðist hann hafa talið að vinstri menn hefðu lært af reynslunni frá 2002 og myndu forðast sundrungu. Hann gerði bandalag við græningja um að tryggja þeim örugg sæti í þingkosningunum í júní hétu þeir því að lýsa yfir stuðningi við hann í seinni umferð forsetakosningana. Nú hefur staðan breyst. Eva Joly, frambjóðandi græningja, hefur ekki fengið hljómgrunn meðal kjósenda. Aftur á móti hefur Mélenchon, sem er boðinn fram af bandalagi flokka sem eru vinstra megin við Sósíalistaflokkinn, vakið meiri lukku og gæti velt bæði Le Pen og frambjóðanda miðjumanna, Bayrou, úr sessi „þriðja mannsins“ í forsetakosningunum, þ.e. þess sem hugsanlega gæti skotist fram úr öðrum hvorum „stóra“ frambjóðandanum.

Að þessu þarf Hollande að huga og reyna að biðla til vinstri manna með loforðum um aukna skattlagningu hinna betur megandi og verndun velferðarkerfisins, en jafnframt að sannfæra miðjuna um að hann sé rétti maðurinn til að takast á við þann alvarlega efnahagsvanda sem Frakkar standa nú frammi fyrir.

Hvað sem kemur upp úr kjörkössunum nk. sunnudag breytist áferð og inntak kosningabaráttunnar um leið og seinni umferð hefst. Líklegast er að sitjandi forseti Sarkozy og sósíalistinn Hollande keppi þá um hylli franskra kjósenda. Eins og er segja skoðanakannanir að Hollande muni sigra með yfirburðum. Sarkozy telur að það muni breytast um leið og Frakkar standa frammi fyrir valinu milli sín, sem hefur reynslu af því að stýra landinu, bæði sem forseti og ráðherra, og Hollande, sem einvörðungu hefur starfað sem þingmaður, ráðgjafi forseta og ráðherra en fyrst og fremst sem formaður Sósíalistaflokksins um árabil. Ef annar þessara tveggja dettur af einhverjum ástæðum út eftir fyrri umferð verður staðan enn opnari og erfiðara að spá um útkomuna. Það er því spennandi kosningavor framundan í Frakklandi.

Ofþolinmæði skuldara

Fjármál

Birgir Örn Guðjónsson

eiginmaður og faðir

Mér finnst stundum eins og ég sé í hlutverki fábjánans í fáránleikhúsi þjóðfélagsins í dag. Ég er einhver nöldrandi fýlupúki sem getur ekki séð að allt er á blússandi uppleið. Hagstofan staðfesti þetta meira að segja um daginn þegar hún sagði m.a að kaupmátturinn hjá mér væri svipaður og árið 2004. Það hlýtur því að vera tóm ímyndun að launin mín dugi ekki út mánuðinn og að ég sé tæknilega gjaldþrota út af verðtryggðu húsnæðisláni sem ég tók vegna íbúðarinnar minnar árið 2006. Ég hlýt að vera sá eini sem er í þessari stöðu. Eða hvað?

Nei, ég hef alveg tekið eftir því að það eru fleiri ósáttir við sinn hlut í dag. Það hefur t.d ekki farið framhjá neinum að sumir bankastjórar eru drullufúlir, eðlilega. Einn er farinn í mál, annar hótar að hætta og sá þriðji er fúll yfir því að fá ekki einhverjar 100 milljónir sem hann segist eiga inni. Já, lífið er ósanngjarnt.

Stundum verð ég ótrúlega þreyttur á þessum endalausa barningi við kerfið og að vera í hlutverki nöldrarans. Ég er lífsglaður og hamingjusamur fjölskyldufaðir sem á frábæra eiginkonu og yndisleg börn. Stundum langar mig bara til að gefast upp og spila með í Pollýönnuleiknum þar sem allt er svo frábært og framtíðin björt. En þá slær raunveruleikinn mig utan undir með tómu veskinu og ég fatta að ég verð að halda áfram að berjast. Það er of mikið í húfi.

Það má ekki takast að sváfa okkur með þögninni eða kaffæra með sífellt nýjum hitamálum dagsins í dag. Forsetakosningarnar, stjórnarskráin, kvótamálin og ESB eru allt mjög mikilvæg mál en þau eru ekki töfrabragð sem lætur okkur hverfa. Við erum hér enn. Aularnir sem tókum verðtryggð húsnæðislán sem stökkbreyttust í öskrandi sístækkandi ófreskju. Vandamál okkar eru raunveruleg og þarfnast raunverulegra lausna.

Eftir ónáttúruhamfarir hrunsins eru fjölmargar venjulegar fjölskyldur fastar í fjöldagröf fátæktar. Það er sannleikurinn, þó svo að einhverjir talnasérfræðingar reyni kannski að sannfæra okkur um annað. Við erum orðin þreytt á að fá sendar vistir ofan í gröfina til þess að halda í okkur lífi. Við viljum heldur fá sendan spotta svo við komumst upp úr þessari gröf og getum séð fram á einhverja framtíð í okkar annars frábæra landi.

Það er ekki í lagi að ýta verðtryggingunni og leiðréttingu húsnæðislána stanslaust til hliðar. Sumir segja að stjórnvöld ætli að salta þetta þar til nær dregur kosningum til þess að geta sett þessi mál í kosningaloforðabankann. Ég trúi ekki að það sé raunin. Fórnarkostnaðurinn við það yrði of mikill. Stjórnvöld og lánastofnanir verða að fara að bretta upp ermar og taka á þessum málum fyrir alvöru, ekki seinna en strax. Ég veit að þolinmæði er dyggð en ég er ekki viss um að við höfum efni á henni mikið lengur.

Tölum um það sem skiptir máli

Efnahagsmál

Pétur Jakob Pétursson

gæða- og framleiðslustjóri hjá Deutsche Fischfang Union GmbH (DFFU)

Mig langaði að skrifa grein fyrir okkar ágætu alþingismenn og ríkisstarfsmenn. Mig langaði að benda á nokkur atriði sem því miður hafa ekki fengið nægilega mikið vægi í almennri umræðu. Nú hafa rúm 5.480 manns flutt af landi brott umfram það fólk sem flutt hefur til Íslands frá árinu 2009 eða síðan þessi ríkisstjórn tók við. Þetta hefur fengið umfjöllun en ekki sá mikli auður sem fer með þessum einstaklingum. Nefnilega verðmætin sem þessir einstaklingar skapa og ævitekjur þessa fólks. Ef við einföldum málið í litlu reiknisdæmi og miðum við meðalheildarlaun fólks árið 2009 samkvæmt Hagstofunni.

- Fáum við að mánaðarlaunin eru 366 þúsund krónur á mánuði eða tæpar 4,4 milljónir króna á ári.
- Ef við gefum okkur að þetta fólk vinni 40 ár af ævinni með tæpar 4,4 milljónir á ári, gefur það okkur að hver einstaklingur vinnur sér inn tæpar 176 milljónir króna í heildarlaun yfir ævina.
- Ef við margföldum svo ævitekjur einstaklings með fjölda brottfluttra frá árinu 2009 til 2011 eða 5.480 einstaklingar fáum við rúma 960 milljarða króna í heildarævitekjur sem þessir einstaklingar vinna sér inn. Til einföldunar er ekki tekið tillit til almennra launahækkana yfir ævina.

Hvað væru því skatttekjurnar af þessum rúmum 960 milljörðum króna? Ríkið, við fólkið verðum af 365 milljörðum króna yfir 40 ára tímabil frá þessum 5.480 einstaklingum sem eru nú brottfluttir.

Núna er verið að vinna í að kollvarpa aðalundirstöðuatvinnugrein Íslands, sjávarútveginum og menn horfa með glampa í augunum á að taka út úr greininni aukalega 25 milljarða króna, í formi skatta, á næsta ári. Ef núverandi ríkisstjórn myndi nú leggja meiri metnað í að skapa ný störf og stöðugt og gott atvinnuumhverfi fyrir bæði gömul og ný fyrirtæki, gæti hún reynt að laða þessa 5.480 einstaklinga aftur heim. Skatttekjurnar af þeim á einu ári nema rúmum 9 milljörðum króna miðað við 4,4 milljónir í heildartekjur einstaklings og 38% skatt.

Ég er þrítugur, þriggja barna faðir og það er verið að þurrka út mína kynslóð með verðtryggingunni, metnaðarleysi í atvinnumálum og skort á framtíðarsýn fyrir Ísland. Svo ég vitni í úttekt sem gerð var af Verkalýðsfélagi Akraness þá var verðmætasköpun síðustu loðnuvertíðar áætluð 30 milljarðar króna og hefur ekki verið svona góð í áratugi. Á sama tímabili þá hækkuðu verðtryggðar skuldir heimilanna um 30,5 milljarða króna, sem sagt þurrkaði út þann auð sem ein besta loðnuvertíð síðari ára skapaði fyrir íslenskt þjóðarbú.

Að lokum vil ég hvetja alþingismenn og starfsfólk ríkisstofnana til að hætta að eyða tíma og orku í hluti sem skipta minna máli, t.d. nýja stjórnarskrá, breytingu á ráðuneytum, löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga og kjarnorkuendurvinnslustöðina í Sellafield og fleiri og fleiri mál. Ég bið ykkur frekar að fara að vinna að því sem raunverulega skiptir máli, skapa heilbrigt og stöðugt atvinnuumhverfi, heilnæma framtíðarsýn fyrir Ísland og afnema verðtrygginguna sem er að sliga þetta þjóðfélag.

Barnamenningarhátíð í Reykjavík 2012

DAGSKRÁ Á SUMARDAGINN FYRSTA 2012 Í REYKJAVÍK
HVERFAHÁTÍÐIR

Fimmtudagurinn 19. apríl:

Miðborg, Hlíðar

11.00–16.00 Skapandi smíðasmiðja Kamps
Frístundamiðstöðin Kampur býður gestum upp á að sleppa ímyndunaraflinu lausu við smíðar, tálgun, leik og sköpun undir leiðsögn starfsmanna. ***Klambratún við Kjarvalsstaði.***
11.00–16.00 Mósaíksmiðja Kamps og Kjarvalstaða
Krakkar af frístundaheimilinu Halastjarnan bjóða upp á gagnvirkt mósaíkverk í tengslum við sýningu spænska listamannsins Antoni Tapies. Þar er gestum boðið að setja sitt mark á verkið með því að hlaða á það hlutum úr eigin menningu.
Kjarvalsstaðir, Flókagata 24.

Vesturbær

9:00–11:00 Bjartsýnisbusl
Sundlaug Vesturbæjar býður gestum frítt í sund þar sem margt skemmtilegt verður í boði. Synt verður inn í sumarið með bjartsýni að leiðarljósi. ***Vesturbæjarlaug við Hofsvallargötu.***
11:00–11:30 Skrúðganga
Við sömnumst saman í skrúðgöngu fyrir framan Melaskóla og marserum saman inn í sumarið með lúðrasveit og glaða skáta í fararbroddi. **Melaskóli, Hagamelur 1.**
11:30–13:00 Hátíðahöld við Frostaskjól
Hoppukastali, kassaklifur, þrautabraut KR, pylsur, candyfloss og aðrar veitingar, leiktæki, tónlist og söngur barna og unglinga í starfi Frostaskjóls og margt fleira.
Frístundamiðstöðin Frostaskjól, Frostaskjóli 2.

11:00–13:00 Yfirlitssýning frístundaheimilanna í Frostaskjóli
Fáðu innsýn í menningarheim barna á sýningu með ljósmyndum og munum frá ýmsum viðburðum s.s. Barnamet í Vesturbæ, Dans, dans, dans og Kassabílarallý frístundaheimilanna. ***Frístundamiðstöðin Frostaskjól, Frostaskjóli 2.***

Bústaðahverfi

12:00 Grill
Boðið verður í gómsætt sumargrill í Grímsbæ. ***Grímsbær, Efstalandi 26.***
13:00 Skrúðganga
Við marserum saman inn í sumarið undir taktföstum lúðrablæstri Skólahljómsveitar Austurbæjar. Hefjum förina við Grímsbæ og endum í Bústaðarkirkju. ***Grímsbær, Efstalandi 26.***
13:25 Samverustund
Samverustund fjölskyldunnar í Bústaðakirkju–fjölmörg skemmtileg söngatriði.
Bústaðarkirkja við Tunguveg.
14:10 Sumarstuð í Víkingsheimilinu.
Víkingshlaupið, andlitsmálun, hoppukastalar, söngatriði, atriði frá félagsmiðstöðinni Hæðargarði, myndasýning leikskólabarna og fleira.
Víkingsheimilið, Traðarlandi 1.

Háaleiti

11.00 til 13.00 Hátíðahöld við Tónabæ
Fjölbreytt dagskrá fyrir utan félagsmiðstöðina Tónabæ og frístundaheimilið Álftabæ, skemmtiatriði í boði unglinga og barna úr hverfinu, andlitsmálning, leiktæki og grillaðar pylsur. ***Tónabær–Álftabær, Safamýri 28.***

Laugardalur

11.00 –14.00 Hátíðahöld við Þróttheima
Félagsmiðstöðin Þróttheimar og frístundaheimilið Glaðheimar fagna sumri og sýna listaverk eftir börn og unglinga í hverfinu. Einnig verða útileikir, andlitsmálning og brjóstsykursgerð í boði, grillaðar pylsur og frosnir bananar. Útvarp Kærleikur verður í gangi og tekur gesti og gangandi í viðtöl.
Þróttheimar–Glaðheimar, Holtavegi 11.

Breiðholt

11:00–14:00 Hátíðahöld í Hólmaseli.
Candyfloss, hoppukastali, pylsusala, andlitsmálning og óvæntar uppákomur í boði fyrir gesti og gangandi.
11:00–14:00 Skemmtiatriði barna og unglinga úr hverfinu
Krakkar af frístundaheimilum í Breiðholti sýna afraksturinn úr danssmiðjum, listasmiðjum og tónlistarsmiðjum. ***Hólmasel, Hólmaseli 4–6.***

Árbær

9:00– 10:30 Sullumbull
Árbæjarlaug býður gestum frítt í sund þar sem margt skemmtilegt verður í boði.
Árbæjarlaug, Fylkisvegi 9.
10:30 Skrúðganga
Við söfnumst saman í skrúðgöngu fyrir framan Árbæjarlaug og marserum saman inn í sumarið að Árbæjarkirkju. ***Árbæjarlaug, Fylkisvegi 9.***
11:00 Messa
Sumarmessa í Árbæjarkirkju. ***Árbæjarkirkja, Rofabæ.***
11:30 Skemmtidagskrá
Fjölbreytt skemmtidagskrá verður í boði á Árbæjartorgi. Skemmtiatriði, ýmislegt til sölu, leiktæki o.fl. ***Árbæjartorg.***

Grafarholt

10:00 Víðavangshlaup Fram
12:30 Skrúðganga
Við söfnumst saman í skrúðgöngu fyrir framan Sæmundarskóla og marserum saman inn í sumarið að Guðríðarkirkju. ***Sæmundarskóli, Gvendargeisla 168.***
13:00 Helgistund
Sumarmessa í Guðríðarkirkju. ***Guðríðarkirkja, Kirkjustétt 8.***
13:30 Hátíðahöld
Skemmtidagskrá verður í boði í Ingunnarskóla og við Grafarholtstorg. Frambingó, leiktæki, ýmislegt til sölu, krítað á kirkjustétt o.fl. ***Ingunnarskóli, Maríubaugi 1.***

Grafarvogur

11:30 Skrúðganga
Við söfnumst saman í skrúðgöngu fyrir framan Spöngina og marserum saman inn í sumarið að Rimaskóla. ***Spöngin.***
12:00–14:00 Hátíðahöld við Rimaskóla
Töframaður, tónlistarflutningur frá tónlistarskólum og félagsmiðstöðvum, danssýning, götuhokký, sýning á afrakstri listadaga frístundaheimila og félagsmiðstöðva Gufunesbæjar, leiktæki, veitingasala o.fl. ***Rimaskóli, Rósarima.***

Skoðaðu einnig fjölbreytta dagskrá Barnamenningarhátíðar á www.barnamenningarhatid.is

Reykjavíkurborg

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

www.baddydesign.com

Við þurfum menntun sem hentar 21. öldinni

Menntamál

Ísak Rúnarsson
framhaldsskólanemi

Á löngum skóladögum undanfarin ár hef ég hugleitt hvað ég sé eiginlega að gera í skóla. Ég hef íhugað að hætta; íslenskutímar eru andlausir, samt hef ég gaman af bókmenntum; raungreinatímar eru vélrænir, samt finnst mér gaman að vita meira um verkan hluta í heiminum; erlend tungumál staglið uppmálað, samt finnst mér fátt skemmtilegra en að tala við útlendinga. Ég er heldur ekki sá eini sem líður svona því rannsóknir sýna að árið 2010 fannst um 30% drengja og 17% stúlkna leiðinlegt í skólanum. Ég tel að það hafi minna með nemendurna að gera en skólakerfið. Til þess að menntun geti skilað þeim árangri sem til er ætlast verður að mínu mati að beita nýrri aðferða- og hugmyndafræði.

Virkni, sköpun og ábyrgð

Ég trúi því að menntun eigi fyrst og fremst að stuðla að sterkri sjálfsmynd einstaklingsins, því að með sterkri sjálfsmynd fylgja bestu eiginleikar mannskepnunnar, s.s. ábyrgðartilfinning, siðgæði, frumleiki, sjálfstæð hugsun, sköpun, heiðarleiki, hugsjónir, auðmýkt, sjálfstraust, gjafmildi, sjálfsþekking og eldmóður. Með þessum kostum er þekking, leikni og hæfni ekki langt undan. Hvernig er best að gera þessa hugsjón að veruleika? Hvaða aðferðafræði á að beita? Þeirri sem þú telur að gagnist barninu þínu best.

Brýnt er að breyta bæði námsefni og kennsluháttum. Í fyrsta lagi þarf að virkja nemendur, skipta út fyrirlestrum og tala við nemendur í stað þess að tala til þeirra. Það þarf að koma upp öflugu hópvinnukerfi sem og umræðutímum þar sem einblínt er á upplifun og reynslu nemenda af því efni sem til umfjöllunar er hverju sinni. Nemendur þurfa að vera þátttakendur í lærdómsferlinu en ekki áhorfendur. Þessi aðferð er í samræmi við þróun í menntakerfum heimsins en nokkrir af virtustu háskólum Bandaríkjanna, MIT, Harvard, USC o.fl., hafa tekið hana upp.

Í öðru lagi þarf að efla sköpunarþáttinn. Þá er ég ekki aðeins að tala um sköpun í listum heldur í víðara samhengi því sköpun er í raun sá eiginleiki að geta hugsað út fyrir rammann. Þó að sköpun sé einn af grunnþáttum menntunar samkvæmt núverandi aðalnámskrá virðist hafa gleymst að stimpla inn tvo fyrstu stafina því oftar er einblínt á öpun í stað sköpunar. Sumir hafa jafnvel gengið svo langt að segja að menntakerfið í núverandi mynd hamli sköpunarkraftinum. Meðal þeirra er einn virtasti menntamálafrömuður heims, Sir Ken Robinson. Í núverandi kerfi þarf nemandinn ekki að sýna neina sjálfstæða hugsun sem heitið getur en það er þó grundvöllurinn fyrir því að verða virkur þátttakandi í lýðræðissamfélagi eins og okkar.

Í þriðja lagi þarf að breyta öllu okkar viðhorfi til ábyrgðar og frelsis. Í menntakerfinu er yfirleitt ekki fjallað um annað en skyldur, kröfur, boð og bönn. Hins vegar er mjög mikilvægt fyrir þroska einstaklings að venjast því að hafa frelsi en afla sér samhliða reynslu af ábyrgðinni sem þarf til þess að höndla frelsið.

Gott dæmi um það finnst mér vera mætingarskylda sem ég tel vænlegra að fella niður í núverandi formi í litlum skrefum frá og með 6.-7. bekk. Í því sambandi mætti hugsa sér að setja fyrir hópverkefni og krakkarnir sjálfir byggju til sína verkáætlun fyrir vikuna. Þeim yrði gefið frelsið til þess að skipuleggja sig, en kennarar og foreldrar hefðu eftirlit með því. Nemendur yrðu að mæta þegar þeir segðust ætla að mæta og vinna verkefnin sem þeir segðust ætla að vinna. Með árunum lærðu þeir að taka æ meiri ábyrgð á eigin námi og þegar í menntaskóla kæmi fengju þeir að velja sér áfanga og mætingarskylda yrði engin. Þetta myndi stórefla skilning ungs fólks á samspili ábyrgðar og frelsis.

Óraunverulegt?

Er þessi hugsjón í samræmi við raunveruleikann? gæti einhver spurt. Tengingin við raunveruleikann er einmitt mikilvægust af öllu vegna þess að námsefnið þarf að tengjast því sem er að gerast í samfélaginu. Það má bjóða fram alla heimsins vitneskju en ef hún tengist ekki veruleika viðtakandans, hefur hann ekki áhuga á henni og það er eitt helsta vandamál menntakerfisins í dag. Það er ekki í núinu, það er veruleikafirrt.

Þegar iðnbyltingin gekk í garð á 18. öld og til stóð að bylta menntakerfinu svo að allir fengju grunnmenntun voru margar gagnrýnisraddir sem sögðu það óraunhæft, aldrei yrði hægt að kenna öllum, fátæka fólkið væri of heimskt. Þær efasemdaraddir voru kveðnar niður og nú hafa allir rétt á menntun, en í grundvallaratriðum hefur lítil sem engin framþróun orðið síðan þá og núna þurfum við að taka næsta stökk því annars er hætt við að ungt fólk missi smám saman áhugann á menntakerfi sem á rætur að rekja til iðnbyltingarinnar og tók mið af allt öðruvísi samfélagi.

Síðan eru liðin 250 ár og nú er komið nóg, tíma hvers nemanda er sólundað í a.m.k. tíu ár. Enn átakanlegra er að sumu af því mikilvægasta sem við eigum hefur verið misþyrmt: fróðleiksfýsninni, sköpunarkraftinum og jafnvel framkvæmdagleðinni. Ég á mér þann draum að nýtt menntakerfi verði að veruleika, fyrir mig, þig og komandi kynslóðir. En allir þurfa að leggjast á eitt til þess að ná því fram. Við þurfum að láta vita af því að núverandi menntakerfi sé meingallað og ekki mönnum bjóðandi.

Viðskiptabann og skemmdarverk

Viðskipti

Gylfi Páll Hersir
stjórnarmaður í Vináttufélagi Íslands og Kúbu

Um fimmtíu ár eru síðan John F. Kennedy Bandaríkjaforseti setti allsherjar viðskiptabann á nýstofnað byltingarríkið á Kúbu, 3. febrúar 1962. Bannið var þáttur í stigvaxandi efnahagslegum refsiaðgerðum, en innrás árið áður hafði mistekist. Allar götur síðan hefur efnahagsstríð verið lykilatriði í tilraunum Bandaríkjastjórnar til að endurreisa kapítalisma á Kúbu.

Fjandsamleg afstaða Bandaríkjastjórnar og annarra heimsvaldaríkja gagnvart Kúbu, þ.á m. Íslands, stafar hvorki af óskynsemi né skammtímahagsmunum, né af áhrifum hægrisinna í Miami. Hún stafar af heildarhagsmunum ríkjandi afla. Ráðastéttin í Bandaríkjunum er enn að refsa alþýðufólki á Kúbu fyrir það að taka völdin í janúarbyrjun árið 1959 og halda þeim; fyrir að stökkva spilltri ráðastétt á flótta og endurheimta eigur sínar frá bandarískum auðmönnum sem drottnuðu yfir landinu. Ófyrirgefanlegt, ekki síst af því að í Mið- og Suður-Ameríku, ef ekki víðar, gæti verið á dagskrá að rísa upp og taka málin í sínar hendur; skipuleggja samfélagið á annan hátt.

Aðalsynd byltingarleiðtoganna á Kúbu var að standa við það sem þeir sögðust ætla að gera. Á fyrstu mánuðum byltingarinnar voru vextir skornir niður og bannað að mismuna fólki á grundvelli kynþátta. Jarðnæði stærstu jarðeigendanna var tekið eignarnámi og úthlutað til jarðnæðislausra smábænda til ræktar. Stór hluti jarðnæðis, framleiðslutæki, verksmiðjur og innri gerð samfélagsins – allt frá sykurekrum til olíuhreinsunarstöðva, spilavíta og símafyrirtækja – var í höndum bandarískra aðila líkt og gildir um nýlendur.

Þegar bandarískum valdhöfum varð ljóst að ekki var hægt að múta nýju byltingarforystunni, neituðu eigendur olíuhreinsunarstöðva á Kúbu að hreinsa olíu sem keypt hafði verið í Sovétríkjunum. Það var um mitt ár 1960. Í kjölfarið tók verkafólk stöðvarnar yfir og hélt vinnslunni áfram. Svar Eisenhowers, þáverandi forseta, var að ógilda samning um aðalútflutningsvöru Kúbu, sykur. Á eftir fylgdi efnahagsleg hryðjuverkastarfsemi. Kúbustjórn brást við með því að yfirtaka næstum allan stærri iðnað sem kúbanskir aðilar áttu og öll bandarísk fyrirtæki. Um miðjan október var búið að þjóðnýta alla banka, að kanadískum bönkum undanskildum. Settar voru skorður við húsaleigu og miðað við hámark 10% tekna fjölskyldunnar. Um þær mundir bannaði Eisenhower allan útflutning til Kúbu, að undanskildum matvælum og lyfjum. Í apríl 1961 gersigruðu Kúbanir á innan við þremur dögum innrásarlið málaliða við Svínaflóa, sem bandarísk stjórnvöld skipulögðu.

Daginn eftir að Kennedy tilkynnti um viðskiptabannið 3. febrúar 1962 mætti milljón Kúbana á byltingartorgið í Havana, en þaðan kemur „Önnur Havanayfirlýsingin“ sem var flutt af forsætisráðherra landsins, Fídel Castró. Árásarstefna Bandaríkjastjórnar helgast af ótta, segir þar: „Ekki ótta við kúbönsku byltinguna, heldur af ótta við byltingu í Rómönsku Ameríku; ótta við að undirokaðir íbúar álfunnar vinni sigur á kúgurum sínum og geri eins og Kúba, lýsi sig frjálsa menn í Ameríku“.

Næstu mánuði greip ríkisstjórn Kennedy til ýmissa ráðstafana sem gerðu þjóðum í Evrópu og Rómönsku Ameríku erfitt fyrir með að stunda viðskipti við Kúbu. Í október 1962 lá við að Bandaríkin hæfu kjarnorkustyrjöld í svokallaðri Kúbudeilu, en forsetinn dró í land þar sem ljóst var hve stórt gjaldið yrði andspænis þeirri staðfestu Kúbana að verja land sitt og byltinguna. „Það er á hreinu hjá okkur að ráðist þeir á okkur verður árásarliðinu tortímt,“ sagði Castró í fjöldafundi í aðdraganda atburðanna. Áætlun hernaðaryfirvalda í Pentagon var að 18.500 Bandaríkjamenn myndu falla á fyrstu 10 dögum fyrirhugaðrar innrásar, pólitískt verð sem heimsvaldasinnar voru ekki reiðubúnir til þess að greiða.

Í júlí 1963 bannaði Kennedy bandarískum borgurum að ferðast til Kúbu eða eiga viðskipti við landið. Í fimm áratugi hefur efnahags- og viðskiptabannið kostað þjóðina 975 þúsund milljónir dollara að mati kúbanskra stjórnvalda. Á síðasta áratug síðustu aldar herti Bandaríkjastjórn bannið á sama tíma og djúp efnahagskreppa ríkti á Kúbu vegna hruns viðskipta við Sovétríkin. Það varð ólöglegt fyrir erlend dótturfyrirtæki bandarískra fyrirtækja að stunda viðskipti við Kúbu. Sex mánaða hafnbann var sett á skip sem landað höfðu á Kúbu. Nýlega varð að flytja fund Kúbu og Caricom (viðskiptabandalag Karíbahafslanda) frá Hilton hótelinu á Trinidad og Tobago, þótt hótelið sé í eigu þarlendra stjórnvalda, en því er stjórnað af Hilton Worldwide.

Bandaríkjastjórn hefur tekið nýja tækni í þjónustu sína með því að trufla samskipti, nota internetið og aðra miðla fyrir áróðursstarfsemi og afskipti af innanríkismálum á Kúbu. Síðastliðið haust tók fyrirtækið Washington Software í Maryland að sér að setja upp kerfi fyrir ríkisfé, sem getur sent 24.000 smáskilaboð Bandaríkjastjórnar á viku hverri í alla farsíma á Kúbu.

Á síðasta ári samþykkti Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna í tuttugasta sinn að fordæma viðskiptabann Bandaríkjanna á Kúbu. Þrjú smáríki sátu hjá (Micronesia, Palau og Marshalleyjar) en aðeins Ísrael greiddi atkvæði gegn tillögunni auk Bandaríkjanna.

Stafir lífeyrissjóður starfaði í samtryggingardeild og séreignardeild á árinu 2011 og tók við iðgjöldum í samræmi við lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

Hrein eign til greiðslu lífeyris nam 91.461 millj. kr. og hafði aukist um 9,3% frá árinu 2010 þegar hún var 83.663 millj. kr.

Nafnávöxtun allra eigna 2011 var 7,5% en hrein raunávöxtun var 2,1%. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar sjóðsins síðustu fimm árin var neikvæð um 5,5% en var jákvæð um 1,3% síðustu tíu árin.

Í lok árs 2011 áttu 54.687 einstaklingar réttindi í sjóðnum. Á árinu 2011 greiddu 8.819 einstaklingar iðgjald til samtryggingardeildar Stafa og 1.732 launagreiðendur.

Á árinu 2011 fengu 4.452 lífeyrisþegar greitt úr samtryggingardeild alls 2.283 millj. kr. sem er aukning um 2% frá fyrra ári. Lífeyrisþegum fjölgaði um 6% á árinu eða um 257. Greiðslur úr séreignardeild námu um 443 millj. kr. sem er um 46% aukning frá fyrra ári.

Tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins hefur farið fram miðað við árslok 2011. Tryggingafræðileg staða sjóðsins er neikvæð um 8,6%.

Stafir lífeyrissjóður hefur undanfarin ár starfað við erfiðar aðstæður. Fjárfestingarkostir eru takmarkaðir og peningaleg eign ber lága vexti. Gjaldeyrishöft takmarka mjög getu sjóðsins til að dreifa áhættu.

Þrátt fyrir mikið tap hjá sjóðnum í kjölfar hruns er ljóst að hann hefur einungis bognað en ekki brotnað.

Verði lífeyrissjóðum landsins gert kleift að starfa við eðlilegar aðstæður má horfa til bjartari tíma.

KENNITÖLUR

	2011	2010
Nafnávöxtun	7,5%	2,7%
Hrein raunávöxtun	2,1%	0,1%
Hrein raunávöxtun (5 ára vegið meðaltal)	-5,5%	-4,2%
Hrein raunávöxtun (10 ára vegið meðaltal)	1,3%	0,6%
Fjöldi sjóðfélaga í samtryggingadeild	8.819	8.862
Fjöld lífeyrisþega í samtryggingadeild	4.452	4.195
Rekstrarkostnaður í % af iðgjöldum	2,98%	2,77%
Rekstrarkostnaður í % af eignum	0,14%	0,13%
Lífeyrir í % af iðgjöldum	57%	61%
Stöðugildi	12,8%	13,3

AÐALFUNDUR

Aðalfundur Stafa lífeyrissjóðs verður á Grand Hóteli Reykjavík þriðjudaginn 22. maí 2012 og hefst kl. 17:00.

STAFIR LÍFEYRISSJÓÐUR

Stórhöfða 31 | 110 Reykjavík | Sími 569 3000 | Fax 569 3001 | stafir@stafir.is | stafir.is

Vörugjöld eru fortíðardraugur

Viðskipti

Margrét Kristmannsdóttir
formaður SVÞ

Andrés Magnússon
framkvæmdastjóri SVÞ

SVÞ - Samtök verslunar og þjónustu höfðu frumkvæði að því á síðasta ári að hafin yrði vinna við greiningu vörugjaldskerfisins, en vinna þessi fór fram í náinni samvinnu við fjármálaráðuneytið. Tilgangur greiningarinnar var að varpa ljósi á umfang vörugjalda og þeim áhrifum sem þau hafa á kauphegðun neytenda. Afrakstur þeirrar vinnu kom svo út í skýrslu sem SVÞ gáfu út nýlega sem ber yfirskriftina „Vörugjaldskerfið á Íslandi“.

Með aðild Íslands að EFTA árið 1970 lækkuðu almennir tollar í samræmi við ákvæði aðildarsamningsins að EFTA. Til þess að mæta tekjutapi ríkisins vegna þeirra tollalækkana sem leiddu af EFTA-aðildinni var lagt sérstakt vörugjald á ýmsar vörur. Á árinu 1975 voru síðan sett bráðabirgðalög um sérstakt tímabundið vörugjald en samkvæmt þeim bar að greiða vörugjald af mun fleiri vöruflokkum en áður. Vörugjöldin voru ekki tímabundnari en það að þau eru enn við lýði! Núgildandi lög um vörugjald tóku gildi í upphafi ársins 1988. Á undanförnum árum hafa ýmsar breytingar átt sér stað á lögunum sem einkum felast í afnámi vörugjaldsins á einstökum tollskrárnúmerum og breytingum á gjaldflokkum. Við þessar breytingar hefur þess ekki verið gætt að sams konar vörur fái sambærilega meðferð. Þótt grunnhugsunin að baki álagningu vörugjaldsins sé að auka skatttekjur ríkissjóðs og í sumum tilvikum að stýra neyslu almennings er það skoðun okkar að upphaflegur tilgangur vörugjaldsins eigi ekki við í dag. Neytendur hafa hagsmuni af því að skattheimtu sé haldið í lágmarki en hagsmunir þeirra felast einnig í því að skattkerfið sé einfalt, hlutlaust, gagnsætt og skilvirkt, enda er sá háttur til þess fallinn að stuðla að heilbrigðri samkeppni og bæta verðskyn neytenda.

Yfirlit yfir heildartekjur ríkissjóðs af vörugjöldum 2010

Tegund	Tollur	Vsk	Vörugjald
Samlokugrill	7,50%	25,50%	20%
Brauðrist	0%	25,50%	0%
Sjónvarpsskjár	7,50%	25,50%	25%
Tölvuskjár	0%	25,50%	0%



Almennt vörugjald, sem er sá þáttur vörugjaldanna sem íslensk verslun lítur hvað mest hornauga, skilar nú u.þ.b. 4,9 milljörðum króna í tekjur fyrir ríkissjóð á ári sem er einungis rúmlega 10% af heildartekjum ríkissjóðs af vörugjöldum.

Íslensk verslun hefur um langa hríð barist fyrir afnámi almenna vörugjaldsins. Gjaldið hefur öll einkenni ósanngjarnrar skattheimtu. Það mismunar vöruflokkum og atvinnugreinum, það er ógagnsætt og dýrt í framkvæmd. Hér má sjá dæmi um slíka mismunun í flokki vara sem eru algengar á öllum heimilum.

Í matvörum má telja til að mjólkurvörur eru án vörugjalda, en ýmsar staðgönguvörur eins og sojamjólk og hrísgrjónamjólk bera hins vegar 16 krónu vörugjald á hvern lítra. Þessi dæmi sem valin eru af handahófi sýna glögglega að vörugjaldið er lagt á með mjög handahófskenndum hætti. Einkenni góðrar skattheimtu er gagnsæi í framkvæmd, sanngirni og hlutleysi milli vara og vöruflokka. Það á ekki að vera hlutverk löggjafans að ákveða hvort neytendur kaupa sojamólk eða kúamjólk, svo dæmi sé tekið. Hagsmunir einnar atvinnugreinar eru varðir á kostnað verslunarinnar. Þannig er íslenskur landbúnaður varinn með ofurtollum gegn innfluttri vöru enda vitað að við skreppum ekki til útlanda til að kaupa í matinn. Íslensk verslun býr að sama skapi við tolla og vörugjöld sem gerir vöruverð mun hærra hér en í þeim löndum sem við berum okkur saman við. En hér getur íslenski neytandinn – sá sem hefur efni á að ferðast – keypt sambærilega vöru erlendis án tolla og vörugjalda og oft einnig án virðisaukaskatts og flutt heim með sér.

Tollar og vörugjöld sem eiga að vernda störf í einni atvinnugrein, í þessu tilfelli störf í landbúnaði, virka þveröfugt í annarri með þeim afleiðingum að umtalsverð verslun flyst úr landi. Með því tapast verðmæt störf úr landi og verðmætar skatttekjur verða eftir erlendis. Störf í verslun og þjónustu eru nefnilega jafnverðmæt og í öðrum atvinnugreinum. Stjórnmálamönnum hefur í gegnum tíðina reynst erfitt að skilja þetta og þótt sjálfsagt og eðlilegt að draga taum sumra atvinnugreina á kostnað annarra.

Þar sem vörugjöld eru lögð á í nágrannalöndum okkar liggja skýrar forsendur að baki. Þar eru þessi gjöld lögð á vörur á borð við tóbak, áfengi, sykur, eldsneyti og bifreiðar. Tilgangur skattheimtunnar er að hafa áhrif á neysluna vegna meintra skaðlegra áhrifa þessara vara. Þar liggja skýrar forsendur á bak við álagningu vörugjaldsins sem leiðir til þess að skattkerfið er mun gagnsærra en hér á landi. Þar af leiðandi er viðhorf neytenda gagnvart vörugjaldinu mun jákvæðara, enda er vöruflokkum ekki mismunað með sama hætti og hér þekkist.

Jafnvel þótt vörugjaldið sé mikilvægur tekjustofn ríkisins mun tekjumissir vegna afnáms vörugjalda af ákveðnum vöruflokkum að öllum líkindum jafnast út til lengri tíma litið, þar sem lækkun vöruverðs leiðir til aukinnar sölu innanlands og þar af leiðandi aukinna tekna til ríkisins. Ástæða þess er sú að neytendur hafa ekki sama hvata til þess að kaupa vöru erlendis ef hún ber sambærileg gjöld hér á landi, en þannig leiðir núverandi kerfi ekki aðeins til misræmis heldur einnig til aukinnar hættu á undanskotum sem aftur leiðir til aukins kostnaðar vegna eftirlits.

Að tillögu SVÞ hefur fjármálaráðherra nú ákveðið að skipa starfshóp um heildarendurskoðun vörugjaldskerfisins. Það er mikið fagnaðarefni enda er það í fyrsta skipti í 25 ár sem farið er heildstætt ofan í saumana á þessu stagbætta kerfi. SVÞ munu eftir sem áður berjast fyrir afnámi vörugjaldsins í núverandi mynd, enda er gjaldið einn mesti skaðvaldurinn sem greinin býr við. Mikilvægast er þó að það takist að ná sátt um kerfi sem er gagnsætt, sanngjarnt og ódýrt í framkvæmd. Vörugjaldskerfið í núverandi mynd er draugur úr fortíðinni sem mikilvægt er að uppræta.

> Jafnvel þótt vörugjaldið sé mikilvægur tekjustofn ríkisins mun tekjumissir vegna afnáms vörugjalda af ákveðnum vöruflokkum að öllum líkindum jafnast út til lengri tíma litið, þar sem lækkun vöruverðs leiðir til…

Málþing um sjálfbært vatnafar

Haldið í húsnæði Náttúrufræðistofnunar Íslands, Urriðaholtsstræti 6-8, Garðabæ
Mánudaginn 23. apríl 2012, klukkan 15 – 17

Lífsgæði í blágrænu umhverfi - Íslenskt sýnidæmi í Urriðaholti

Viðfangsefnið

Við uppbyggingu byggðar verður yfirborð lands ógegndræpt og regnvatnið á ekki lengur greiða leið niður í jarðveginn. Á málþinginu verða ræddar svokallaðar blágrænar lausnir í byggð og tækifæri sem þeim tengjast, en þær eru hluti þeirra innviða sem koma skulu á næstu árum. Rætt verður um hvernig blágrænu lausnirnar geta styrkt um leið hið byggða umhverfi, en þær eru nú þegar til staðar í Urriðaholti í Garðabæ.

Málþing kl. 15 – 17

Fundarstjóri - Gunnar Einarsson bæjarstjóri Garðabæ

Kl. 15:00 – 15:10 **Setning.** Pétur Kristjánsson, formaður VAFRÍ

Kl. 15:10 – 15:30 **Um sjálfbært vatnafar í nútíð og framtíð.** Sveinn Þórólfsson, prófessor, Norwegian University of Sience and Technology

Kl. 15:30 – 15:50 **Framtíðarhönnuðir blágrænna lausna.** Hrund Ólöf Andradóttir, dósent, Háskóla Íslands

Kl. 15:50 – 16:10 **Kaffihlé - Myndband um sjálfbært vatnafar í Urriðaholti**

Kl. 16:10 – 16:30 **Frá hugmynd að veruleika - Blágrænar lausnir í Urriðaholti.** Halldóra Hreggviðsdóttir, ráðgjafi hjá Alta

Kl. 16:30 – 16:55 **Umræður með pallborði**
Aldís Ingimarsdóttir, stundakennari, Háskólanum í Reykjavík
Borgþór Magnússon, forstöðumaður vistfræðideildar, Náttúrufræðistofnun Íslands
Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur Garðabæjar
Sigurbjörg Sæmundsdóttir, deildarstjóri, umhverfisráðuneytinu
Sigurður Ingi Skarphéðinsson, tæknistjóri fráveitu, Orkuveitu Reykjavíkur

Kl. 16:55 – 17:00 **Lokaorð - Slit.** Gunnar Einarsson, bæjarstjóri

Í lok málþingsins er boðið uppá vettvangsferð um Urriðaholt og Kauptún fyrir þá sem vilja

Allir velkomnir – Skráning

Vinsamlegast skráið þátttöku í síðasta lagi föstudaginn 20. apríl á gardabaer@gardabaer.is

GARÐABÆR NTNU HÁSKÓLI ÍSLANDS VAFRI URRIÐAHOLT

VORTILBOÐ

25-50%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HEILSURÚMUM

ROYAL OG CLASSIC
Hágæða fjölstillanleg rafmagnsrúm

Smíðum raf-magnsrúm í öllum stærðum!

12 mánaða vaxtalaus
VISA / EURO greiðsludreifing
– Eingungis greiðist lántökugjald

RúmGott
FRÍ HEIMSENDING EÐA GAMLA RÚMIÐ UPP Í!*
*Tilboðið gildir eingöngu um hjónarúm

RAFMAGNAÐIR DAGAR
25% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM RAFSTILLANLEGUM RÚMUM

FAGLEG RÁÐGJÖF OG FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

Vertu örugg/ur
Komdu í greiningu

RúmGott býður öllum viðskiptavinum upp á fría legugreiningu með hinum byltingarkennda Xsensor Medical Pro búnaði.



HVENÆR ER ÞÖRF Á LEGUGREININGU?

Finnurðu fyrir eymslum í mjóbaki?
Vaknarðu oft með verki í mjöðm?
Finnurðu fyrir eymslum eða dofa í öxlunum?
Sefurðu illa vegna annara óþæginda?

- hryggskekkju
- brjósklos
- samföllnum hryggjaliðum
- spengdum hryggjaliðum
- gigt, til dæmis:
- slitgigt, vefjagigt eða liðagigt.

FREMSTIR Í FRAMLEIÐSLU Á HEILSUDÝNUM

VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM
SÉRSMÍÐUM RÚM OG DÝNUR Í SUMARHÚS FELLIHÝSI OG TJALDVAGNA

Löggiltir dýnuframleiðendur, starfandi í 60 ár

RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN RúmGott ÍSLENSK HEILSURÚM

UPPGRÆÐSLA Sýnishorn af vistvangi. Fjallið Þorbjörn vakir yfir framvindu uppgræðslu ungra Grindvíkinga úr vinnuskóla bæjarins frá sumrinu 2003.

Náttúrugæði af mannavöldum

Náttúruvernd

Björn Guðbrandur Jónsson
framkvæmdastjóri GFF

Nú í apríl eru liðin 15 ár frá stofnun samtakanna Gróður fyrir fólk í Landnámi Ingólfs (GFF). Samtökin vinna í anda sjálfbærrar þróunar og eru trú sinni upphaflegu köllun um að nýta lífræn úrgangsefni til uppgræðslu á örfoka landi hér á suðvesturhorninu. Þegar hér er komið sögu hjá GFF er ástæða til að staldra við, kanna árangur og hvernig sú reynsla sem samtökin hafa aflað getur gagnast við stefnumótun, ekki síst hér á höfuðborgarsvæðinu.

Vy-þrif ehf.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. Sími 512-4010 www.vy.is

Garðyrkja

Er öspin til ama ?

Fellum og fjarlægum tré. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 773 0317.

Alhliða garðþjónusta Garðaþjónusta Islands ehf Vönduð vinnubrögð Róbert S. 866 9767

GARÐLÍF Tökum að okkur garðslátt, trjáklippingar, beðahreinsun, trjáfellingar, þökulagnir og allt sem viðkemur garðinum. Komum á staðinn og gerum verðtilboð þér að kostnaðarlausu S. 691 9151

GARÐLIST Allt fyrir garðinn á einum stað Trjáklippingar Trjáfellingar Garðsláttur Beðahreinsun Stubbatæting Traust þjónusta í 20 ár S. 554 1989 • Garðlist.is

VINNAN GÖFGAR

Öll verktaka og garðþjónusta. Gæði framar öllu. vinnangofgar.is, s. 778 0100. Bjóðum upp á raðgreiðslur.

Láttu fagmenn vinna verkið. Hellulagnir Jarðvegsskipti Drenlagnir og öll önnur jarðvegsvinna. Vönduð vinna Tilboð þér að kostnaðarlausu. Bjössi 696 6676 www.hellulagnir.is

Trjárækt Björk • Trjáklippingar • Felli tré • Garðyrkja 40 ára starfsreynsla Jóhannes garðyrkjumeistari S. 846 8643 • 899 7679 www.gardyrkjumeistari.is

Garðaþjónusta Reykjavíkur 20% afsláttur fyrir eldri borgara.

Öll almenn garðvinna! Trjáklippingar Beðahreinsanir, Trjáfellingar, garðaúðanir, þökulagnir,sláttur, hellulagnir ofl. Fagleg vinnubrögð og sanngjarnt verð. Eiríkur, S. 774 5775. Þórhallur S. 772 0864.

GARÐSLÁTTUR! Garðaþjónusta Hlyns • Garðsláttur • Klippingar • Mosaeyðing • Beðahreinsun • Vönduð vinnubrögð Uppl. gefur Hlynur S. 777 9543

Felli tré, grisja og snyrti. s. 698 1215 Halldór garðyrkjum.

Er mosinn að eyðileggja garðinn þinn !!??

Erum með góðar lausnir við því. Eiríkur Garðyrkjumaður S. 867 4555.

Garðklippingar og garðsláttur

fyrir húsfélög og einstaklinga. Fáðu verðtilboð. ENGI ehf. Sími 615-1605.

Bókhald

Skattframtöl 2012

Framtalsþjónusta fyrir einstaklinga og rekstraraðila. Mikil reynsla - hagstætt verð. Uppl. í síma 517-3977 897-1877. www.fob.is.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

VINNAN GÖFGAR

Öll málningar og verktakaþjónusta. Gæði framar öllu. vinnangofgar.is, s.778 0100.Bjóðum upp á raðgreiðslur.

Málarameistari

Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is. flytja@flytja.is

Húsaviðhald

Dren og klóaklagnir!

Tökum að okkur endurnýjun á Dren og klóaklögnum á.a almennri jarðvinnu. Uppl. 869 1700, jardlausnir@gmail.com

Steinslípun Kjarnaborun Steinsögun Litli klettur Gerum tilboð, þér að kostnaðarlausu Litliklettur.is – s: 699-0355

Tökum að okkur parketslípun

um allt land. 15 ára reynsla í parketlögnum, parketslípun, sólpallasmíði og sólpallaslípun. Einnig gegnheil eik til sölu. Sjáið myndir á www.parketsliparinn.is Uppl. í s. 823 2234.

HLAÐBÆR COLAS

MALBIKSVIÐGERÐIR

Gerum tilboð ykkur að kostnaðarlausu. Skiptið við gæðavottað fyrirtæki. Sími: 565-2030 www.colas.is colas@colas.is ISO 9001 vottun

PVC - U PLAST GLUGGAR & HURÐIR ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA Ekkert viðhald Kjarnagluggar Selhellu 13 Hafnarfirði Sími: 554 2800 www.kjarnagluggar.is

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 896-5778.

Tölvur

omnis tölvuhjálp! Yfirhalning á tölvu aðeins 2.900 kr. Ókeypis vírusvörn Nánar á www.tolvuhjalp.is Sími 588 9590 Ármúli 11 • Reykjavík

Tölvuviðgerðir, vírushreinsun, gagnabjörgun, kem/sæki/sendi afsl. FEB&ÖBÍ Stefán 821 6839.

Spádómar

KÆRLEIKS-LJÓSIÐ Spámiðill Tarot lestur og kristalkúla Visa 566 7311 Timapantanir í síma 8694650

Fundir / Mannfagnaður

FVFÍ

Aðalfundur FVFÍ 2012

verður haldinn að Borgartúni 22 föstudaginn 27. apríl nk. kl.19:00.

Fundarefni:

1. **Venjuleg aðalfundarstörf**
2. **Lagabreytingar**
3. **Önnur mál**

Veitingar að fundi loknum

Ársreikningur félagsins mun liggja frammi á skrifstofu FVFÍ alla virka daga milli kl. 10-15 vikuna fyrir fund.

Mætið vel og stundvíslega,
Stjórnin.

Stéttarfélag Vesturlands

Aðalfundur

Stéttarfélags Vesturlands verður í Alþýðuhúsinu, Sæunnargötu 2a, Borgarnesi fimmtudaginn 26. apríl 2012, kl. 20:00

Dagskrá:

- Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt félagslögum
- Breytingar á lögum og reglugerðum
- Kjör fulltrúa á aðalfund Festu lífeyrissjóðs
- Önnur mál

Verður heppnin með þér í ár?

Þrír heppnir félagar úr hópi fundarmanna fá óvæntan glaðning.

Glæsilegar veitingar.

Félagar: Sýnum samstöðu, fjölmennum á aðalfundinn!

Stjórn Stéttarfélags Vesturlands

Fasteignir

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

ÓÐINSGÖTU 4
SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

Glæsilegt einbýlishús á einstökum stað með stórkostlegu útsýni.

207,3 fm. einbýlishús á einni hæð að meðtöldum 38,5 fm. bílskúr. Húsið er allt hið vandaðasta, innréttað á vandaðan og smekklegan hátt. Eldhús með eldunareyju. Stofa með gólfsíðum gluggum og mikilli lofthæð. 4 svefnherbergi. Gólfhiti er í öllu húsinu. Hellulögð verönd umlykur húsið á þrjá vegu. Heitur pottur á verönd. Húsið er klætt að utan með standandi harðviðarklæðningu og láréttu báruáli. Gluggar og útihurðir úr tekki.

Verð 45,0 millj.

Frábær staðsetning á fallegum stað á sjávarkambi með útsýni til suðurs, vesturs og austurs.

Verð frá 8.995
VORTILBOÐ AÐEINS FRÁ
6.995,-

SASTA UNDIRFATASETT
Frá Sasta í Finnlandi. Þrjár gerðir af undirfatasettum (buxur og treyja) fyrir allar aðstæður. Tilvalið í veiði, golf og alla útivist.

Fullt verð 29.995
VORTILBOÐ AÐEINS
22.995,-

SCIERRA KENAI VÖÐLUJAKKI
Nýr jakki frá Scierra. Vandaður og vel sniðinn jakki. Vatnsheldur með útöndun. Góð hetta. Stórir brjóstvasar. Ekki síst flottur með Scierra vöðlunum.

Fullt verð 18.995
VORTILBOÐ AÐEINS
14.995,-

DAM QUEST VÖÐLUJAKKI
Nýr jakki frá DAM í Þýskalandi. Vatnsheldur jakki með útöndun. Stór, stillanleg hetta. Stórir góðir brjóstvasar. Frábært verð.

Fullt verð 5.995
VORTILBOÐ AÐEINS
3.995,-

SCIERRA SÆTAÁKLÆÐI
Teygjanlegar sætahlífar. Verndaðu sætin í bílnum þínum fyrir óhreinindum og bleytu. Passar á flesta bílstóla.

Fullt verð 14.995
VORTILBOÐ AÐEINS
10.995,-

RON THOMPSON ONTARIO VEIÐIJAKKI
Vatnsheldur jakki. Hægt að renna ermum af og breyta í vesti. Fullt af vösum fyrir allt smádótið. Flottur veiðijakki á frábæru verði.

Verð frá 39.900
VORTILBOÐ AÐEINS FRÁ
27.900,-

SCIERRA TX2+ FLUGUHJÓL
Gríðarlega sterkbyggt hjól með vönduðum bremsubúnaði. Einhver bestu kaupin í betri fluguhjólum í dag. Nokkrar stærðir til fyrir einhendur og tvíhendur.

Fullt verð 18.995
VORTILBOÐ AÐEINS
14.995,-

SCIERRA ORBIT FLUGUHJÓL
Nýjasta fluguhjólið frá Scierra. Ný hönnun, smíðað úr léttmálmi. „Large arbour" Frábær bremsa. Án efa bestu einhver bestu kaupin í fluguhjólum í dag.

Fullt verð 12.995
VORTILBOÐ AÐEINS
9.995,-

OKUMA AIRFRAME FLUGUHJÓL – PAKKI
Large arbour fluguhjól með diskabremsu. Hjólið kemur í hjólatösku og því fylgja 4 spólur. Frábært verð.

Fullt verð 13.995
VORTILBOÐ AÐEINS
9.995,-

OKUMA SLV FLUGUHJÓL
„Large arbour" hjól úr léttmálmi. Frábær bremsubúnaður. Mest keyptu fluguhjólin okkar. Okuma SLV er fáanlegt í mörgum stærðum frá línuþyngd 2 til 11.

Fullt verð 9.995
VORTILBOÐ AÐEINS
5.895,-

OKUMA ATOMIC 165 STRANDVEIÐIHJÓL
Líklega ódýrasta strandveiðihjólið á markaðnum. Aðeins í Sportbúðinni.

Fullt verð 5.995
VORTILBOÐ AÐEINS
3.995,-

OKUMA ELECTRON SPINNHJÓL
Vinsælt hjól. Aukaspóla og girni fylgir. 3 stærðir í boði. Stærð 30 í silungsveiði, 40 í blandaða veiði og 50 í lax og stærri fisk.

Fullt verð 4.595
VORTILBOÐ AÐEINS
3.295,-

OKUMA BOOSTER SPINNHJÓL
Gott hjól með öflugri bremsu. Ein lega. Hjólið er fáanlegt í þrem stærðum; 30 fyrir silungsveiði, 40 fyrir blandaða veiði og 50 fyrir stærri silung og lax.

Fullt verð 8.995
VORTILBOÐ AÐEINS
6.295,-

OKUMA SAFINA SPINNHJÓL
Vandað hjól á hagstæðu verði. Hjólið er fáanlegt í tveim stærðum; 30 fyri r silungsveiði og 40 fyrir alla blandaða veiði. Mikið úrval af Okuma hjólum í verslunum okkar.

Fullt verð 8.995
VORTILBOÐ AÐEINS
6.995,-

OKUMA PINK PEARL SPINNHJÓL
Vandað hjól. Bremsa að framan. Hjól sem fer afar vel á Okuma Pink Pearl stönginni.

Fullt verð 16.995
VORTILBOÐ AÐEINS
11.895,-

OKUMA SAFINA NOIR STRANDVEIÐIHJÓL
Afar vandað hjól í strandveiðina. Bremsa að framan. Stór sveif. Hjólið er fáanlegt í tveim stærðum. Frábært verð.
Aðeins í Sportbúðinni.

SPÚNAR Á BÆJARINS BESTA VERÐI?

ÓDÝRU SPÚNARNIR EINNIG Á WWW.VEIDIMADURINN.IS

SÍLIKON BEITA
Frábær beita fyrir stóra urriðann og í strandveiðina. Fæst í Sportbúðinni.

ESJA 395,- BAULA 395,- HENGILL 395,- DYNGJA 395,- FAXI 395,- LAKI 395,- KATLA 395,- SNÆLDA 595,-

BEITAN Í VEIÐI FERÐINA
ORMAR OG MAKRÍLL Í SPORTBÚÐIN ÓDÝRA VEIÐIBÚÐIN

ERU HAFIN

VEIÐIHORNIÐ
SÍÐUMÚLI 8 - SÍMI 568 8410

SPORTBÚÐIN
KRÓKHÁLS 4 - SÍMI 517 8050

Flugan.is

BESTI BARINN Í BÆNUM

BESTU FLUGURNAR. JÁ, ÞÚ FÆRÐ ALLAR BESTU FLUGURNAR Á BETRA VERÐI HJÁ OKKUR Í SÉRVERSLUN FLUGUVEIÐIMANNSINS Á NETINU, FLUGAN.IS FÆRÐU Á FJÓRÐA HUNDRAÐ GERÐIR AF VÖNDUÐUM, VEL HNÝTTUM OG VEIÐNUM FLUGUM. FLESTAR ÞEIRRA FÆRÐU EINNIG Á BESTA BARNUM Í BÆNUM, GLÆSILEGUM FLUGUBAR Í VEIÐIHORNINU SÍÐUMÚLA 8.

Fullt verð 28.995
VORTILBOÐ AÐEINS
19.995,-

MAD NEOPRENVÖÐLUR
Realtree felumynstur. Styrking á hnjám og góð stígvél með gúmmísóla. Brjóstvasi með lokun. Stillanleg axlabönd með smellu.

Fullt verð 31.995
VORTILBOÐ AÐEINS
21.995,-

PROLOGIC NEOPRENVÖÐLUR
Sterkt og þykkt efni í MAX4 felumynstri. Góð stígvél með gúmmsóla. Stór og góður brjóstvasi. Einhverjar vönduðustu vöðlurnar á markaðnum

Fullt verð 16.995
VORTILBOÐ AÐEINS
11.995,-

PROLOGIC MAX4 NYLON STRETCH VÖÐLUR
Léttar og sterkar vöðlur úr nælonefni. Áföst stígvél með gúmmísóla. Innri vasi með rennilás. Belti fylgir. Þú færð ekki skotveiðivöðlur á betra verði

Fullt verð 4.995
VORTILBOÐ AÐEINS
3.495,-

PROLOGIC MAX4 NEOPRENHANSKAR
Vinsælir hanskar í skotveiðina. Hægt að opna þrjá fingur.

Fullt verð 6.995
VORTILBOÐ AÐEINS
4.895,-

PROLOGIC MAX4 THERMO HANSKAR
Hlýir hanskar með styrktum gikkfingri. Vatnsheldir með útöndun.

VORTILBOÐ Á VÖLDUM HAGLABYSSUM

Stoeger

Einhverjar mest keyptu hálfsjálfvirku haglabyssurnar á markaðnum nú á vortilboði bakslagsskiftar byssur með snúningsbolta. Stoeger skotvopn eru í eigu Beretta, hönnuð á Ítalíu og framleidd í Tyrklandi. Skotvopn fáanleg í Veiðihorninu og Sportbúðinni.

STOEGER 2000 HÁLFSJÁLFVIRK SYNTHETIC
Fullt verð 86.900. **VORTILBOÐ AÐEINS 65.900,-**

STOEGER 2000 HÁLFSJÁLFVIRK WALNUT
Fullt verð 91.900. **VORTILBOÐ AÐEINS 68.900,-**

STOEGER 2000 HÁLFSJÁLFVIRK MAX4
Fullt verð 95.900. **VORTILBOÐ AÐEINS 71.900,-**

STOEGER P350 PUMPA SYNTHETIC
Fullt verð 68.900. **VORTILBOÐ AÐEINS 51.900,-**

STOEGER P350 PUMPA MAX4
Fullt verð 72.900. **VORTILBOÐ AÐEINS 54.900,-**

AÐEINS
42.900,-

NORINCO RIFFILPAKKI
22 lr. Norinco riffill með boltalás. 5 skota magasín. Snittað hlaup. Norconia sjónauki 6x stækkun og 40 mm linsa. Norconia sjónaukafestingar. Vinsæll riffilpakki á ótrúlega góðu pakaverði

BERETTA

Beretta ES100. Vinsælar bakslagsskiftar haglabyssur framleiddar hjá Beretta á Spáni. Óbreytt byssa í áratugi. Hefur margsannað ágæti sitt. Nú koma þessar vinsælu haglabyssur í plasttösku. Skotvopn fáanleg í Veiðihorninu og Sportbúðinni.

BERETTA ES 100 SYNTHETIC BLACK
Fullt verð 199.900. **VORTILBOÐ AÐEINS 159.900,-**

BERETTA ES 100 SYNTHEIC WHITE
Fullt verð 209.900. **VORTILBOÐ AÐEINS 165.900,-**

BERETTA ES 100 WALNUT BLACK
Fullt verð 205.900. **VORTILBOÐ AÐEINS 164.900,-**

BERETTA ES 100 WALNUT WHITE
Fullt verð 215.900. **VORTILBOÐ AÐEINS 169.900,-**

BERETTA ES 100 MAX4
Fullt verð 239.900. **VORTILBOÐ AÐEINS 189.900,-**

Framúrskarandi fyrirtæki 2011

FRAMÚRSKARANDI FYRIRTÆKI 2010 OG 2011
og er því á meðal þeirra sem efla íslenskt efnahagslíf. Eingöngu koma til greina þau fyrirtæki sem staðist hafa ströng skilyrði Creditinfo um styrkleikamat.

Verð frá 13.995
VORTILBOÐ AÐEINS FRÁ
8.995,-

Prologic töskur í felulitum. Sterkar og rúmgóðar töskur í MAX4 felumynstri. Töskurnar eru með burðarhandfangi og axlarólum. Prologic veiðitöskurnar eru fáanlegar í þrem stærðum og nú á frábæru vortilboði

Fyrir settið
AÐEINS
29.995,-

PROLOGIC THERMO SUITE
Vatnsheldur skotveiðigalli með útöndun. Smekkbuxur og jakki með góðri hettu og vösum. Líklega mest keypti skotveiðigallinn á markaðnum. MAX4 felumynstur. Frábært verð.

Veiðimaðurinn 1940

SAMA VERÐ UM ALLT LAND
Veiðimaðurinn borgar burðargjöldin fyrir allar pantanir yfir 10.000 krónur. Gildir út maí fyrir allar vörur í þessu blaði.

Munið vinsælu gjafabréfin okkka

Munið vinsælu gjafabréfin okkar sem eru tímalaus og gilda í þrem veiðibúðum. Besti kosturinn þegar kemur að gjöf fyrir veiðimanninn þinn.

Veiðimaðurinn 1940
VEIDIMADURINN.IS
VEIÐIBÚÐIN ÞÍN Á NETINU

Hafnarfirði Veiðibúðin Við Lækinn
STRANDGATA 49 - SÍMI 555 6226

VEIÐIHORNIÐ
SÍÐUMÚLI 8 - SÍMI 568 8410

SPORTBÚÐIN
KRÓKHÁLS 4 - SÍMI 517 8050

Spásíminn 908 5666
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

RafList
Löggildir rafverktakar
Getum bætt við okkur allri almennri raflagnavinnu.
Nýlagnir og viðhaldsvinnu.
Uppl. í s. 699 5552
www.raflist.is

Raflagnir, dyrasímar. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Önnur þjónusta

Blekhylki.is
Blekhylki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhylki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði símí 517-0150.

B.S.VERKTAKAR
Bílastæðamálun malbiksviðgerðir, vélsópun, hellulagnir, jarðvinna, háþrýstiþvottur veggjakrotsþrif og vörn S 551 4000 www.verktak.is

KEYPT & SELT

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.

Kaupi gull !
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll),
Verið velkomin

Til sölu

Öryggis- og peningaskápar

ÓDÝR HEIMILISTÆKI
Ísskápar, þvottavélar, þurkarar, frystikystur, frystiskápar. S. 896 8568.

Vélar og verkfæri

Til sölu

Nýtt 95 fm með 20 fm gestahúsi, fullklárað og mjög vandað heilsárshús á eignarlóð rétt við vatnið á flottum stað í Skorradal, stutt í alla þjónustu ! **Verð 21,9 m**
Möguleiki að taka bíl uppí. Upplýsingar í síma 824 3410
bíll.is bestir í bílum ...

Atvinna

dynax

Snjall vefforritari

Óskum eftir að ráða snjallan vefforritara í skemmtileg og krefjandi þróunar og rekstrarverkefni. Viðkomandi þarf að eiga gott með að vinna í hóp og vera duglegur að tileinka sér nýjungar, sjálfstæður og agaður í vinnubrögðum, stundvís og heiðarlegur.

Við þurfum einstakling sem hefur menntun sem nýtist í starfi. Hefur helst reynslu sem er gulls ígildi og síðan hæfni til að vinna með og forrita fyrir vef, spjaldtölvur og snjallsíma í tólum eins og t.d. Visual Studio. Þá er nauðsynleg þekking og reynsla i ASP.Net og ASP.Net Mvc, C#, Javascript, jQuery, css3, html5 og SQL.

Við erum: 2ja ára gamalt hugbúnaðarfyrirtæki sem sérhæfir sig í viðhaldi og rekstri bókhaldskerfa, nýsmíði og viðhaldi sérlausna sem og veflausna. Hjá fyrirtækinu starfa 7 manns, allir sérfræðingar hver á sínu sviði. Góður vinnuandi og öflugur og samhentur hópur.

Umsóknir með nauðsynlegum upplýsingum skilist til Birgis Gunnlaugssonar fyrir 27.apríl nk. á netfangið ***birgir@dynax.is*** *sem jafnframt veitir nánari upplýsingar.*

Heimilistæki

Til sölu ýmsar gerðir af notuðum ísskápum, þvottavélum og frystikistum. Uppl. s. 693 7141.

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

HEILSA

Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. S. 896 4662 www.lifsstill.is/eddaborg

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

Þjónusta

Dóra Dröfn Skúladóttir, hefur opnað samtalsmeðferðarstofu að Skipholti 50b. Með Diploma í Hugrænni atferlismeðferð. Viðtalspantanir alla daga í síma 841-7010. Netfang: hamir@simnet.is.

Nudd

TANTRA NUDD
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

THAINUDD
Tælenskt heilsunudd
Rósin Bolholti 4,4 hæð.

Pantanir símí 8923899

NUDD OG HEILSA
DETOX - ÚTHREINSUN á öllum líkamanum. NUDD upp f. hné á eftir. Opið frá 12-18 alla virka daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

HEIMILIÐ

Dýrahald

TILBOÐ
3 fyrir 2
Af hundafóðri.
15kg poki kostar frá 3.326,- á þessu tilboði. Jón bóndi, Réttarhálsi 2, 110 Rvk, www.jonbondi.is Opið mán-fös 10-18.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Gistiheimili - Guesthouse www.leiguherbergi.is

1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.

Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is

Leigjendur, takið eftir!
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Húsnæði óskast

4 manna fjölsk. óskar eftir íbúð, helst á jarðhæð eða einbýli. Eru mjög traust og ábyggileg. Helst langtímal. S. 845-2353/663-3417.

Óska eftir íbúð 3ja herb. á Höfuðborgasv. frá 01. júlí, greiðslugeta 100þús, skilvísum greiðslum heitið. Uppl. s. 823 8088

Sumarbústaðir

Mikil sala. Vantar á söluskrá eignir á s-landi. Skoða á morgun. Uppl. Jón Rafn hjá Valhöll S: 695-5520

Atvinnuhúsnæði

Til leigu innkeyrslubil að Suðurhrauni 2 um 93fm + 35fm milliloft. Leiga kr. 150.000 + bankaábyrgð. Uppl. í s. 898-3420.

Lítið iðnarðarbil eða stór skúr óskast í Rvk eða í nágrenni. Max 100 þús. á mán. Undir léttar bílaviðgerðir. S. 820 7359.

ÁRTÚNSHÖFÐI
Til leigu 132fm og 76 fm verslunar eða skrifstofuhúsnæði á götuhæð við umferðargötu á Ártúnshöfða. Stórir gluggar, flísalagt gólf og góð aðkoma. Uppl. í s. 892 2030.

Geymsluhúsnæði

www.geymslaeitt.is
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

Geymslur.com
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

Gisting

GÓÐ GISTING Í MIÐBÆ RVK
Gott verð, dags, viku- og mánaðarleiga.

www.hotel105.com
GISTIHÚSIÐ VÍKINGUR
sími 896 4661

ATVINNA

Atvinna í boði

Au pair England. Óskum eftir stúlku 19 eða eldri t.a. gæta 3ja barna. Uppl í 8946414 og drmatthildur@msn.com.

Lærður smiður óskast!
Óska eftir lærðum trésmið til Noregs nálægt Ålasundi Upplýsingar í síma +47-48132004.

Atvinna óskast

Óska eftir atvinnu sem fyrst. Er vanur sölumaður og með réttindi á rútu og leigubíl. Uppl. í s. 846 5985.

TILKYNNINGAR

Ýmislegt

Hefur barnið þitt orðið fyrir einelti í Breiðagerðisskóla af völdum nemenda og/eða starfsmanna? Nú stofnum við samtök. Skráðu þig á póstlistann okkar: eineltibreido@gmail.com eða kíktu á bloggið: http://eineltibreido.blog.is Fullur trúnaður.

Einkamál

Rauða Torgið
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynlífsögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur • live spjall
908-6000 • 535-9999

Kona, býður þú upp á nudd? Auglýstu frítt á Rauða Torginu, s. 555-4321.

Þessi kona hefur mikinn áhuga á nánum kynnum. Rauða Torgið, s. 905-2000, 535-9920, augl.nr. 8236.

Heitar konur
hljóðrita djarfa óra sína frítt á Rauða Torginu, 100% leynd, Hringdu í s.555-4321.

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Sýningar

Kjörið tækifæri fyrir fyrirtæki og stofnanir til þess að kynna vörur sínar og þjónustu.
Búist er við hátt í 25.000 gestum og mikið verður lagt upp úr því að sýningin verði fjölskylduvæn.
Áhugasamir sýnendur fá allar nánari upplýsingar hjá sýningarstjórn Exhibition ehf í síma 588 1500 / 898 0829, info@exhibition.is og á heimilidoggardurinn.is
Sjáumst í Smáranum á afmælishelgi Kópavogs!

SVALALOKANIR
fyrir íslenskar aðstæður

- lipur og þvingunarlaus opnun
- viðhaldsfrítt
- vindlokun
- skrölt frítt
- þolir hreyfingar hússins

Gæði er okkar merki

SMIÐJA HEIÐARS

Skemmuvegi 24 - 200 Kópavogi
Sími 554 2570 - smidjaheidars.is

RAFVIRKJAR/KÆLIMENN

Óskum eftir að ráða rafvirkja/kælimann til viðhalds- og eftirlitsstarfa

Ekki er krafist sérhæfni, en nýr starfsmaður verður sérþjálfaður.

Áhugasamir hafi samband við skrifstofuna í síma 587-8890 eða sendið rafpóst á gunnar@rafstjorn.is

RAFSTJÓRN ehf.
Virkni loftræstikerfa er okkar fag!
www.rafstjorn.is

Grenimelur 35

107 Reykjavík

fimmtudag 19.apríl
frá kl. 15:30-16:30

Glæsileg 151,9 m² kjallarahæð
Mikið endurnýjuð
3-4 svefnherbergi

Nánari upplýsingar veitir
Svan G. Guðlaugsson
sölufulltrúi
sími: 697 9300
svan@miklaborg.is

Jason Guðmundsson
hdl. og löggiltur fasteignasali

Verð: **37,5 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** 569 7000 Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

ÓÐINSGÖTU 4

SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

Laugavegur 20B
Rótgróið veitingahús til sölu

Til sölu rótgróið veitingahús í þessu reisulega húsi við Laugaveg.
Húsnæðið er um 150 fm. að stærð og skiptist í glæsilegan veitingasal með sætum fyrir um 50 manns. Innaf veitingasal eru eldhús með tækjum og tólum, starfsmannaaðstaða, salerni o.fl. Samhliða sölu veitingastaðarins er gert ráð fyrir að kaupandi rekstrarins geri langtímaleigusamning um húsnæðið sem staðurinn er rekinn í .

Allar nánari upplýsingar veittar á skrifstofu.

www.hrafnista.is

HRAFNISTA REYKJAVÍK HAFNARFIRÐI KÓPAVOGI

Hjúkrunarfræðingar
óskast til starfa á Hrafnistu

HRAFNISTA REYKJAVÍK
Hjúkrunarfræðingar óskast til starfa á Hrafnistu Reykjavík í haust, um er að ræða vaktavinnu, starfshlutfall samkomulag.
Nánari upplýsingar: Þóra Geirsdóttir deildarstjóri
Sími 585 9485 / thora.geirsdottir@hrafnista.is

Einnig vantar hjúkrunarfræðinga á fastar næturvaktir á Hrafnistu í Reykjavík, starfshlutfall samkomulag.
Nánari upplýsingar: Jóhanna Davíðsdóttir deildarstjóri
Sími 693 9583 / johanna.davidsdottir@hrafnista.is

HRAFNISTA KÓPAVOGI
Hjúkrunarfræðingar óskast til starfa á Hrafnistu Kópavogi, um er að ræða bæði sumarafleysingu og afleysingarstöðu til eins árs.
Nánari upplýsingar: Bjarney Sigurðardóttir deildarstjóri
Sími 664 9555 / bjarney.sigurdardottir@hrafnista.is

HRAFNISTA HAFNARFIRÐI
Hjúkrunarfræðingar óskast til starfa á Hrafnistu í Hafnarfirði í haust, um er að ræða vaktavinnu, starfshlutfall samkomulag.
Nánari upplýsingar: Sigrún Stefánsdóttir
Sími 585 3101 / sigrun.stefansdottir@hrafnista.is

MARKMIÐ HRAFNISTU ERU AÐ:
- vera leiðandi í umönnun og þjónustu við aldraða
- stuðla að andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan heimilisfólks
- efla faglega þekkingu starfsfólks
- auka starfsánægju og bæta starfsumhverfi starfsfólks

das HRAFNISTA

Arney Ólöf Arnardóttir - Brúarásskóla

Selma María Jónsdóttir - Selásskóla



Bjarki Guðmundsson - Borgaskóla

Ásta Katrín Ágústsdóttir - Breiðagerðisskóla

Mjólkursamsalan þakkar frábæra þátttöku

Síðastliðið haust hélt Mjólkursamsalan teiknisamkeppni í tengslum við Alþjóðlega skólamjólkurdaginn.

Afraksturinn var frábær – rúmlega 1100 myndir bárust frá 4. bekkingum í 60 grunnskólum landsins. Hér má sjá vinningsmyndirnar tíu.

Við þökkum öllum þátttakendum kærlega fyrir og óskum vinningshöfum til hamingju!

Aðalheiður Agnes Hermannsdóttir - Nesskóla

Álfrún Tinna Guðnadóttir - Breiðagerðisskóla

Ívar Kumar Bonifacius - Fossvogsskóla

Arngrímur Ottósson og Daniel Dacuba - Laugarnesskóla

Nikulás Nói Bjarnason - Brekkuskóla

Ísafold Kristín Halldórsdóttir - Landakotsskóla

www.ms.is

ENNEMM / SÍA / NM51724

tímamót

timamot@frettabladid.is

44 BANDARÍSKA LEIKKONAN ASHLEY JUDD er 44 ára í dag.
„[Feðraveldið] er lúmskt og lævíst og aldrei harðskeyttara en þegar konur neita því innilega að þær taki á nokkurn hátt þátt í því.“

Veisla í Hveragerði

Opið hús verður í Garðyrkjuskólanum á Reykjum í Ölfusi í dag frá klukkan 10 til 18. Sumarið er komið í garðskálanum og hægt er að heimsækja hitabeltið í bananahúsinu og pottaplöntusafninu. Á markaðstorgi verður til sölu grænmeti, blóm og trjáplöntur og veitingasala er á staðnum.

Í skólastjórabústaðnum á Reykjum hefur verið sett upp sýning á munum í eigu skólans. Íslandsmeistarakeppni í blómaskreytingum fer svo fram í aðalbyggingu skólans. Allir eru velkomnir til að fylgjast með og velja fallegasta verkið.

STAÐARHALDARI Guðríður Helgadóttir mun krýna Íslandsmeistarann í blómaskreytingum.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

Hátíðardagskrá hefst klukkan 13.30. Þar verða afhent Garðyrkjuverðlaun LbhÍ, Umhverfisverðlaun Hveragerðisbæjar og Umhverfisverðlaun Ölfuss. Meðal gesta verða Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, og Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra.

Ókeypis er í sund í sundlauginni í Laugaskarði og gestum er boðið upp á kaffi og djús auk þess sem yngsta kynslóðin fær óvæntan glaðning. Þá býður íþróttafélagið Hamar til 20 ára afmælishátíðar í Íþróttahúsinu í Hveragerði milli klukkan 15 og 17 sem endar í allsherjar kaffisamsæti. **- gun**

ÞETTA GERÐIST: 19. APRÍL 1943

Gyðingar gera uppreisn í Varsjá

Þennan dag árið 1943 hófst uppreisn í gyðingahverfinu í Varsjá. Nasistar komu hverfinu á koppinn árið 1940 og fluttu þangað gyðinga sem lifðu við sérlega bág kjör. Í júlí 1942 hófu SS-sveitirnar svo brottflutning frá gyðingahverfinu til útrýmingarbúðanna í Treblinka.

Brottflutningunum fylgdi mikil óánægja og fóru þeir fáu íbúar sem eftir voru í hverfinu að skipuleggja varnir. Í byrjun janúar 1943 kom Himmler, foringi SS-sveitanna, í heimsókn í gyðingahverfið og ákvað að átta þúsund gyðingar til viðbótar skyldu fluttir til Treblinka.

Um leið og þetta spurðist út fóru varnarsveitirnar í gang og gyðingarnir sem eftir voru börðust og földu sig. Því var ákveðið að hefja endanlegan brottflutning allra gyðinga úr hverfinu. Uppreisnin hófst á nýjan leik og börðust gyðingarnir hetjulega við vel vopnaða þýska hermenn. Andspyrnan stóð í fjórar vikur.

JÓHANNA ÞÓRHALLSDÓTTIR Segir það eins og að kveðja barnið sitt að segja skilið við Léttsveitina sem hún stofnaði fyrir sautján árum. „Þetta hefur verið meiri leikur en vinna í gegnum tíðina.“
FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

JÓHANNA ÞÓRHALLSDÓTTIR: STJÓRNAR LÉTTSVEITINNI Í SÍÐASTA SINN

Ljúfsár tregi á apríldegi

Jóhanna Þórhallsdóttir, stofnandi kvennakórsins Léttsveitar Reykjavíkur, stjórnar kórnum í síðasta sinn á tvennum vortónleikum í Gamla bíói í dag.

„Þetta verður ljúfsár tregi á apríldegi,“ segir Jóhanna um tilfinninguna sem fylgir því að kveðja kórinn eftir sautján ára samveru. „Þetta er dálítið eins og að kveðja barnið sitt. Sonur minn er einmitt sautján ára og á leiðinni út í skiptinám og mér datt í hug að kannski er ég að leyfa kórnum að hleypa heimdraganum líka. Ég er mjög stolt af Léttsveitinni og þetta hefur verið meiri leikur en vinna í gegnum tíðina en nú er kominn tími til að kveðja.“

Jóhanna hóf myndlistarnám í vetur og vill einbeita sér að myndlistinni í auknum mæli og þá þarf eitthvað að láta undan. „Ég held að það sé líka hollt að venda reglulega kvæði sínu í kross og snúa sér að öðru.“

Léttsveitinni hefur vaxið fiskur um hrygg frá því að Jóhanna stofnaði hana. Fyrsta starfsárið voru meðlimir um 40 en eru nú orðnir um 130. „Tonnafjöldinn er að minnsta kosti kominn yfir sjö,“ segir Jóhanna og hlær. Spurð hvað sé eftirminnilegast á ferlinum nefnir Jóhanna samveruna við konurnar í kórnum.

„Þetta er einstakur hópur og ótrúlega skemmtilegt samfélag kvenna, sem hefur ferðast um allan heiminn saman. Þarna hef ég eignast margar af mínum bestu vinkonum.“

„Revíur og rómantík“ er yfirskrift vortónleikanna í Gamla bíói í dag. Þar verða leikin lög úr revíum eftir Guðmund Sigurðsson og Harald Á. Sigurðsson en einnig verða nýrri dægurlög eftir þau Röggu Gísla, Bubba og Mugison, ásamt íslenskum sönglögum sem minna á sumarkomuna. Jóhanna kveðst ávallt hafa lagt áherslu á fjölbreytt efnisval á tónleikum Léttsveitarinnar.

„Alltaf eitthvað nýtt, er eitt af mínum mottóum en ekki vera að hjakka í þessu gamla.“

Spurð hvort hún eigi sér uppáhaldslag segir Jóhanna það yfirleitt fara eftir því hvaða lög kórinn er að syngja hverju sinni. „Nú er það Stingum af með Mugison – kannski vegna þess að ég er einmitt að stinga af,“ segir hún og hlær.

Tónleikarnir í Gamla bíói í dag hefjast klukkan 14 og 17. Nálgast má miða á Midi.is og í miðasölu Gamla bíós. **bergsteinn@frettabladid.is**

---

†

Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýnt hafa okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar eiginkonu minnar, móður okkar, stjúpmóður, ömmu og langömmu,

INGIBJARGAR ÞÓRUNNAR HALLDÓRSDÓTTUR

sem lést miðvikudaginn 4. apríl. Sérstakar þakkir flytjum við starfsfólki Landspítalans og öðrum þeim sem veittu dýrmæta aðstoð og umönnun í veikindum hennar.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,
Sváfnir Sveinbjarnarson
Guðbjartur Torfason
Ásbjörn Torfason

---

†

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

RAGNA JÓNSDÓTTIR
Hlöðufelli, Eyrarbakka,

lést laugardaginn 14. apríl á hjúkrunarheimilinu Ljósheimum. Útförin fer fram frá Eyrarbakkakirkju laugardaginn 21. apríl kl. 13.30.

Fyrir hönd aðstandenda,
Jóhann Jóhannsson
Unnur Jóhannsdóttir **Guðmundur Stefánsson**
Ingibjörg Jóhannsdóttir **Jón Guðmundsson**
Sólrún Jóhannsdóttir **Jóhannes Þorgeirsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

---

†

Innilegustu þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,

STEINGRÍMS EINARS ARASONAR
Framnesvegi 13, Reykjavík.

Starfsfólki á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund færum við sérstakar þakkir fyrir einstaka umönnun.

Hjörtný Árnadóttir
Jónína Árndís Steingrímsdóttir **Þorsteinn Helgason**
Sigmar Arnar Steingrímsson **Ásta Benediktsdóttir**
Bryndís, Unnur Arna og Steinunn Helga Þorsteinsdætur
Arndís Auður, Gunnbjört Þóra og Hjörtur Steinn Sigmarsbörn.

---

†

Hjartans þakkir til ykkar allra sem sýnduð okkur samúð og hlýju vegna andláts og útfarar elskulegs eiginmanns míns og vinar, föður, tengdaföður, afa og langafa,

JÓNS MARINÓS KRISTINSSONAR.

Innilegt þakklæti til alls starfsfólks á hjúkrunarheimilinu Garðvangi, Garði, fyrir einstaka umönnun og hlýju í hans garð. Guð blessi ykkur öll.

Sonja I. Kristensen
börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.

---

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

ÁSMUNDUR BJÖRN CORNELIUS
Vatnsholti 1d, Reykjanesbæ,

hefur verið jarðsettur í kyrrþey að ósk hins látna. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Þroskahjálp á Suðurnesjum. Þökkum samúð og vinarhug.

Margrét Einarsdóttir
Þórir Frank Ásmundsson **Sigrún Valdimarsdóttir**
Inga Sveinbjörg Ásmundsdóttir **Kristinn Edgar Jóhannsson**
Hrönn Ásmundsdóttir **Snorri Ólason**
og barnabörn.

---

†

Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

BJÖRGVINS ÓLAFSSONAR
tæknifræðings
Kirkjulundi 6, Garðabæ.

Halldóra Sigurjónsdóttir
Edda G. Björgvinsdóttir
Birgir Björgvinsson **Ásta Edda Stefánsdóttir**
Áslaug Högnadóttir **Páll Haraldsson**
Andri Björn Birgisson
Brynja Dóra Birgisdóttir
Týr Fáfnir Stefánsson

Vnr. 49603301
PRO THUNDER
20" reiðhjól.
27.900 kr.

Vnr. 49602072
BMX REVOLT
20" reiðhjól.
36.900 kr.

VERÐVERND BYKO
LÆGSTA VERÐIÐ

GLEÐILEGT SUMAR

BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

1962-2012 50

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

Vnr. 62611452
KLÚBB verð **3.900 kr.**

Vnr. 62611452
Fótboltamark,
215x150x75 cm.
5.900 kr.

FÖRUM ÚT AÐ LEIKA
SKEMMTILEGAR SUMARGJAFIR Í BYKO

Vnr. 41120481
Vatnsbyssa, 38 cm,
fjólublá eða bleik.
699 kr.

Vnr. 41120476
Snúsnúband, 5 m.
699 kr.

Vnr. 41120498
Flugdreki.
990 kr.

Vnr. 41118186
Botsía, 6 boltar.
749 kr.

Vnr. 41118367
Sápukúlur
110 kr.

Vnr. 41120479
Fata og skóflur,
alls 8 stk.
649 kr.

Vnr. 41120482
Sápukúlusverð.
389 kr.

Vnr. 41120519
Hafnaboltakylfa
og bolti.
1.150 kr.

OUTBACK

Vnr. 50630099
OUTBACK gasgrill,
tvískiptur járnbrennari
og grillflötur 48x36 cm.
Neistakveikjari og
þrýstijafnari fylgja.
6,2 kW.
17.490 kr.

Vnr. 49620200
28" götureiðhjól fyrir karla, 6 gíra,
með brettum og bögglabera.
29.900 kr.

Vnr. 49620261
24" reiðhjól, 18 gíra, hvítt.
29.900 kr.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægsta verðið. Ef þú kaupir vöru hjá okkur og sérð sömu eða sambærilega vöru auglýsta ódýrari annars staðar, innan 20 daga, endurgreiðum við þér mismuninn og 10% af honum að auki! Njóttu vel. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is

krossgáta



LÁRÉTT
2. sæti, **6.** kúgun, **8.** magi, **9.** ílát, **11.** svörð, **12.** krapi, **14.** ljúka, **16.** gyltu, **17.** sérstaklega, **18.** andi, **20.** tveir eins, **21.** drunur.

LÓÐRÉTT
1. hróss, **3.** eftir hádegi, **4.** fax, **5.** hlóðir, **7.** hænsnfugl, **10.** mál, **13.** hólf, **15.** illgresi, **16.** verkfæri, **19.** fen.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. sess, **6.** ok, **8.** hít, **9.** fat, **11.** mó, **12.** slabb, **14.** klára, **16.** sú, **17.** sér, **18.** önd, **20.** ff, **21.** gnýr.

LÓÐRÉTT: 1. lofs, **3.** eh, **4.** símbréf, **5.** stó, **7.** kalkúnn, **10.** tal, **13.** bás, **15.** arfi, **16.** sög, **19.** dý.

"Hannar um heim allan"

Guðlaug Jónsdóttir arkitekt í Los Angeles um sköpunarverkin, sigrana, ástina og lífið í Hollywood.

Lífið – FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Á FÖSTUDÖGUM

Ljós, lykt og lautartúrar

BAKÞANKAR Friðriku Benónýs

Í fyrradag sat ég á gangstéttarkaffihúsi í Edinborg, sötraði morgunkaffið og pírði augun upp í sólina, alsæl. Það var 8 gráðu hiti og nístingsvindur en sólin skein og það eitt skipti máli. Skotarnir, sem þó kalla ekki allt ömmu sína hvað viðvíkur kulda, hristu höfuðið yfir þessari klikkuðu konu, vöfðu úlpunum þéttar að sér og keyrðu hökur niður í bringur. Gamall maður sem átti leið fram hjá kom til mín með áhyggjusvip og sagði: „Viltu ekki fara inn, vinan, það slær að þér. Vorið ætlar að láta bíða eftir sér í ár."

SEINNA sama dag tilkynnti flugstjórinn með stolti í aðflugi að Keflavíkurflugvelli að þar væri „yndislegt veður; 4 gráðu hiti og léttskýjað, enda sumarið alveg að koma". Og ekki bar á öðru en að fólk væri almennt sammála honum. Á leið í gegnum borgina mátti hvarvetna sjá léttklætt fólk, skokkandi eða röltandi um í rólegheitum, skælbrosandi og hamingjusamt. Hitastigið var algjört aukaatriði. Sól þýðir sumar og sumar þýðir gleði. Um kvöldið stóðu heimilisfeður í hverfinu kappklæddir hver á sínum svölum og grilluðu. Grilllyktin fyllti vitin og það fór ekkert á milli mála að í hugum Íslendinga hafði sumarið haldið innreið sína hvað sem hitamælar og dagatöl sögðu.

Í landi þar sem hitinn fer í mesta lagi yfir 20 gráður þrjár til fjórar vikur á ári er eðlilegt að fagna sól og birtu meira en rísandi kvikasilfursúlum í hitamælum. Og sjaldan hefur ljósið verið langþráðara en í ár. Alltof langur vetur með endalausu myrkri hefur lagst á þjóðarsálina með tilheyrandi svartsýni, vænisýki og almennu óyndi. Skítkastið og mannfyrirlitningin sem tröllríður almennri umræðu hefur náð nýjum hæðum og fólk virðist hafa lagt sig í líma við að finna dökku hliðarnar á sem flestu og bregðast við af eins mikilli heift og því framast er unnt. Skammdegismyrkrið hefur litað alla sýn á þjóðfélagsmálin alveg fram á síðasta dag vetrar.

VONANDI breytist ástandið nú þegar sumarið er formlega skollið á. Vonandi slökkvum við á tölvunum, látum athugasemdakerfin eiga sig og flykkjumst út á Klambratún í kubb og frisbí eða tökum með okkur teppi og kaffibrúsa niður í Hljómskálagarð og látum birtuna seytla inn í hugann á meðan við sólbökum helfrosin nefin. Vonandi er sumarið komið í raun og veru, ekki bara á dagatalinu. Vonandi verður þetta í alvöru gleðilegt sumar.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

SUMAR TILBOÐ

BYRJA Á MORGUN EN Á NETINU Í DAG :)

Í DAG Á NETINU

VERSLANIR OKKAR ERU LOKAÐAR Í DAG EN ÞÚ GETUR TRYGGT ÞÉR ÓTRÚLEG SUMARTILBOÐ MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

4BLS BÆKLINGUR

GLÆSILEGUR NÝR 4BLS BÆKLINGUR FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Á MORGUN EN ÞÚ GETUR PANTAÐ NÚNA Á NETINU :)

SMELLTU Á KÖRFUNA

NETBÆKLINGUR Á WWW.TOLVUTEK.IS MEÐ GAGNVIRKUM KÖRFUHNAPP

OPNUNARTÍMAR

Sumardaginn fyrsta
Lokað
Föstudag
10:00 - 18:30
Laugardag
11:00 - 16:00

Vefverslun alltaf opin :)

TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

Birt með fyrirvara um breytingar og villur

Allir út í sumarið!

LED

8.990,-
SOLVINDEN sólar- og vindknúið ljós
Innbyggð LED ljós. L76cm. Hvítt

SUNDERÖ sólstóll m/skemli 18.990,-
Gegnheil fura. B72×D122, H74cm
Sæti H34cm. Grátt

28.990,-
SUNDERÖ borð
Gegnheil fura. B100×L220, H73cm. Grátt

8.990,-
SUNDERÖ bekkur
Gegnheil fura. B43×L100cm. Grátt

Verslun opin 11-20 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-19:30 - **www.IKEA.is**

© Inter IKEA Systems B.V. 2012

9.990,-
SAMSÖ stillanleg sólhlíf
Ø250cm. Hvítt
Fæst einnig í svörtu

Opið í dag,
sumardaginn fyrsta

Við bjóðum þér
upp á íspinna
í tilefni dagsins

9.990,-
SUNDERÖ stóll m/örmum
Gegnheil fura. B64×D65, H85cm
Sæti H42cm. Grátt

IKEA®

SJÓLAG - SÍÐUSTU FORVÖÐ Sjólagi, sýningu á verkum Hrafnhildar Ingu Sigurðardóttur í Artóteki, lýkur sunnudaginn 22. apríl. Málverkin á sýningunni eru úr náttúrunni, einkum sjólagi og veðurfari á hafi úti. Úfnar öldur, boðaföll og brim einkenna margar myndanna. Sýningin er á Reykjavíkurtorgi á 1. hæð Borgarbókasafns Reykjavíkur, Grófarhúsi, Tryggvagötu 15.

Ritþing um Hallgrím Helgason

HALLGRÍMUR HELGASON Páll Valsson og Alda Björk Valdimarsdóttir rekja garnirnar úr skáldinu í Gerðubergi á laugardag.

Hallgrímur Helgason og verk hans verða í brennidepli á árlegu ritþingi Gerðubergs á laugardag. Á ritþingum er leitast við að veita persónulega innsýn í feril þekktra rithöfunda og fólki gefinn kostur á að kynnast persónunni á bak við verkin, viðhorfum, áhrifavöldum og lífshlaupi viðkomandi. Páll Valsson og Alda Björk Valdimarsdóttir spyrja Hallgrím spjörunum úr en Þorgerður E. Sigurðardóttir stýrir þinginu.

Í tilefni ritþingsins mun Hallgrímur opna myndlistarsýningu á neðri hæð Gerðubergs. Sýningin nefnist Myndveiðitímabilið 2012 og samanstendur af málverkum og teikningum sem öll eru frá þessu ári.

Þá mun Ragnheiður Gröndal flytja nokkur lög við kvæði Hallgríms á ritþinginu sem hefst klukkan 13.30 og stendur til kl. 16.

GIACOMO PUCCINI
LA BOHÈME
HULDA BJÖRK GARÐARSDÓTTIR · GISSUR PÁLL GISSURARSON / ÞÓRA EINARSDÓTTIR · GARÐAR THÓR CORTES
ÁGÚST ÓLAFSSON · HRÓLFUR SÆMUNDSSON · JÓHANN SMÁRI SÆVARSSON
HERDÍS ANNA JÓNASDÓTTIR · BERGÞÓR PÁLSSON
HLJÓMSVEITARSTJÓRI: DANÍEL BJARNASON · LEIKSTJÓRI: JAMIE HAYES
LEIKMYND: WILL BOWEN · BÚNINGAR: FILIPPÍA ELÍSDÓTTIR · LÝSING: BJÖRN BERGSTEINN GUÐMUNDSSON
ALLRA SÍÐUSTU SÝNINGAR UM HELGINA

★★★★★
„Tímamótaviðburður í tónlistarlífinu“
- Jónas Sen, Fréttablaðið

★★★★
„Frábær skemmtun og frammistaða“
- Ríkharður Örn Pálsson, Morgunblaðið

„Þarna verða til sannir töfrar...
Maður tók andköf í glæsilegustu aríunum“
- Silja Aðalsteinsdóttir, tmm.is

„Bravo! Bravi! Bravissimo!“
- Ólafur Arnarson, pressan.is

★★★★
- Hugo Shirley, Daily Telegraph, London

★★★★
„Rosaleg upplifun... Sjónarspilið var magnað...
Snilldarlega vel sett upp“
- Ingi Þór Jónsson og Kristjana Stefánsdóttir, Listræninginn á Rás 1

„Stórkostleg sýning í öllu tilliti...
Sennilega besta uppfærsla sem ég hef séð hjá Íslensku óperunni“
- Helgi Jónsson, Víðsjá á Rás 1

FÖSTUDAGINN 20. APRÍL KL. 20 - UPPSELT
LAUGARDAGINN 21. APRÍL KL. 20 - LOKASÝNING
MIÐASALA Í HÖRPU OG Á WWW.HARPA.IS
ÍSLENSKA ÓPERAN

MEÐ DÖMU OG HERRA „Það var nærri því heilsársvinna að fást við hana, byggja og rífa, breyta og bæta,“ segir listamaðurinn Atli Viðar Engilbertsson um vinnuna að baki ávölum línum dömunnar. Dömuna, herrann og önnur verk Atla má sjá á listasýningu hans sem verður opnuð í Hafnarborg í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

SKJALDARMERKI OG TRÖLLASKÓR

Skjaldarmerkið hennar Skjöldu nefnist listasýning Atla Viðars Engilbertssonar, sem verður opnuð í Hafnarborg í dag. Sýningin er hluti af listahátíðinni List án landamæra, sem stendur yfir næstu vikurnar með fjölmörgum viðburðum.

„Já, það er byltingarstefna í gangi hérna,“ svarar Atli Viðar Engilbertsson glettnislega, spurður hvort hann ætli að kynna Íslendinga fyrir nýju skjaldarmerki í Hafnarborg í dag. Þar opnar í dag listasýning þar sem skoða má fjölbreytt verk úr hans smiðju. Þar má meðal annars skoða skjaldarmerkið hennar Skjöldu, sem sýningin er nefnd eftir. Skjaldarmerkið, rétt eins og mörg önnur verk á sýningunni, er unnið úr bylgjupappa. „Ég hef í gegnum árin gert í því að vinna með hluti sem ég fæ fyrir ekki neitt, hér og þar. Ég hef það að áhugamáli að sanka að mér slíkum hlutum.“

Atli kallar aðferðir sínar pappaskurðarlist. Skúlptúra sína vinnur hann þannig að hann bætir einni pappaplötu við í einu og sker utan af henni, áður en næsta plata bætist við skúlptúrinn. Þannig byggist verkið upp í smáum skrefum.

Atli er sjálfmenntaður fjöllistamaður sem hefur skrifað ljóð, leikrit, smásögur og samið tónlist, samhliða því að vinna í fjölbreyttri myndlist. Hann hefur jafnan gefið verk sín út sjálfur. Sýning hans í Hafnarborg er einn af fjölmörgum viðburðum á listahátíðinni List án landamæra, sem sett var í gær og stendur fram í miðjan maí. Hátíðin er haldin um allt land og eru viðburðir í heildina um 60 talsins og þátttakendur á sjötta hundrað.

Það voru handmenntatímarnir í Héraðsskólanum á Reykjanesi við Ísafjarðardjúp sem ýttu Atla út í listsköpunina. „Þegar ég bjó í sveitinni í gamla daga, fyrir 30 árum eða svo, var eiginlega það eina sem ég gat lært í skólanum textílvinna í handmennt. Í framhaldinu af þeim tímum fór ég að hirða bönd utan af heyböggum og hnýta úr þeim mottur og annað.“

Á sýningunni má meðal annars sjá hnýtingaverk af þessu tagi, skópör úr snæri. „Ég er með eitt par úr mjög fínu efni og tvö tröllapör. Það var svolítið skrýtið þegar ég sýndi skópörin eitt sinn á Handverkshátíð í Hrafnagili. Þá heyrði ég út undan mér krakkana segja sögur af karlinum sem býr til tröllaskó. Þar fékk ég nýtt viðurnefni.“

Sýning Atla verður opnuð í Hafnarborg í dag klukkan 15. Á milli klukkan 16 og 18 verður listasmiðja fyrir börn og fullorðna þar sem unnið verður með pappa. Safnið er opið til 21 í kvöld, líkt og alla fimmtudaga.

holmfridur@frettabladid.is

Borgarleikhúsið

ENNEMM / SÍA / NM51827

Við bjóðum afslátt í leikhús

Við bjóðum viðskiptavinum Íslandsbanka **30% afslátt** af miðaverði á sýninguna Svar við bréfi Helgu, sem er byggð á metsölubók Bergsveins Birgissonar. Bókin var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna árið 2010 og valin besta skáldsaga ársins að mati bóksala.

Hrífandi saga um þrá og eftirsjá.

Greiða skal með greiðslukorti frá Íslandsbanka eða Byr í miðasölu Borgarleikhússins í síma 568 8000 og á midasala@borgarleikhus.is til að fá afsláttinn. Tilboðið gildir til 10. maí en ekki í netsölu.

Sýningadagar

fös	27/4	kl. 20	UPPSELT	sun	29/4	kl. 20	UPPSELT
mið	2/5	kl. 20	UPPSELT	fim	3/5	kl. 20	UPPSELT
fös	4/5	kl. 20	UPPSELT	lau	5/5	kl. 17	
sun	6/5	kl. 20	UPPSELT	þri	8/5	kl. 20	
mið	9/5	kl. 20	UPPSELT	fim	10/5	kl. 20	örfá sæti
fös	11/5	kl. 20	UPPSELT	lau	12/5	kl. 20	UPPSELT
sun	13/5	kl. 20	örfá sæti	þri	15/5	kl. 20	
mið	16/5	kl. 20	UPPSELT	fim	17/5	kl. 20	UPPSELT
fös	18/5	kl. 20		sun	20/5	kl. 20	UPPSELT
mið	23/5	kl. 20	UPPSELT	fim	24/5	kl. 20	UPPSELT
fös	25/5	kl. 20	UPPSELT	þri	29/5	kl. 20	UPPSELT
mið	30/5	kl. 20	UPPSELT	fim	31/5	kl. 20	UPPSELT
lau	2/6	kl. 20	UPPSELT	sun	3/6	kl. 20	UPPSELT
mið	6/6	kl. 20	UPPSELT	lau	9/6	kl. 20	UPPSELT
sun	10/6	kl. 20					

Aukasýningar

lau	19/5	kl. 17		þri	22/5	kl 20	
fös	1/6	kl 20		fös	8/6	kl 20	

Við bjóðum góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki

Uppheimar fagna sumri með ljóðum

Þrjár nýjar ljóðabækur koma út í dag á vegum Uppheima, einnar metnaðarfyllstu ljóðaútgáfu landsins.

Fyrst skal nefna fjórtándu ljóðabók Gyrðis Elíassonar, Hér vex enginn sítrónuviður. Gyrðir hefur verið iðinn við þýðingar að undanförnu en þetta er hans fyrsta frumsamda verk í tvö ár, frá því að ljóðabókin Nokkur almenn orð um kulnun sólar og smásagnasafnið Milli trjánna komu út samtímis. Eins og kunnugt er hlaut Gyrðir Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs fyrir Milli trjánna.

ARI TRAUSTI GUÐMUNDSSON

NJÖRÐUR P. NJARÐVÍK

Leitin að upptökum Orinoco nefnist ljóðabók eftir Ara Trausta Guðmundsson, hugsanlegt forsetaefni. Í þessari óvenjulegu ljóðabók býður Ari Trausti lesandanum í langferð með manni sem tíminn hefur smám saman molað undan það sem hann þekkir best og er honum kærast.

GYRÐIR ELÍASSON

KJELL ESPMARK

Skrifað í stein nefnist ljóðaúrval eftir sænska skáldið Kjell Espmark í þýðingu Njarðar P. Njarðvík. Bók hans Vetrarbraut hlaut mikið lof þegar hún kom út í þýðingu Njarðar 2010. Í byrjun mánaðar gáfu Uppheimar einmitt út ljóðabók eftir Njörð, Birtan er brothætt – braghendur og hækur.

Í tilefni af útgáfunni bjóða Uppheimar til ljóðakvölds í húsakynnum sínum við Stórhöfða í kvöld klukkan 21, þar sem nýju bækurnar verða kynntar og lesið úr þeim. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

BÆKUR FYRIR BÖRN Krakkar á aldrinum sex til tólf ára velja bestu frumsömdu og þýddu bókina.

Bókaverðlaun barnanna veitt í dag

Bókaverðlaun barnanna verða afhent í ellefta sinn í aðalsafni Borgarbókasafnsins í Tryggvagötu 15. Veitt eru verðlaun fyrir eina frumsamda bók og eina þýdda en bækurnar sem hreppa hnossið eru valdar af krökkum á aldrinum sex til tólf ára víðs vegar af landinu.

Gestir geta einnig upplifað hvernig það er að vera persóna í bók með því að bregða sér í risabók sem unnin er af yfir 300 nemendum í Vesturbæjarskóla. Í bókinni eru felumyndir, ljóð, textar, flettimyndir, hljóð, skilaboð, lykt og aðalpersónan - þú.

Dagskráin í Borgarbókasafninu byrjar klukkan 14.

Ostabakki - antipasti

Grillaðar paprikur, sól- eða ofnþurrkaðir tómatar, grillað eggaldin, hráskinka og þurrkaðar pylsur. Gullostur, gráðaostur með ferskri peru, blár Kastali.

Steyptur villisveppaostur skorinn út í litla hringi. Maribóostur með kúmeni. Kryddað apríkósumauk. Baguette-brauð.

Uppskriftina að kryddaða apríkósumaukinu má finna á vefnum www.ostur.is

Gullostur

Hvítmygluostur. Hvítmyglan er einnig inni í ostinum. Áhugaverður ostur með mildu bragði sem gott er að njóta í lok góðrar máltíðar. Þessi ostur er einn af flaggskipunum í ostafjölskylduni frá MS.

OSTAVEISLA FRÁ MS

Heilbakaður Gullostur með timjan og hvítlauk

Vefjið smjörpappír utan um ostinn, pikkið átta göt ofan í ostinn og stingið ögn af timjan ásamt þunnum sneiðum af hvítlauk ofan í götin. Dreypið örlítilli ólífuolíu yfir. Pakkið ostinum aftur inn í bréfið sem var utan um hann og bakið hann í 30 mínútur við 160°C. Berið ostinn fram með grilluðu hvítlauksbrauði.

Osta er hægt að bera fram með ýmsum hætti, það má t.d. borða Gullostinn með góðu ávaxtamauki, eða með hnetum og hella síðan góðu hunangi yfir eða setja í hann fyllingu úr þurrkuðum ávöxtum s.s. apríkósum og fíkjum og skreyta hann að ofan með þurrkuðum trönuberjum og hlynsírópi. Búa til litlar og fallegar ostasamlokur eða ostasnittur.

Kynntu þér fleiri góðar hugmyndir og uppskriftir á heimasíðunni: www.ostur.is

FABRIKAN

MJÓLKURSAMSALAN

FORSETAHJÓNIN Hermann sýnir smyrnuð veggteppi en verk hans eru gjarnan af þjóðþekktum persónum.

Háð og spottar í Gerðubergi

Háð og spottar nefnist sýning Hermanns B. Guðjónssonar sem opnar í Boganum Gerðubergi á föstudag. Þar sýnir Hermann smyrnuð veggteppi sem hann hefur unnið á vinnustofunni á Hrafnistu þar sem hann býr.

Hermann er fæddur 1936 og hefur unnið ýmis verkamannastörf í gegnum tíðina. Hann er sjálfmenntaður listamaður og hafa verk hans vakið nokkra athygli en þau sýna gjarnan þjóðkunnar persónur. Mörg þessara verka hefur Hermann gefið og eru þau varðveitt til að mynda á Bessastöðum og í Stjórnarráðinu. Til að gera sýninguna sem veglegasta voru fengin að láni verk í eigu forseta Íslands, forsætisráðherra og annarra stjórnmálamanna.

Háð og spott er hluti af hátíðinni List án landamæra. Sýningin opnar klukkan 17.15 á morgun og stendur til 22. júní.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Fimmtudagur 19. apríl 2012

Tónleikar

14.00 Kvennakórinn Léttsveit Reykjavíkur heldur tónleika í Gamla bíói. Einsöngvarar eru Kristín Birna Óðinsdóttir og Lilja Björk Runólfsdóttir. Seinni tónleikar verða klukkan 17.00.

16.00 Kvennakór Háskóla Íslands heldur vortónleika sína með yfirskriftinni Vorgleði í Hátíðarsal Háskóla Íslands. Aðgangseyrir er kr. 2.000 en kr. 1.500 fyrir námsmenn. Kaffiveitingar í boði.

17.00 Nýstofnaður Karlakór Grafarvogs heldur sína fyrstu sjálfstæðu tónleika í Grafarvogskirkju. Yfirskrift tónleikana er Syngjum inn sumarið saman. Kvartettinn Raddbandið kemur einnig fram.

20.00 Vortónleikar Skógarmanna KFUM verða haldnir að Holtavegi 28. Þar koma fram Karlakór KFUM og hljómsveitin Tilviljun? sem nýlega gaf út geisladiskinn Vaktu, sem hefur fengið góðar viðtökur. Aðgangseyrir er kr. 2.000 og rennur allur ágóði til starfsins í Vatnaskógi.

20.00 Kvennakór Kópavogs heldur upp á 10 ára afmæli sitt með tónleikum í Salnum, Kópavogi. Auk kórsins syngur með þeim einsöngvari á táknmáli. Aðgangseyrir er kr. 2.500 en afsláttur fyrir eldri borgara, öryrkja og börn.

20.00 Söngsveitin Fílharmónía heldur tónleika í Langholtskirkju. Flutt verður verkið Náttsöngur sem var samið til heiðurs aldarminningu dr. Róberts Abrahams Ottóssonar, stofnanda kórsins.

Sýningar

15.00 Sýningin Skjaldarmerkið hennar Skjöldu með verkum eftir Atla Viðar Engilbertsson opnar í Hafnarborg. Sýningin er liður í listahátíðinni List án landamæra. Í tengslum við sýninguna verður starfrækt listasmiðja fyrir börn og fullorðna í safninu í dag milli 16 og 18. Þátttaka er ókeypis.

15.00 Sýningin Í teikningunni er hugsunin um teikninguna verður opnuð í Gerðarsafni.

16.00 Listahátíð verður haldin í Seltjarnarneskirkju. Myndlist og tónlist tengd íslensk-danska myndhöggvaranum Albert Thorvaldsen verður höfuðþema hátíðarinnar. Dagská hátíðarinnar má sjá á www.seltjarnarneskirkja.is

Hátíðir

08.00 Barnamenningarhátíð stendur yfir í Reykjavík. Dagskrá má nálgast á barnamenningarhatid.is.

14.00 Kaffisala Skógarmanna KFUM verður haldin að Holtavegi 28, Reykjavík. Glæsilegt kökuhlaðborð með góðu úrvali og heitar vöfflur verða á boðstólnum. Allir velkomnir. Allur ágóði rennur til starfsins í Vatnaskógi.

Söngskemmtun

16.00 Grundartangakórinn og Óskar Pétursson fagna sumri með söngskemmtun í Vinaminni á Akranesi.

Bókmenntir

14.00 Mikil dagskrá verður í aðalsafni Borgarbókasafnsins, Tryggvagötu 15, þar sem Bókaverðlaun barnanna verða afhent í ellefta sinn.

Söngleikir

20.00 Nemendur úr Tónlistarskóla FÍH setja á svið söngleikinn Dreamgirls í hátíðarsal skólans að Rauðagerði 27, Reykjavík. Aðgangseyrir er kr. 1.500.

Dagskrá

13.00 Skemmtileg dagskrá helguð börnum verður í boði í Þjóðminjasafni Íslands í allan dag. Þema dagsins verður Landnám Íslands.

Pub Quiz

20.30 FÁSES (Félag áhugafólks um söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva) heldur pub-quiz á Hressó í samstarfi við Reyni Þór Eggertsson Eurovisionspeking. Allir velkomnir.

Tónlist

14.00 Vísnatónleikar verða haldnir fyrir barnafjölskyldur á Árbæjarsafni. Aðgangur er ókeypis. Seinni tónleikar verða klukkan 15:30.

21.00 Tríó Björns Thoroddsen og Andrea Gylfadóttir verða með tónleika á Café Rosenberg, Klapparstíg.

21.00 Lára Rúnars og Myrra Rós halda tónleika á Landnámssetrinu, Borgarnesi. Aðgangseyrir er kr. 1.500.

21.00 Strákarnir í Why Not Jack spila á kreppukvöldi á Bar 11. DJ verður síðar í búrinu fram eftir nóttu. Aðgangur er ókeypis.

22.00 Bítladrengirnir blíðu halda tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

22.00 Magni mætir með kassagítarinn á Glaumbar og heldur stuðinu gangandi fram eftir kvöldi. Aðgangur er ókeypis.

23.00 Hljómsveitin LEGEND spilar á Hressó til styrktar Samhjálpar. Hljómsveitina skipa þeir Krummi Björgvinsson og Halldór Á. Björnsson. Tónleikarnir eru hluti af nýrri tónleikaseríu gogoyoko og Hressó til styrktar þeim sem minna mega sín og velur hljómsveitin hverju sinni það málefni sem hún kýs að styrkja.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

Aðskilnaður viðskipta- og fjárfestingarbanka

Morgunverðarfundur föstudaginn 20. apríl

Ein af þeim mikilvægu spurningum sem íslenskt samfélag reynir að svara um þessar mundir varðar framtíðarskipan íslenska fjármálakerfisins. Markmiðið er að byggja hér á landi upp traust fjármálakerfi sem hentar íslenskum aðstæðum.

Á morgunverðarfundi greiningardeildar Arion banka, föstudaginn 20. apríl, verður kynnt ný skýrsla greiningardeildarinnar um hugmyndir um aðskilnað fjárfestingarbankastarfsemi og viðskiptabankastarfsemi. Á fundinum munu sérfræðingar alþjóðlega ráðgjafafyrirtækisins McKinsey jafnframt varpa ljósi á hvað þarf að hafa í huga við mat á þessum hugmyndum.

Dagskrá fundarins

Aðskilnaður viðskipta- og fjárfestingarbankastarfsemi: Breyting til batnaðar?
Davíð Stefánsson, sérfræðingur greiningardeildar Arion banka

Separation of retail and investment banking: an international perspective and key considerations
Paul Jenkins, McKinsey, Osló
Marc Lient, McKinsey, London

Samantekt
Höskuldur H. Ólafsson, bankastjóri Arion banka

Taktu þátt í mikilvægri umræðu og snæddu með okkur morgunverð í höfuðstöðvum Arion banka í Borgartúni 19. Fundurinn hefst klukkan 8.30 og stendur til 10.30.

Nánari upplýsingar og skráning á arionbanki.is

arionbanki.is – 444 7000

Arion banki

JACK WHITE

SEBASTIAN TELLIER

> Í SPILARANUM

Jack White - Blunderbuss
Ian Anderson – Thick As A Brick 2
Sebastien Tellier - My God Is Blue
M Ward – A Wasteland Companion

tónlist

tonlist@frettabladid.is

Ósáttur við herferð

John Lydon, betur þekktur sem Johnny Rotten, er ekki hrifinn af herferð sem aðdáendur The Sex Pistols eru með í gangi á Facebook. Á næstunni verða 35 ár liðin síðan smáskífulag pönksveitarinnar, God Save the Queen, kom út og verður það endurútgefið af því tilefni. Aðdáendurnir vilja koma laginu í efsta sæti breska vinsældalistans vegna þess að á sínum tíma var það svikið um toppsætið að þeirra mati. Lydon þykir lítið til uppátækisins koma.

„Ég er stoltur af því sem The Sex Pistols áorkuðu en þessi herferð grefur undan því sem hljómsveitin stóð fyrir. Ég er ánægður með að nýjar kynslóðir hlusti á lögin með The Sex Pistols en ég vil ekki taka þátt í sirkusnum sem er kominn af stað," sagði söngvarinn.

EKKI ÁNÆGÐUR John Lydon er óánægður með herferðina á Facebook.

> PLATA VIKUNNAR

★★★★☆

Muck - Slaves
„Muck stimplar sig inn með pottþéttri rokkplötu." - TJ

TÓNNINN GEFINN
Trausti Júlíusson

Stóra stökkið

Í síðustu viku gerðist sá gleðilegi atburður að plata íslenskrar hljómsveitar fór beint í sjötta sæti Billboard-listans sem heldur utan um mest seldu plötur Bandaríkjanna. Þetta er frábær árangur og merkilegur fyrir margra hluta sakir.

Í fyrsta lagi hefur plata með íslenskum tónlistarmanni aldrei náð svona hátt á Billboard-listann. Björk komst hæst í níunda sætið (Volta árið 2007) og Sigur Rós hefur hæst náð fimmtánda sætinu (Með suð í eyrum 2008). Platan Jinx með Quarashi, sem Sony-risinn gaf út árið 2002, komst hæst í 104. sæti. Í öðru lagi er þessi árangur merkilegur vegna þess að Of Monsters and Men er kornung hljómsveit og My Head Is an Animal er hennar fyrsta plata.

VINSÆL Árangur Of Monsters and Men markar tímamót.

Síðast en ekki síst er árangur sveitarinnar merkilegur fyrir þær sakir að tónlist Of Monsters and Men er ekki jaðartónlist og hefur engin sérstök íslensk sérkenni. Hingað til hafa þeir íslensku tónlistarmenn sem lengst hafa náð á erlendri grund verið þekktir fyrir frumlegheit og einhverja séríslenska stemningu. Þetta á við um Björk, Sigur Rós, Múm, Sin Fang og marga fleiri. Of Monsters and Men er hins vegar ekki í þessum hópi. Tónlistin hennar er nær meginstraumnum og hefur alþjóðlegri hljóm. Þetta eru ákveðin tímamót. Og þetta þýðir að ef vel gengur áfram ætti Of Monsters and Men að geta selt töluvert fleiri plötur en allir hinir.

Velgengni Of Monsters and Men sýnir að Nanna Bryndís og félagar kunna að búa til grípandi popptónlist. Hún er fyrst og fremst þeim sjálfum að þakka. En hún sýnir samt líka að við Íslendingar erum að gera eitthvað rétt í tónlistarmálum – bæði Músíktilraunir og Iceland Airwaves eru að skila góðum árangri.



Rokk og sólríkt sumarpopp

Garbage, The Smashing Pumpkins, Beach House og M.I.A. senda frá sér nýjar plötur í sumar. Áhugafólk um rokk og popp fær því eitthvað fyrir sinn snúð.

Margar áhugaverðar erlendar plötur eru væntanlegar í sumar. Sólríkt sumarpopp er þar áberandi en rokkáhugamenn geta heldur ekki kvartað. Í rokkdeildinni ber fyrst að nefna fyrstu sólóplötu Jacks White, Blunderbluss, sem var fjallað um hér í blaðinu fyrir skömmu. Hún kemur út í næstu viku og bíða aðdáendur The White Stripes hennar með mikilli eftirvæntingu.

Hinn ófrýnilegi Marilyn Manson gefur út sína áttundu plötu, Born Villain, 1. maí, og segir hann hljóminn vera þyngri en síðustu verk hans. Meira rokk kemur í verslanir 22. maí þegar Garbage gefur út sína fyrstu plötu í sjö ár, Not Your Kind of People. Sveitin hefur selt yfir sautján milljónir platna og verður fróðlegt að fylgjast með hvað söngkonan Shirley Manson, Butch Vig og félagar eru með í pokahorninu.

Hin lífseiga The Smashing Pumpkins gefur svo út Oceania, sína níundu plötu 19. júní. Forsprakkinn Billy Corgan segir hana þá bestu sem hann hefur sent frá sér í langan tíma.

Í poppinu gefur enska bandið Keane út Strangeland í byrjun maí. Fjögur ár eru liðin síðan Perfect Symmetry kom út og átta síðan frumburðurinn Hopes & Fears, leit dagsins ljós við miklar vinsældir. Chris Brown mætir til leiks með Fortune hinn 8. maí og á sama tíma gefur Damon Albarn út Dr. Dee sem fjallar um ævi Englendingsins John Dee sem var uppi á sextándu öld.

Draumpoppsveitin Beach House, sem spilaði á Airwaves í fyrra, gefur út Bloom um miðjan maí og síðar í mánuðinum sendir John Mayer frá sér Born and Raised en þessi vinsæli poppari hefur selt jafnmargar plötur og Garbage, eða um sautján milljónir.

Stuðboltarnir í Hot Chip senda frá sér sína fimmtu plötu, In Our Heads, í júní og þá fyrstu sem kemur út hjá Domino Records. Um svipað leyti kemur út The Spirit Indestructible með hinni kanadísku Nelly Furtado. Hún sló í gegn með laginu I´m Like a Bird árið 2000.

Hinn silkimjúki Usher hefur selt um 45 milljónir platna á ferli sínum. Þrátt fyrir það virðist hann vera í tilvistarkreppu því hans nýjasta útspil sem kemur út í júní kallast Looking for Myself.

Fimmta útgáfan frá rapparanum 50 Cent er væntanleg einhvern tímann í sumar, rétt eins og sú fjórða frá M.I.A. Miðað við fyrsta smáskífulagið Bad Girls og ævintýralegt myndbandið við það, er von á góðu frá þessari áhugaverðu tónlistarkonu.

freyr@frettabladid.is

SPENNANDI SUMAR

M.I.A., Garbage, Hot Chip, The Smashing Pumpkins og Beach House mæta öll með nýjar og spennandi plötur í sumar.

LAGALISTINN

Vikuna 12. - 18. apríl 2012

Sæti		Flytjandi	Lag
▲	1	Fun / Janelle Monae	We Are Young
▼	2	Magni	*Hugarró*
▲	3	The Black Keys	*Gold On The Ceiling*
▶	4	Bubbi / Mugison	*Þorpið*
▶	5	Valdimar Guðmund. / Helgi Júlíus	*Stöndum saman*
▼	6	Hljómar	*Þú og ég*
✱	7	KK	*Frelsið*
▶	8	Train	*Drive By*
▼	9	Of Monsters And Men	*Lakehouse*
▲	10	Gabríel, Valdimar og Opee	*Stjörnuhröp*

TÓNLISTINN

Vikuna 12. - 18. apríl 2012

Sæti		Flytjandi	Plata
▶	1	Of Monsters And Men	*My Head Is An Animal*
▲	2	Mugison	*Haglél*
▼	3	Adele	*21*
▲	4	Björgvin Halldórsson	*Gullvagninn*
▲	5	Helgi Björnsson	*Íslenskar dægurperlur í Hörpu*
▼	6	Ýmsir	*Söngvakeppni Sjónvarpsins 2012*
▲	7	Retro Stefson	*Kimbabwe*
✱	8	Björk	*Gling gló*
▼	9	Sóley	*We Sink*
▼	10	Gus Gus	*Arabian Horse*

Skýringar:
▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ✱ Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. visir

Þátttakendur í Lagalistanum: Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, Kaninn, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum:** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elkó, tonlist.is

Hótel Volkswagen

LEIKRIT EFTIR JÓN GNARR

Í leikstjórn Benedikts Erlingssonar

„Ég hló alveg ótrúlega mikið. Beinskeytt ádeila á okkar samtíma“. MK, Djöflaeyjan

„Jón Gnarr keyrir á sprellfjörugu handriti, kostulegum samtölum og dásamlega sjúkum persónum sem leikhópur í toppformi gerir frábær skil...stórgóð kvöldskemmtun“ - Þþ, Ftími

„Ef þig langar til að dæsa, hneykslast, njóta, hlæja og skammast þín þá pantaðu pláss á Hótel Volkswagen“ - SA, tmm

„ER ÞETTA GÁTA EÐA ER ÞETTA BRANDARI?"

Tryggðu þér miða!

Miðasala | 568 - 8000 | borgarleikhus.is

> NÆSTUM HÆTT AÐ LEIKA

Leikkonan Salma Hayek viðurkennir að hún hafi næstum verið búin að gefa feril sinn upp á bátinn eftir að hún varð móðir. Hayek á fimm ára gamla dóttur með eiginmanni sínum Francois-Henri Pinault og segir í viðtali við Marie Claire að það hafi verið erfið skref aftur í vinnuna. Hayek er hins vegar með nóg af verkefnum í bígerð en þrjár myndir eru væntanlegar með leikkonunni á árinu, The Pirates/Bands of Misfit, Savages og Here Comes the Boom.

bíó

bio@frettabladid.is

Leyniverkefni, leynikjallarar og leyndarmál

Auk stórmyndarinnar Mirror Mirror voru tvær myndir frumsýndar í kvikmyndahúsum landsins í gær.

Jonah Hill og Channing Tatum fara á kostum í myndinni 21 Jump Street. Þar leika þeir félagana Schmidt og Jenkt sem eru nýútskrifaðir lögreglumenn. Sökum unglegs útlits þeirra lenda þeir í því að vera valdir í sérstaka leynisveit og eru sendir sem nemendur inn í framhaldsskóla til að upplýsa um glæpastarfsemi þar. Hvorugur þeirra er þó undir það búinn að þurfa að takast á við erfiðleika unglingsáranna algjörlega upp á nýtt.

Hryllingsgrínmyndin The Cabin in the Woods var líka frumsýnd í gær. Hún fjallar um fimm unga vini sem ákveða að gista í kofa í óbyggðum og sletta þar ærlega úr klaufunum. Þegar ungmennin fara að forvitnast um það sem leynist í kjallara kofans lenda þau þó í hinum ýmsu hremmingum.

Söguþræði myndarinnar hefur að mestu verið haldið leyndum en því er lofað að hún muni koma á óvart og ekki falla inn í staðalímynd hrollvekja.

Á morgun verður frumsýnd nýjasta mynd Pawels Pawlikowski, Woman in the Fifth. Myndin fjallar um bandarískan rithöfund sem flytur til Parísar til að vera nálægt dóttur sinni. Líf hans breytist þó til muna þegar hann kynnist dularfullri ekkju. - trs

AFTUR Í SKÓLA Þeir Schmidt og Jenkt voru ekki búnir undir það að upplifa unglingsárin upp á nýtt þegar þeir eru sendir inn í framhaldsskóla í dulargervi nemenda.

KVIKMYNDARÝNI



BATTLESHIP

★★★★☆

„Fyndin og fjörug brelluveisla. Og hávaðinn er ægilegur."

AMERICAN REUNION

★★☆☆☆

„Andrúmsloftið er til staðar en grínið þarf að vera meira og betra."

CARNAGE

★★☆☆☆

„Lofar góðu en missir dampinn fljótt."

TITANIC 3D

★★★★☆

„Titanic stenst tímans tönn. Taktu með þér tissjú og ekki skammast þín fyrir neitt."

THE HUNGER GAMES

★★★★☆

„Vel heppnuð vísindaskáldsaga sem flæðir vel." - hva

HVER Á LANDI FEGURST ER?

Ævintýra- og gamanmyndin Mirror Mirror var frumsýnd í gærkvöldi. Myndin er byggð á hinu klassíska ævintýri Grimms-bræðranna um Mjallhvíti og dvergana sjö, en í þetta skipti mæta stjörnur á borð við Juliu Roberts og Lil Collins á svæðið.

Ævintýrið um Mjallhvíti og dvergana sjö birtist kvikmyndahúsagestum í nýrri mynd í gaman- og ævintýramyndinni Mirror Mirror. Leikstjórinn Tarsem Singh stýrir þeim Juliu Roberts, Lily Collins, Armie Hammer og Sean Bean í þessari litríku kvikmynd sem segir frá baráttu Mjallhvítar við vondu stjúpuna.

Flestir þekkja líklega söguþráð kvikmyndarinnar sem segir á gamansaman hátt frá ævintýrum Mjallhvítar sem rekin er út í skóg af afbrýðisamri stjúpu sinni en er bjargað af sjö dvergum. Það er Julia Roberts sem fer með hlutverk illu drottningarinnar á meðan Lily Collins fer með hlutverk hinnar fögru og ljúfu Mjallhvítar.

Singh á að baki kvikmyndir á borð við The Cell, The Fall og Immortals sem frumsýnd var í fyrra. Myndir hans þykja mjög myndrænar og hefur búningahönnun Eiko Ishioka mikið um það að segja, en Mirror Mirror var jafnframt síðasta myndin sem Ishioka vann við áður en hún lést í janúar á þessu ári.

Myndin hefur fengið misjafna dóma; sumir segja hana ófyndna og leiðinlega á meðan aðrir gagnrýnendur segja hana fallega, myndræna og skemmtilega. Vefsíðan Rotten Tomatoes gefur Mirror Mirror 49 rotin prósent en gagnrýnandi The Telegraph gefur myndinni fjórar stjörnur af fimm mögulegum.

MJALLHVÍT OG DVERGARNIR Lily Collins fer með hlutverk prinsessunnar Mjallhvítar sem lendir í ýmsum ævintýrum.

EFNILEGIR AFKOMENDUR

- Aðalleikkona myndarinnar, Lily Collins, er dóttir breska tónlistarmannsins Phil Collins. Stúlkan hóf leikferil sinn aðeins tveggja ára gömul er hún kom fram í sjónvarpsþáttunum Growing Pains á BBC.
- Armie Hammer fer með hlutverk prinsins í kvikmyndinni. Hann er af auðugu fólki kominn og er barnabarn olíuauðjöfursins Armands Hammer en eignir hans voru metnar á 200 milljónir dollara af Forbes Magazine árið 1986. Armie Hammer vakti mikla athygli þegar hann lék tvíburabræðurna Cameron og Tyler Winklevoss í kvikmyndinni The Social Network.
- Leikstjórinn Tarsem Singh hóf feril sinn í tónlistarbransanum og leikstýrði meðal annars tónlistarmyndböndunum við lögin Hold On með stúlknasveitinni En Vogue, Sweet Lullaby með Deep Forest og Losing My Religion með R.E.M.

Aðalfundur GFF

verður haldinn fimmtudaginn 26. apríl kl 15 í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafnsins.

Allt áhugafólk um gróður og umhverfisvernd velkomið

FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP

FRÉTTIR STÖÐVAR 2 Í BEINNI

FRÉTTIR

visir - oft á dag

VINSÆLL Leikarinn Chris Hemsworth leikur í fjölda mynda er koma út á árinu.

NORDICPHTOS/GETTY

Yngist með árunum

Leikarinn Chris Hemsworth leikur í nokkrum af stórmyndum ársins, þar á meðal Snow White and the Huntsman, The Cabin in the Woods, The Avengers og Red Dawn.

Hemsworth segir þetta skrítna tilviljun, sér í lagi vegna þess að Red Dawn og The Cabin in the Woods voru teknar upp fyrir nokkrum árum síðan. „Mér líður svolítið eins og persónunni Benjamin Button. Myndin sem tekin var upp fyrst er frumsýnd síðust og því yngist ég á skjánum eftir því sem líður á árið," sagði leikarinn um málið.

Ástæðan fyrir töfinni er sú að MGM framleiðslufyrirtækið fór á hausinn og því tafðist útgáfa myndanna töluvert en Red Dawn verður frumsýnd tveimur árum eftir að tökum lauk.

„Ég lék í Cabin in the Woods ,svo Red Dawn, síðan Thor, sem hefur þegar verið sýnd og loks í The Avengers."

Verstu stefnumótin

Vefsíðan Moviefone setti saman lista yfir nokkur af verstu stefnumótum kvikmyndasögunnar og efst á þeim lista trónir kvikmyndin Kissing Jessica Stein þar sem aðalpersónan á stefnumót með hverjum aulanum á fætur öðrum.

Aðrar kvikmyndir sem komust á listann voru When Harry Met Sally með þeim Meg Ryan og Billy Crystal í aðalhlutverkum, There's Something About Mary og Annie Hall, sem Woody Allen leikstýrði og kom út árið 1977.

SLÆM STEFNUMÓT Vefsíðan Moviefone tók saman nokkur af verstu stefnumótum kvikmyndasögunnar.

NORDICPHOTOS/GETTY

pepsi

FIMMTUDAGS BOMBA PEPSI

ÞETTA ER KLIKKAÐ DÆMI!

FIMMTUDAGS BOMBA!

SUMARDAGINN FYRSTA

3.000 KR

GILDIR FYRIR 1

og þú ferð **ENDALAUST FRÍTT** í öll tækin í garðinum **Í 1,5 TÍMA**!

Gildir ekki í kranana og tívolíleikirnir gefa ekki tívolípunkta.

ERTU EKKI AÐ DJÓKA?

OPNUM KL.12

Fyrstu 2000 krakkarnir fá Skoppu og Skrítlu frostpinna frá Emmess ís

Frí andlitsmálun fyrir alla káta krakka í barnalandinu

ALLIR SEM KAUPA FIMMTUDAGSBOMBU FÁ FRÍTT POPP OG PEPSI AÐ AUKI!

Þú getur farið aftur og aftur og aftur í öll tækin!

Skemmtigarðurinn SMÁRALIND

Skemmtigarðurinn Smáralind • Sími 534 1900 • www.skemmtigardur.is

TILBOÐIÐ GILDIR AÐEINS Í APRÍL

MORGUNMATUR Á KVÖLDIN Vilji maður sofa betur á nóttinni er sniðugt að borða morgunmatinn að kvöldi til. Samkvæmt breska sjúkraþjálfaranum Sammy Margo, sem skrifaði bókina The Good Sleep Guide, eru bananar, haframjöl og jógúrt maturinn sem aðstoðar við svefnleysi.

ALLRA MEINA BÓT Þrjár matskeiðar á dag af hnetum halda kílóunum í skefjum samkvæmt rannsóknum.

Þrjár hnetuskeiðar á dag

HEILSA Ný rannsókn sýnir að þeir sem borða hnetur eiga auðveldara með að halda aukakílóunum í skefjum.

Vísindamenn við Louisiana-háskólann í Bandaríkjunum komust að því að þeir sem borða hnetur séu með lægri BMI-stuðul, minna mittismál og almennt léttari. Ráðlagður dagsskammtur af hnetum er um þrjár matskeiðar á dag, en mælt er með því að tegundum sé blandað saman, eins og möndlum, kasjúhnetum og heslihnetum.

Vísindamenn vilja meina að hnetur séu góðar gegn offitu, hjartasjúkdómum og sykursýki svo eitthvað sé nefnt.

SMÍÐAR DÚA-BÍLA Í FRÍSTUNDUM

Úlfar Már Sófusson hefur endurvakið hina vinsælu Dúa-bíla sem eiga sögu sína að rekja aftur til ársins 1985.

HEIMILI „Pabbi minn smíðaði þessa bíla áður fyrr en þegar hann lést árið 2002 lögðust þeir í smá dvala. Það var svo fyrir svona tveimur árum sem ég ákvað að byrja að smíða þá aftur, þar sem mig langaði að sonur minn fengi svona bíl," segir iðnneminn Úlfar Már Sófusson.

Úlfar hefur unnið sem smiður í hátt í tíu ár og mun ljúka smíðanámi nú í vor. Hann segist ekki hafa auglýst bílana neitt enn þá, en sé samt sem áður með um ellefu pantanir sem bíða hans. „Ég vinn þetta í frístundunum en það tekur dágóðan tíma að smíða hvern bíl, maður verður nú að vanda sig við verkið, " segir Úlfar. Að sögn hans eru það helst menn sem áttu slíka bíla á sínum yngri árum sem kaupi þá handa börnum sínum eða barnabörnum. Á árum áður var hægt að fá nokkrar tegundir af bílnum en Úlfar heldur sig aðeins við vinsælustu útgáfuna í sinni framleiðslu, þeir koma þó í mismunandi litum.

Frá því að bílarnir komu fyrst á markað árið 1985 hafa þeir alltaf verið handsmíðaðir og þykja einkar endingargóðir og vandaðir. „Ég á sjálfur einn sem er orðinn meira en 20 ára gamall og hann er enn þá í heilu lagi. Það eru mörg dæmi um að bílarnir gangi hreinlega í erfðir," segir Úlfar. Í gamla daga var hægt að fá bílinn merktan með nafni barnsins sem hann átti að fá, einhverju ákveðnu bílnúmeri eða hvað svo sem börnin óskuðu og þeim fylgdi skráningarvottorð. Úlfar er ekki farinn að láta slíkt fylgja með bílunum enn en segir líklegt að hann taki það upp fljótlega. „Það væri gaman að fara með þetta alla leið fyrst maður er að þessu á annað borð," segir hann að lokum.

tinnaros@frettabladid.is

Feykivinsælir Úlfar Már byrjaði að búa bílana til þegar Sófus Oddur, sonur hans fæddist þar sem hann vildi að sonur sinn myndi eignast sinn eigin bíl.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

SAGAN Á BAKVIÐ DÚA-BÍLANA

Dúa-bílarnir eiga sögu sína að rekja aftur til ársins 1985 þegar nokkrir frumkvöðlar úr Dýrafirði stofnuðu leikfangasmiðjuna Ölduna og framleiddu bílana. Hallgrímur Sveinsson var einn af þessum mönnum og segir hann markmið þeirra hafa verið að framleiða leikföng úr timbri í stað plasts.

Leikfangasmiðjan framleiddi alls kyns vinsæl leikföng, þar á meðal kúluspil og svokallaða dú-dú dúkkuvagna, og öll vinna var unnin í höndunum. „Við létum okkur nú dreyma um að koma framleiðslunni á færibandaprógramm, en það komst aldrei svo langt," segir Hallgrímur. Dúa-bílarnir draga nafn sitt af því að í þeim var fjöðrun og þeir dúuðu því. Þeir voru aðalvara Öldunnar og þóttu afar vinsælir. „Það var enginn maður með mönnum í Dýrafirði ef hann átti ekki Dúa-bíl og krökkunum þótti vænt um bílana sína," bætir Hallgrímur við. Hann telur óhætt að segja að þeir hafi selt á milli tvö- og þrjú þúsund bíla á sínum tíma, en þeir seldu þá um allt land. „Við gerðum meira að segja út mann á bíl sem fór með þá á milli og seldi þá," segir Hallgrímur.

Kaupfélag Dýrfirðinga keypti einkaleyfið að bílunum af Öldunni í upphafi tíunda áratugs síðustu aldar og foreldrar Úlfars Más keyptu svo leyfið af þeim nokkrum árum síðar.

MEIRA MAGN Rannsóknir frá háskóla í Frakklandi sýna að húðflúraðir einstaklingar drekka meira magn af áfengi en aðrir.

NORDICPHOTOS/GETTY

Gataðir og húðflúraðir drekka meira

HEILSA Þeir sem skarta húðflúrum drekka meira en aðrir samkvæmt rannsóknum Háskóla Suður-Bretaníu í Frakklandi. Rannsóknarmenn við háskólann komust að því að húðflúraðir einstaklingar eiga það til að drekka meira magn af áfengi þegar þeir bregða undir sig betri fætinum.

Yfir 3.000 manns tóku þátt í rannsókninni sem fór þannig fram að fólk var beðið um að blása í áfengismæla á leið sinni út af skemmtistöðum og sýndu niðurstöður að húðflúraðir höfðu að jafnaði drukkið meira yfir kvöldið.

Hins vegar var lítill munur á fólki með engin húðflúr og þeim sem skörtuðu bara einu. Samkvæmt rannsókninni voru þeir með fleiri en sjö húðflúr og göt í eyrum, nefi eða annars staðar á líkamanum líklegastir til að drekka mesta magnið af áfengi.

Við óskum sundlaugargestum innilega til hamingju með

Endurbætur á Laugardalslaug

Nú er lokið fyrsta áfanga í framkvæmdum við endurbætur á Laugardalslaug. Við opnum með pompi og prakt í dag **19. apríl**. Við þökkum öllum þeim sem komu að framkvæmdunum, einnig þökkum við sundlaugargestum kærlega fyrir þolinmæði og skilning á meðan á framkvæmdum stóð um leið og við bjóðum þá velkomna í endurbætta Laugardalslaug.

SS-hellulagnir

ÁÁ Verktakar ehf.
Verndun og viðhald fasteigna

VSÓ RÁÐGJÖF

VATNSVIRKINN
VATN OG HITI SÍÐAN 1954

ALTIS

MANNVIT

SPENNANDI

Kærar þakkir fyrir þolinmæðina
Laugardalslaug

Laugarnar í Reykjavík

ÍR *Skemmtilegur frítími*

33 **LEIKKONAN KATE HUDSON** er 33 ára í dag. Hún fagnar eflaust afmælisdeginum með manni sínum Matthew Bellamy, söngvara Muse, og sonum sínum Bingham og Ryder.

37 DAGAR í aðalkeppni Eurovision

Metþátttaka á Eurovision-tónleikum

TAKA ÞÁTT Írsku töffararnir í Jedward eru meðal þeirra 24 atriða sem fram koma á tónleikunum í Amsterdam.

Eurovision-tónleikar verða haldnir í Amsterdam á laugardagskvöldið, fjórða árið í röð.

Tónleikarnir voru fyrst haldnir sem hálfgert grín árið 2009 og var öllum þátttökulöndum boðið að koma með sitt lag og taka þátt. Síðan þá hafa þeir þó stækkað umtalsvert og metþátttaka verður á tónleikunum þetta árið. Meirihluti þeirra landa sem taka þátt í Eurovision í lok maí sendir framlag sitt til þátttöku á tónleikunum, en þar koma fram 24 af þeim 42 löndum sem keppa í Baku.

Ísland verður því miður ekki meðal flytjenda á tónleikunum frekar en flestar aðrar Norðurlandaþjóðir, en Finnar halda uppi heiðri norðursins og verða þeir einu af Norðurlöndunum sem taka þátt. Tónleikunum verður stýrt af hollenska Eurovisionfaranum frá 1993, Ruth Jacott, og hollenska þulnum Cornald Maas.

Aðalfundur GFF

verður haldinn fimmtudaginn 26. apríl kl 15 í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafnsins.

Allt áhugafólk um gróður og umhverfisvernd velkomið

SKÁLKAR Á SKÓLABEKK

Bíó ★★★☆☆

21 Jump Street
Leikstjórn: Phil Lord, Chris Miller
Leikarar: Jonah Hill, Channing Tatum, Brie Larson, Dave Franco, Ellie Kemper, Rob Riggle, Ice Cube

SKEMMTILEGIR Jonah Hill og Channing Tatum er góðir saman í 21 Jump Street.

Hér er á ferðinni kvikmynd byggð á sjónvarpsþáttunum 21 Jump Street sem nutu mikilla vinsælda á 9. áratug síðustu aldar. Þar var ungur Johnny Depp í hlutverki leynilöggu sem ásamt félögum sínum faldi sig innan um unglinga og leysti glæpi í skólum og skúmaskotum þar sem óþekk ungmenni héldu sig. Sprellið ræður ríkjum í nýju uppfærslunni og eru það gosarnir Jonah Hill og Channing Tatum sem sjá um fjörið.

Lögreglumennirnir Greg og Morton fá það verkefni að afhjúpa eiturlyfjahring sem teygir anga sína í fyrrum menntaskóla þeirra félaga, þar sem Greg var vinsæll á sínum tíma en Morton alls ekki. Þeir dulbúa sig sem nemendur við skólann og sökum klaufaskapar neyðist lúðinn til að leika hlutverk þess vinsæla og öfugt. Málið reynist hættulegra en það virtist í fyrstu og löggurnar tvær þurfa að lokum að grípa til vopna.

Myndir um spaugileg vistaskipti hafa kitlað hláturtaugar kvikmyndahúsagesta lengur en elstu menn muna. 21 Jump Street gerir þetta ágætlega og áreynslulítið. Aðalleikararnir tveir eru kómískir, án þess þó að hálfdrepa áhorfendur úr hlátri, og samleikur þeirra er skemmtilegur. Báðir líta þeir þó út fyrir að vera um þrítugt (sem þeir eru) og grefur það undan trúverðugleika myndarinnar. Þá kemur Dave Franco, tvífari og litli bróðir leikarans James Franco, skemmtilega á óvart með sterkum og dramatískum leik sem smákrimminn Eric.

Þessi ágæti grínhasar krefst engrar þekkingar á sjónvarpsþáttunum gömlu, og þrátt fyrir skort á stjórnlausum hlátrasköllum má vel hafa gaman af 21 Jump Street.

Haukur Viðar Alfreðsson

Niðurstaða: Mátulegur skammtur af formúluskopi. Allt gott og blessað.

biðsvæði 2012

torg í biðstöðu

- SKÖPUM SKEMMTILEG TORG Í REYKJAVÍK!

Reykjavíkurborg óskar eftir hugmyndaríkum og duglegum einsktaklingum og hópum til að taka þátt í endursköpun almenningssvæða og torga í biðstöðu í borginni í sumar.

Umsóknarfrestur er til 1. maí 2012. Allar upplýsingar um verkefnið og umsóknarferlið er að finna á: www.reykjavik.is/bidsvaedi

Britney tilbúin fyrir X Factor

Poppprinsessan Britney Spears ku vera komin með pennann í hendurnar og tilbúin að skrifa undir samning við Simon Cowell um að setjast í dómarasætið í bandarísku X Factor keppninni. Frá þessu greinir miðillinn TMZ en ef rétt reynist mun Spears eflaust trekkja að þónokkuð áhorf. Spears ætlar ekki að gera þetta ókeypis en samkvæmt heimildum TMZ á Spears að fá um 15 milljón dali fyrir vinnuna.

Spears sest þá í einn af tveimur lausum stólum við dómaraborðið en bæði Paula Abdul og Nicole Scherzinger, sem voru dómarar í fyrra, hafa yfirgefið keppnina.

DÓMARI Samningar eru að nást milli Britney Spears og Simons Cowells um að hún verði dómari í næstu X Factor keppninni í Bandaríkjunum.

NORDICPHOTOS/GETTY

NÝ ÞRÓUN Kutcher og Kunis hafa verið vinir í fjölmörg ár, en nú er uppi orðrómur um að vináttan hafi þróast út í eitthvað meira.

Meira en vinir?

Heitasta slúðrið í Hollywood um þessar mundir er um meint ástarsamband stjarnanna Ashtons Kutcher og Milu Kunis.

Ashton og Mila hafa verið vinir í mörg ár en þau kynntust við tökur á þáttunum That 70's Show, sem hóf göngu sína árið 1998 og kom þeim báðum á kortið. Það er því ekki ósennilegt að þrátt fyrir að hafa farið saman í húsgagnaverslun og kvöldmat áður en þau fóru saman heim til Kutcher nú fyrr í vikunni, sé bara um að ræða vinskap þeirra á milli. Það er þó aldrei að vita nema ást sé í spilunum og vilja sérfræðingar meina að líkamstjáning þeirra á myndum sem náðst hafa af þeim saman beri með sér að þau séu að leyna einhverju.

AXL ROSE Svo gæti farið að kvikmynd verði gerð um Axl Rose og fyrrum félaga hans í Guns N´Roses.

Kvikmynd um Roses

Svo gæti farið að gerð verði kvikmynd um rokksveitina Guns N´Roses. Trommarinn Matt Sorum er í viðræðum við nokkur framleiðslufyrirtæki um að skrifa handrit myndarinnar. „Ef þú skoðar rokkmyndir þá hafa þær aldrei verið gerðar almennilega. Mynd um Guns N´Roses yrði athyglisverð því hljómsveitin var sóðalegri og pönkaðri en aðrar rokksveitir í Hollywood," sagði Rosum.

Stutt er síðan Sorum og fyrrum félagar hans í Guns N´Roses voru vígðir inn í Frægðarhöll rokksins. Söngvarinn Axl Rose mætti reyndar ekki á samkomuna.

TUPAC SHAKUR Rapparinn sálugi er hugsanlega á leið í tónleikaferðalag.

Tónleikaferð með Shakur

Rapparinn sálugi Tupac Shakur gæti verið á leiðinni í tónleikaferðalag með aðstoð heilmyndartækni. Shakur „steig á svið" á Coachella-hátíðinni á dögunum og flutti meðal annars lagið 2 of Amerikaz Most Wanted.

Uppátækið hefur vakið mikla umræðu í tónlistarbransanum. Núna herma fregnir að rapparinn Dr. Dre, sem heilsaði upp á Shakur meðan á tónleikunum stóð á Coachella, sé að athuga hvort hann geti farið með rapparann í tónleikaferðalag.

Cowell fer tvisvar á ári í botox

Simon Cowell fer tvisvar á ári í botox-meðferð og lætur sprauta sig með vítamíni til að halda unglegu útliti sínu. Þetta kemur fram í óopinberri ævisögu kappans sem var ekki skrifuð með hans samþykki.

Bókin nefnist Sweet Revenge: The Intimate Life of Simon Cowell og hefur breska dagblaðið The Sun velt sér upp úr henni. Þar kemur fram að Cowell, sem er dómari í Britain´s Got Talent og X Factor, noti svartan klósettpappír og sé með sérstaka hönnun í garðinum sínum sem láti líta út fyrir að hann gangi á vatni. Einnig kemur þar fram að Cowell, sem verður 53 ára í haust, borði ferska ávexti sem eiga að lengja líf hans og eru sendir til hans með flugi. Einnig drekkur hann tvo „smoothies"-drykki á dag sem eru gerðir úr framandi plöntum.

Cowell fer einnig í nudd, lætur vaxa á sér brjóstkassann og litar á sér hárið. Hvað vítamínið varðar fær Cowell B og C vítamín í æð síðdegis á hverjum laugardegi.

MEÐ ÚTLITIÐ Á HEILANUM Simon Cowell er með útlit sitt á heilanum samkvæmt ævisögunni.

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
5%
TOPPMYNDIN Á ÍSLANDI Í DAG!
2 fyrir 1 tilboð í Laugarásbíó í dag - Greitt er fyrir dýrari miðann
ÍSL TAL
LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar
21 JUMP STREET 5.45, 8, 10.20
MIRROR MIRROR 1.50, 4
BATTLESHIP 7, 10
HUNGER GAMES 7, 10
LORAX 2D ISL TAL 2, 4
LORAX 3D ISL TAL 2, 4

EKKI HRIFIN AF COWELL Sharon Osbourne vandar Simon Cowell ekki kveðjurnar. NORDICPHOTOS/GETTY

Ekki hrifin af Cowell

Sharon Osbourne vandar fyrrum yfirmanni sínum, Simon Cowell, ekki kveðjurnar. Hún sagði Cowell vera valdafíkil og eiginhagsmunasegg í spjallþættinum The Talk.

Osbourne starfaði um hríð sem dómari í raunveruleikaþættinum The X Factor UK sem er hugarfóstur Cowells. „Hann er ríkur, valdamikill og skapandi. Hann á allt, en þú getur ekki keypt tólin," sagði Osbourne um fyrrum yfirmann sinn um leið og vísaði þar til manndóms Cowells.

Í þættinum segist Osbourne hafa hætt sem dómari í þáttunum vegna þess að henni hafi ekki þótt starfið skemmtilegt lengur og að það hafi reitt Cowell til reiði. „Ég hafði sigrast á krabbameini og lofað sjálfri mér að gera aldrei nokkuð sem ég hefði ekki gaman af. Ég þurfti að búa fjarri fjölskyldu minni og ég var óánægð og ákvað að hætta."

SPILA SAMAN Don Randi ásamt Geir Ólafssyni. Þeir spila saman um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Randi spilar á Íslandi

Don Randi, góðvinur Geirs Ólafssonar, spilar með honum á tvennum tónleikum á föstudaginn og laugardaginn. Þeir fyrri verða á Café Rosenberg og hinir síðari á Silfurtunglinu.

Randi, sem er fyrrum pianisti Franks Sinatra, er eigandi hins virta tónlistarklúbbs The Baked Potato í Los Angeles þar sem Geir hefur stigið á svið. Aðrir sem koma fram á tónleikunum eru Fabúla, Hafdís Huld og Birgir Gunnarsson ásamt hópi valinkunnra hljóðfæraleikara.

Tónlist ★★★☆☆

Pink Friday: Roman Reloaded
Nicki Minaj



Misjöfn Minaj

Pink Friday: Roman Reloaded er önnur plata Nicki Minaj, en sú fyrsta, Pink Friday, sem kom út í nóvember 2010 gerði hana að stórstjörnu út um allan heim, sérstaklega í Bandaríkjunum.

Tónlistin á nýju plötunni er framhald af þeirri fyrri, þetta er nútímalegt sambland af poppi og hip-hoppi. Það eru 19 lög á plötunni. Bestu lögin eru hip-hop lögin í byrjun plötunnar: Come on a Cone, Hov Lane, Roman Reloaded, I Am Your Leader og hið ofursvala Beez in the Trap. Algjör dúndurbyrjun og mjög flottir taktar og hljóð í gangi. Allt að gerast! Svo taka popplögin við og þau eru mun lakari og sum hreinlega þreytandi. Nicki er nefnilega miklu betri rappari en söngkona og röddin hennar verður þreytandi í þessum endalausu poppviðlögum. Inn á milli eru samt ágæt lög, til dæmis Starships, og platan endar á tveimur flottum lögum, Gun Shot, sem Beenie Man er gestur í og hinu ýkta Stupid Hoe.

Á heildina litið er þetta nokkuð misjöfn plata. Það besta á henni er frábært, en inn á milli hrapa gæðin. Ef Nicki gerði hreinræktaða hip-hop plötu væri fyrst gaman.

Trausti Júlíusson

Niðurstaða: Bestu lögin eru frábær, önnur síðri.

Mynd um Washington

Darren Aronofsky er í viðræðum um að leikstýra nýrri kvikmynd um George Washington, The General. Myndin fjallar um ákveðið tímabil í lífi Washingtons. Framleiðslan hefst ekki strax því fyrst ætlar Aronofsky að leikstýra Noah sem verður að öllum líkindum tekin upp hér á landi. Aronofsky, sem leikstýrði Black Swan, er með aðra mynd á teikniborðinu. Hún heitir Get Happy og fjallar um leikkonuna Judy Garland. Anne Hathaway hefur verið orðuð við aðalhlutverkið.

SAMBÍÓIN SAMbio.is
ÁLFABAKKA
CABIN IN THE WOODS KL. 5:50 - 8 - 10:10 2D 16
CABIN IN THE WOODS VIP KL. 3 - 8 2D VIP
BATTLESHIP KL. 3 - 5:20 - 8 - 10:40 2D 12
BATTLESHIP VIP KL. 5:20 - 10:10 2D VIP
COLD LIGHT OF DAY KL. 5:50 - 8 - 10:10 2D 14
AMERICAN PIE 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 2D 12
WRATH OF THE TITANS KL. 8 - 10:10 3D 12
FRIENDS WITH KIDS KL. 5:50 2D 12
FJÖRFISKARNIR M/ ÍSL.TALI KL. 3:40 2D L
JOURNEY 2 KL. 3:40 2D L
DÝRAFJÖR M/ ÍSL.TALI KL. 3:40 3D L
AKUREYRI
THE CABIN IN THE WOODS KL. 6 - 10:10 2D 16
THE COLD LIGHT OF DAY KL. 8 2D 14
GONE KL. 8 2D 12
WRATH OF THE TITANS KL. 5:40 - 10:10 2D 12
SELFOSS
SVARTUR Á LEIK KL. 6 - 8 - 10:10 16
GONE KL. 6 - 8 - 10:10 12
EGILSHÖLL
BATTLESHIP KL. 5:10 - 8 - 10:10 - 10:50 2D L
THE COLD LIGHT OF DAY KL. 5:50 - 8 - 10:20 2D 12
WRATH OF THE TITANS KL. 5:40 - 8 3D 12
PROJECT X KL. 5:50 2D 16
TITANIC KL. 8 3D 7
KRINGLUNNI
CABIN IN THE WOODS KL. 5:50 - 8 - 10:10 2D 16
COLD LIGHT OF DAY KL. 5:50 - 8 - 10:10 2D 14
GONE KL. 5:50 - 8 2D 12
WRATH OF THE TITANS KL. 10:10 3D 12
FJÖRFISKARNIR M/ ÍSL.TALI KL. 3:40 2D L
DÝRA FJÖR 3D M/ ÍSL.TALI KL. 3:40 3D L
THE MUPPETS MOVIE KL. 3:40 2D L
KEFLAVÍK
CABIN IN THE WOODS KL. 10:40 2D 16
BATTLESHIP KL. 8 2D 12
GONE KL. 8 2D 12
LORAX M/ ÍSL.TALI KL. 6 3D L
SVARTUR Á LEIK KL. 5:50 - 10 2D 16
Hörku Spennutryllir frá framleiðendum "Girl with the Dragon Tattoo" og "Safe House".
MÖGNUÐ SPENNUMYND

TILBOÐSBÍÓ
SUMARDAGURINN FYRSTI - FIMMTUDAGUR
SMÁRA BÍÓ midi.is
21 JUMP STREET KL. 1 14
MIRROR MIRROR KL. 1 12
LORAX 3D/2D KL. 1 L
HÁSKÓLA 1 BÍÓ midi.is
IRON SKY KL. 3.30 12
MIRROR MIRROR KL. 3.20 12
LORAX 3D KL. 3 L
LORAX 2D KL. 3.30 L

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA 1 BÍÓ midi.is
"FYNDNASTA MYND SEM ÉG HEF SÉÐ Í LANGAN TÍMA!" - TV, KVIKMYNDIR.IS
DREPFYNDIN MYND!
SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%
21 JUMP STREET KL. 1 (TILBOÐ) - 3 - 5.30 - 8 - 10.30 14
21 JUMP STREET LÚXUS KL. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 14
MIRROR MIRROR KL. 1 (TILBOÐ) - 3.20 - 5.40 - 8 L
BATTLESHIP KL. 5.15 12
AMERICAN PIE: REUNION KL. 8 - 10.30 12
LORAX – ÍSLENSKT TAL 2D KL. 1 (TILBOÐ) - 3.15 L
LORAX – ÍSLENSKT TAL 3D KL. 1 (TILBOÐ) - 3 L
HUNGER GAMES KL. 5 - 8 - 11 12
SVARTUR Á LEIK KL. 10.20 16
HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIDI.IS 5%
21 JUMP STREET KL. 8 - 10.30 14
MIRROR MIRROR KL. 3.20 (TILBOÐ) - 5.40 - 8 - 10.20 L
IRON SKY KL. 3.30 (TILBOÐ) - 5.45 - 10.30 12
TITANIC 3D ÓTEXTUÐ KL. 5 10
HUNGER GAMES KL. 9 12
SVARTUR Á LEIK KL. 5.30 - 8 16
LORAX – ÍSLENSKT TAL 3D KL. 3 (TILBOÐ) L
LORAX – ÍSLENSKT TAL 2D KL. 3.30 (TILBOÐ) L
BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIDI.IS
21 JUMP STREET KL. 5.50 - 8 - 10.10 14
BATTLESHIP KL. 10.10 12
AMERICAN PIE: REUNION KL. 5.50 - 8 12
facebook / smarabio • facebook / haskolabio

Sími: 553 2075 LAUGARÁS BÍÓ - bara lúxus
SUMARTILBOÐ
2 FYRIR 1
TILBOÐ Í DAG*
www.laugarasbio.is
*Greitt er fyrir dýrari miðann.

BÍÓ ★ PARADÍS
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas
FIMMTUDAGUR: IRON SKY 18:00, 20:00, 22:00 ■ INDLAND: HÁLSMENIÐ 20:00 ■ CARNAGE 18:00, 20:00, 22:00 ■ BARÁTTAN UM LANDIÐ 18:00 ■ MARGIN CALL 20:00 ■ SVARTUR Á LEIK (ENGL. SUBS) 22:10
ÍSL. TEXTI ENG. SUBS
SKÓLANEMAR: 25% afsláttur gegn framvísun skírteinis! Sami afsláttur fyrir öryrkja og eldri borgara.
IRON SKY græna ljósið
KÖLT-GRÍNMYND ÁRSINS!
11.-20. APRÍL
INDVERSK KVIKMYNDAHÁTÍÐ

GLEÐILEGT SUMAR!

TAKTU 3 BORGAÐU 2*

ATHUGIÐ • NÝTT • KORTATÍMABIL!

3 fyrir 2

T-BOLIR, fyrir börn

Outlet verð kr. 1.895

3 fyrir 2

T-BOLIR, fyrir dömur

Outlet verð kr. 1.995

3 fyrir 2

T-BOLIR, fyrir dömur

Outlet verð kr. 1.995

3 fyrir 2

T-BOLIR, fyrir herra

Outlet verð kr. 1.995

3 fyrir 2

T-BOLIR, fyrir herra

Outlet verð kr. 1.995

3 fyrir 2

T-BOLIR, fyrir herra

Outlet verð kr. 1.995

Girnilegasti lagermarkaður landsins!

KORPU OUTLET

Fylgstu með okkur á Facebook!

KORPUOUTLET, KORPUTORGI • Opið mánudag til laugardags frá 11 til 18 • Sunnudaga frá 12 til 18 • S. 578 9400

*Ef keyptir eru 3 bolir er ekki greitt fyrir þann ódýrasta. Gildir frá fimmtudegi til mánudags.

Ráðandi - auglýsingastofa ehf.

UNDANÚRSLITIN í N1-deild kvenna hefjast í dag þegar að Fram tekur á móti ÍBV klukkan 15.45 í Framhúsinu í Safamýri. Í hinni undanúrslitarimmunni taka deildarmeistarar Vals á móti Stjörnunni í fyrsta leik liðanna. Þrjá sigra þarf til að komast áfram í lokaúrslitin.

ÚRSLIT

Iceland Express-deild karla

UNDANÚRSLIT, 4. LEIKUR

Þór Þorl. - KR 83-80 (46-45)

Þór Þorlákshöfn: Darrin Govens 22/8 fráköst/10 stoðsendingar/6 stolnir, Joseph Henley 16/11 fráköst, Guðmundur Jónsson 16, Grétar Ingi Erlendsson 12, Blagoj Janev 8/8 fráköst, Darri Hilmarsson 7, Baldur Þór Ragnarsson 2.
KR: Joshua Brown 19/10 stoðsendingar, Robert Lavon Ferguson 17/8 fráköst, Finnur Atli Magnusson 15/10 fráköst, Hreggviður Magnússon 12, Dejan Sencanski 10/7 fráköst, Martin Hermannsson 5, Skarphéðinn Freyr Ingason 2.
Þór vann einvígið, 3-1.

N1-deild karla

UNDANÚRSLIT, 1. LEIKUR

Haukar - HK 24-30 (15-14)

Mörk Hauka (skot): Tjörvi Þorgeirsson 9 (12), Gylfi Gylfason 3/1 (4/1), Freyr Brynjarsson 3 (7), Stefán Rafn Sigurmannsson 3 (11), Heimir Óli Heimisson 2 (3), Nemanja Malovic 2 (4), Þórður Rafn Guðmundsson 1 (2), Sveinn Þorgeirsson 1 (4).
Varin skot: Birkir Ívar Guðmundsson 14/1 (38/3, 37%), Aron Rafn Eðvarðsson 2 (8/1, 25%).
Hraðaupphlaup: 0.
Fiskuð víti: 1 (Heimir Óli 1)
Utan vallar: 6 mínútur.
Mörk HK (skot): Bjarki Már Elísson 7/2 (11/3), Tandri Már Konráðsson 6 (10), Ólafur Bjarki Ragnarsson 6/1 (10/1), Sigurjón Friðbjörn Björnsson 4 (6), Atli Ævar Ingólfsson 3 (6), Ólafur Víðir Ólafsson 2 (2), Bjarki Már Gunnarsson 1 (1), Vilhelm Gauti Bergsveinsson 1 (2).
Varin skot: Björn Ingi Friðþjófsson 16 (30/1, 53%), Arnór Freyr Stefánsson 3 (13, 23%).
Hraðaupphlaup: 3 (Ólafur Bjarki 1, Sigurjón 1, Bjarki Már G. 1)
Fiskuð víti: 4 (Bjarki Már E. 2, Tandri 1, Atli Ævar 1)
Utan vallar: 8 mínútur.
Dómarar: Gísli Hlynur Jóhannsson og Hafsteinn Ingibergsson.
Staðan í einvíginu er 1-0 fyrir HK.

Meistaradeild Evrópu

UNDANÚRSLIT, FYRRI LEIKUR

Chelsea - Barcelona 1-0
1-0 Didier Drogba (45.)

Þýska úrvalsdeildin

Göppingen - Kiel 23-33
Aron Pálmarsson var ekki í leikmannahópi Kiel. Alfreð Gíslason er þjálfari liðsins.

Gummersbach - Flensburg 30-32

Füchse Berlin - Bergischer HC 35-27
Alexander Petersson skoraði fimm mörk fyrir Füchse Berlin en Dagur Sigurðsson er þjálfari liðsins. Rúnar Kárason skoraði tvö mörk fyrir Bergischer HC.

Eintracht H. - Rhein-Neckar Löwen 25-38
Róbert Gunnarsson skoraði fjögur mörk fyrir Löwen en Guðmundur Guðmundsson er þjálfari liðsins.

Magdeburg - Grosswallstadt 27-21
Björgvin Páll Gústafsson fékk lítið að spila með Magdeburg og Einar Hólmgeirsson var ekki í leikmannahópi liðsins. Sverre Andreas Jakobsson spilaði í vörn Grosswallstadt.

STAÐA EFSTU LIÐA

Kiel	**28**	**28**	**0**	**0**	**+259**	**56**
Füchse Berlin	29	22	2	5	+108	46
Flensburg	**28**	**22**	**1**	**5**	**+103**	**45**
Hamburg	29	22	1	6	+106	45
RN Löwen	**28**	**20**	**1**	**7**	**+89**	**41**
Magdeburg	30	18	1	11	+58	37
Lemgo	**28**	**14**	**3**	**11**	**-2**	**31**
Göppingen	29	12	2	15	-31	25

Undankeppni EM U-17:

Sætt og súrt hjá stelpunum

FÓTBOLTI Ísland komst ekki áfram í úrslitakeppni EM U-17 landsliða kvenna þrátt fyrir 3-1 sigur á Belgíu í lokaumferð milliriðlakeppninnar í gær. Ísland vann tvo leiki sína af þremur í riðlinum og endaði með sex stig, einu minna en Sviss sem komst þar með áfram.

Ísland tapaði fyrir Sviss, 1-0, á sunnudaginn og reyndist það örlagavaldur stelpnanna. U-17 lið kvenna komst í lokaúrslitin í fyrra en þrátt fyrir að hafa misst af því með naumindum í þetta skiptið er árangurinn engu að síður frábær. **- esá**

SIGRINUM FAGNAÐ Stuðningsmannahópur Þórs, Græni drekinn, hefur sett skemmtilegan svip á úrslitakeppnina í ár. Hér fagna stuðningsmenn Þórs sigrinum á KR í gær. MYND/JÓN BJÖRN

Meisturunum ýtt til hliðar

Nýliðar Þórs frá Þorlákshöfn hafa náð undraverðum árangri undir stjórn Benedikts Guðmundssonar. Liðið sló Íslandsmeistaralið KR úr leik á heimavelli sínum í gær, 83-80, og þar með rimmuna 3-1. Þór er í lokaúrslitunum í fyrsta sinn.

KÖRFUBOLTI Nýliðar Þórs úr Þorlákshöfn skrifuðu nýjan kafla í körfuboltasögu Íslands í gær þegar liðið tryggði sér sæti í úrslitum Íslandsmótsins með 83-80 sigri gegn ríkjandi Íslandsmeistaraliði KR. Lærisveinar Benedikts Guðmundssonar hafa læðst aftan að andstæðingum sínum í vetur og fáir hafa haft trú á því að lið hans geti farið alla leið í úrslitin. Benedikt hefur gríðarlega trú á liði sínu og ætlar sér ekkert annað en Íslandsmeistaratitilinn.

„Við erum bara búnir að sýna það í vetur og í úrslitakeppninni að það er engin tilviljun að við erum á þessum stað. Ég er sannfærður um að við getum orðið Íslandsmeistarar og ef einhver getur útskýrt það fyrir mér af hverju við gætum ekki orðið meistarar þá má hann hafa samband við mig," sagði Benedikt Guðmundsson þjálfari Þórs í leikslok.

Leikurinn var gríðarlega spennandi og bæði lið voru líkleg til þess að fagna sigri. Seigla Þórsara var

> Ég sannfærður um að við getum orðið Íslandsmeistarar og ef einhver getur útskýrt það fyrir mér af hverju við gætum ekki orðið meistarar þá má hann hafa samband við mig.
>
> **BENEDIKT GUÐMUNDSSON**
> ÞJÁLFARI ÞÓRS

mikil á lokakaflanum þar sem að hinn leikreyndi Guðmundur Jónsson gerði út um leikinn með vítaskoti 10 sekúndum fyrir leikslok, 83-80. Þórsarar eru til alls líklegir en liðið er búið að slá út Íslandsmeistara tveggja síðustu ára í úrslitakeppninni, Snæfell í 8 liða úrslitum og nú KR.

Hrafn Kristjánsson, þjálfari KR, var að vonum svekktur með niðurstöðuna. „Við vorum að spila gegn frábæru liði sem fór á annað getustig í þessari leikseríu. Það breytir því ekki að þessi leikur átti ekki að vera leikurinn þar sem við vorum að bjarga lífi okkar. Mér fannst við koma vel inn í þetta en það sem varð okkur að falli voru leikirnir tveir þar á undan," sagði Hrafn í leikslok en hann vonast til þess að fá tækifæri til þess að halda áfram sem þjálfari KR á næstu leiktíð. „Við erum ekki búnir að skrifa undir eitt né neitt en ég er farinn að undirbúa næsta vetur."

„Þetta er óraunverulegt og maður er ekki búinn að ná þessu ennþá. Við erum búnir að hafa trú á þessu í allan vetur þótt að enginn annar hafi gert það," sagði Grétar Erlendsson leikmaður Þórs. „Benedikt Guðmundsson þjálfari hefur breytt öllu hjá okkur. Það eru gerðar miklar kröfur til okkar og við þurfum að hafa fyrir því að fá að spila," sagði Grétar en hann skoraði 12 stig í gær. Veislan heldur því áfram í Þorlákshöfn næstu vikurnar en liðið mætir annaðhvort Stjörnunni eða Grindavík í úrslitarimmunni. **seth@frettabladid.is**

ÓLAFUR BJARKI Skoraði sex mörk fyrir HK í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

Úrslitakeppnin hófst í gær:

Óvæntur sigur HK á Haukum

HANDBOLTI HK vann sterkan sigur á deildarmeisturum Hauka, 30-24, í fyrsta leik liðanna í undanúrslitum úrslitakeppni N1-deildar karla í gær. Þar með hafa HK-ingar tekið forystuna í rimmu liðanna og dugir nú að vinna báða leiki sína á heimavelli til að tryggja sér sæti í lokaúrslitunum. Þrjá sigra þarf til að komast áfram.

Haukar byrjuðu leikinn betur og höfðu undirtökin en góður lokakafli HK þar sem vörn og markvarsla hrökk í gang grundvallaði sigur þeirra. „Þetta var mjög ánægjulegt, það er frábært að skora þrjátíu mörk á móti Haukum sem fá vanalega á sig um tuttugu mörk í leik," sagði Erlingur Birgir Richardsson, annar þjálfara Hauka eftir leikinn. „Við vorum ekkert að breyta neinu sérstöku, við ætlum að reyna að endast í þessu móti eins lengi og við getum," sagði Erlingur. „Við erum ósáttir við okkar leik hér í kvöld, ákvarðanatakan í seinni hálfleik í sóknarleiknum einkenndi fall okkar," sagði Aron Kristjánsson, þjálfari Hauka eftir leikinn. „Við vorum að gera allt of mikið af mistökum, bæði í sókn og vörn. Það hefur ekki hent okkur mikið í vetur og það reyndist dýrt hér í kvöld," sagði Aron.

Úrslitakeppnin í N1-deild karla heldur áfram annað kvöld en þá fara fram tveir leikir. Klukkan 19.30 taka HK-ingar á móti Haukum í Digranesi en klukkan 20.00 eigast við lið Akureyrar og FH norðan heiða. **- kpt**

Chelsea náði ótrúlegum úrslitum gegn Evrópumeisturum Barcelona á heimavelli sínum í gær:

Drogba hetjan er Chelsea hefndi ófaranna

FÓTBOLTI Chelsea vann í gær nokkuð óvæntan sigur á Barcelona á heimavelli sínum í Lundúnum, 1-0, í fyrri viðureign liðanna í Meistaradeild Evrópu. Didier Drogba skoraði eina mark leiksins með marki í uppbótartíma fyrri hálfleiks og er óhætt að segja að markið hafi komið gegn gangi leiksins.

Fyrir þremur árum áttust þessi sömu lið við í undanúrslitum Meistaradeildarinnar í sögufrægri viðureign á Stamford Bridge. Chelsea var á góðri leið með að tryggja sér sæti í úrslitunum þegar að Andres Iniesta skoraði mark í uppbótartíma og skaut Barcelona áfram.

Dómari leiksins, Tom Henning Øvrebø, var umsetinn af leikmönnum Chelsea eftir leikinn þar sem hann dæmdi ekki vítaspyrnu í leiknum þrátt fyrir að hafa gert tilkall til þess nokkrum sinnum í leiknum. Drogba gekk hvað harðast fram og blótaði fyrir framan sjónvarpsmyndavélarnar sem heyrðist um allan heim.

DROGBA VAR HETJAN Lionel Messi gerði sig sekan um sjaldséð mistök er hann tapaði boltanum á miðjunni. Chelsea komst í skyndisókn og Drogba skoraði sigurmark leiksins. NORDIC PHOTOS/GETTY

Í þetta sinn voru Drogba og félagar skælbrosandi eftir leikinn en þrátt fyrir sigurinn er stærsta hindrunin enn eftir – að fara á Nou Camp í Barcelona og ná hagstæðum úrslitum þar. Chelsea-mönnum mun þó duga jafntefli í leiknum sem fer fram á þriðjudaginn.

Barcelona var eins og búast mátti við miklu meira með boltann og fékk fleiri hættuleg færi í leiknum. En leikáætlun stjóra Chelsea, Roberto Di Matteo, gekk upp. „Þegar maður spilar gegn Barcelona verður maður að verjast mjög vel vegna þess að þeir eru mikið með boltann. Þeir eru hættulegir í sókninni en það þarf að takmarka það af fremsta megni og sjá svo til þess að nýta sín eigin færi," sagði Di Matteo en það var nákvæmlega það sem gerðist í leiknum. „Didier Drogba skoraði markið sem skipti sköpum en það ber að lofa liðið allt fyrir frammistöðuna."

Drogba man vel eftir leiknum fyrir þremur árum síðan. „Við höfum lært mikið síðan þá og bætt okkur. Ástæðan er sú að í dag héldum við markinu hreinu. Þetta eru góð úrslit og munum við nú reyna að fara þangað og skora annað mark," sagði markahetjan. **- esá**

SPORT 2
enski boltinn

SUBWAY
ENERGY DRINK ENERGY

SPORT
besta sætið

EL CLÁSICO

Vinsælustu íþróttir í heimi • sérútgáfa • apríl 2012

Stöð 2 Sport og fylgistöðvar
216 KR.
Á DAG
KAUPTU ÁSKRIFT Á STOD2.IS

LAUGARDAG KL. 17:50

BARCELONA – REAL MADRID

MESSI VS RONALDO

BÆNASTUND Í BARCELONA

Stórleikurinn sem allir unnendur hágæða knattspyrnu hafa beðið eftir er á Stöð 2 Sport. Misstu ekki af einvígi Messi og Ronaldo, leiknum sem gæti ráðið úrslitum í La Liga. Tryggðu þér áskrift á stod2.is eða í síma 512 5000.

#bestasætið

FITON / SÍA

LAUGARDAG KL. 11:35

ARSENAL – CHELSEA

Baráttan um bronsið í algleymingi þegar Skytturnar fá Blástakka í heimsókn í mögnuðum Lundúnaslag.

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR SPORT SPORT+ SPORT 3 SPORT 4 SPORT 5

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

Opinn dagur hjá Fáki Sumardaginn fyrsta

Sumardaginn fyrsta 19. apríl mun Hestamannafélagið Fákur bjóða til opins dags frá kl. 13:00 - 16:00 á félagssvæði Fáks. Borgarbúar er hvattir til að mæta og njóta dagsins með okkur.

Reiðskóli Reykjavíkur og Reiðskólinn Faxaból munu bjóða börnum á hestbak og kynna starfsemi sína. Heppnir krakkar geta unnið frítt reiðnámskeið í sumar með þátttöku í léttum leik.

Hesthús á svæðinu eru opin fyrir gestum og gangandi. Firmakeppni Fáks hefst klukkan 14.00. Keppt verður í öllum flokkum frá börnum upp í atvinnumenn.

Í Félagsheimili Fáks verður boðið upp á frítt afmæliskaffi ásamt meðlæti.

FÁKUR





HAFÞÓR ÆGIR Kominn aftur af stað eftir tæplega 16 mánaða fjarveru vegna meiðsla. FRÉTTABLAÐIÐ/XX

Við Guðjón erum orðnir fullorðnir

Hafþór Ægir Vilhjálmsson segir það ekki vera neitt mál að spila undir stjórn Guðjóns Þórðarsonar. Hafþór neitaði að spila undir hans stjórn árið 2006.

FÓTBOLTI Hafþór Ægir Vilhjálmsson er byrjaður að æfa með liði Grindavíkur á nýjan leik en hann hefur ekki æft fótbolta síðan hann meiddist á hné í janúar á síðasta ári.

Hafþór mætti á sína fyrstu æfingu með Grindavík á mánudaginn. Þar æfði hann undir stjórn mannsins sem hann neitaði að spila hjá árið 2006.

Þá setti Hafþór Ægir umdeildan viðauka í samning sinn við ÍA um að honum væri frjálst að fara frá félaginu ef Guðjón Þórðarson tæki við liðinu. Viðaukinn var settur inn nokkrum dögum áður en Guðjón tók við liðinu og faðir Hafþórs sat þá í stjórn ÍA.

Málið var afar umdeilt en ný stjórn knattspyrnudeildar ÍA neitaði að viðurkenna viðaukann. Málið fór alla leið hjá KSÍ og fór svo að lokum að Hafþóri var leyft að fara frá uppeldisfélaginu.

Guðjón er alltaf til í að leiðbeina mér

Leiðir hans og Guðjóns liggja nú aftur saman í Grindavík. Hafþór segir að gróið sé um heilt milli hans og þjálfarans.

„Það er allt gott á milli mín og Guðjóns og við náum vel saman. Hann hefur sýnt minni stöðu mikinn skilning og kemur til mín á hverjum degi og spyr hvernig gangi hjá mér. Hann er alltaf til í að leiðbeina mér," sagði Hafþór Ægir en er búið að gera þessi gömlu leiðindi upp?

> Guðjón hefur sagt það sjálfur að hann sé ekki að erfa eitthvað úr fortíðinni heldur horfi hann fram á veginn.
>
> **HAFÞÓR ÆGIR VILHJÁLMSSON**
> LEIKMAÐUR GRINDAVÍKUR

„Blessaður vertu, við erum orðnir fullorðnir. Hann hefur sagt það sjálfur að hann sé ekki að erfa eitthvað úr fortíðinni heldur horfi hann fram á veginn. Það þurfti því ekkert að setjast niður og hreinsa loftið eða álíka. Við tókumst í hendur á fyrstu æfingu og þurfti ekki einu sinni að tala um þetta mál. Það er ekkert vandamál hjá okkur."

Hinn 25 ára gamli Hafþór segir að það sé bjart fram undan hjá sér og hann hlakkar til komast almennilega af stað.

„Ég má æfa fótbolta annan hvern dag og lyfta hinn daginn. Ég er eðlilega langt á eftir hinum og nú þarf ég að koma mér í form."

Hann meiddist á æfingu þegar það snerist upp á löppina á honum. Hefur ýmislegt verið gert til þess að koma honum í lag en fátt bar árangur. Meira að segja skurðaðgerð breytti engu.

Enginn vissi hvað væri nákvæmlega að

Enginn virtist nákvæmlega vita hvað væri að honum og það var eðlilega erfitt fyrir leikmanninn.

„Það var ekki fyrr en ég fékk stera í hnéð sem ég gat farið að lyfta án þess að vera sárkvalinn. Svo hefur þetta verið að lagast hjá mér. Það var svo afar ánægjulegt að komast á grasæfingu á mánudag," sagði Hafþór Ægir en hvernig var nákvæmlega tilfinningin?

„Ég er ekki alveg búinn að meðtaka þetta. Þeir sem hafa lent í þessu vita hvernig mér líður. Þetta er ótrúlega ljúft," sagði Hafþór sem hefur helst ekki getað horft á fótbolta í meiðslunum. Það var einfaldlega of erfitt fyrir hann.

„Þetta er búið að taka meira á andlega en líkamlega. Ég var mjög kvalinn og gat stundum ekki sofið á nóttunni. Ég get alveg viðurkennt að ég hugsaði stundum hvort ég myndi jafna mig þegar ég var að vakna með verk á nóttunni. Verst af öllu var samt að enginn vissi nákvæmlega hvað væri að hjá mér. Þarna voru læknar ekki vissir um að ég myndi spila aftur og það tók sinn toll. Ég hafði samt alltaf trú á þessu."

Hafþór gerir ekki ráð fyrir að spila með Grindavík fyrr en í júní í fyrsta lagi.

„Það styttist í að ég geti farið að æfa á fullu og markmiðið núna er að spila fótbolta í sumar. Nú þarf ég að vinna í líkamlega þættinum sem er auðveldara þar sem ég er nánast verkjalaus orðinn. Það er afar góð tilfinning."

henry@frettabladid.is

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

GLEÐILEGT SUMAR

Í BÓNUS

SUMARDAGURINN **FYRSTI**

ALLAR VERSLANIR BÓNUS **OPNAR Í DAG**

11:00-18:00



ÚR MORSÁRDAL Í SKAFTAFELLSÞJÓÐGARÐI

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA

VISA Vildarklúbbur

1. MAÍ mót verður haldið hjá golfklúbbi Hellu á sjálfan verkalýðsdaginn. Þetta er í þrítugasta sinn sem mótið er haldið á þessum degi en einstaka sinnum hefur þurft að fresta mótinu um dag eða daga vegna veðurs.

Guan Tian-lang skráir nafn sitt í sögubækurnar:

Þrettán ára unglingur meðal þátttakenda

Guan Tian-lang mun skrá nafn sitt í sögubækurnar þegar hann verður meðal þátttakenda á Opna Volvo-mótinu í Kína sem hefst í dag og er hluti af Evrópumótaröðinni.

Guan verður þar með yngsti þátttakandinn til að taka þátt í Evrópumótaröðinni en hann er aðeins 13 ára og 173 daga gamall.

Guan, sem er ríkjandi heimsmeistari í golfi í sínum aldursflokki, mun þar með slá met Lo Shik-kai sem var 13 ára og 280 daga gamall þegar hann tók þátt í Opna Hong Kong-mótinu árið 2003.

Guan vann sér sæti í keppninni þegar hann endaði í fjórða sæti á úrtökumóti í Hangzou-héraðinu fyrir þremur vikum. Guan hélt að hann hefði misst af sætinu þegar hann tapaði í bráðabana um þriðja sætið. Hann varð því meira en lítið glaður þegar kínverska golfsambandið opinberaði listann yfir þátttakendur og í ljós kom að unglingur hefði tryggt sér sæti.

„Ég gæti ekki verið hamingjusamari - ég er svo spenntur. Ég varð mjög svekktur að tapa í bráðabananum og hélt að ég hefði misst af tækifærinu. Að taka þátt í mótinu er eins og að draumur sé að rætast," sagði Guan.

„Takmark mitt er nú að verða yngsti kylfingurinn sem nær niðurskurðinum á Evrópumótaröðinni og ég held að ég geti spilað á pari eða jafnvel gert betur."

Guan hóf að leika golf þegar hann var fjögurra ára og hefur unnið til ýmissa verðlauna síðan þá. Hann vann heimsmeistaramót unglinga í San Diego í fyrra með ellefu höggum. Hann lagði grunninn að sigrinum á fyrsta degi mótsins þegar hann spilaði á 63 höggum, eða níu undir pari.

- kh

GUAN TIAN-LANG Hann skráir nafn sitt í sögubækurnar í dag þegar hann tekur þátt í Opna Volvo-mótinu í Kína.

Í ÞORLÁKSHÖFN Völlurinn hefur verið styttur töluvert. Meðal annars voru brautir tíu og sautján styttar til muna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þegar búið að slá allar sumarflatirnar tvisvar

Margir golfvellir hér á landi koma óvenjuvel undan vetri. Þorláksvöllur í Þorlákshöfn er einn þeirra en þar var opnað fyrir sumarflatirnar í byrjun apríl. Völlurinn er nú styttri en áður auk þess sem búið er að snúa honum.

„Völlurinn kemur óvenjuvel undan vetri. Við slógum sumarflatirnar fyrir páska og erum að fara að gera það aftur núna," segir Ólafur Guðmundsson, vallarstjóri Þorláksvallar í Þorlákshöfn.

„Ástandið er miklu betra núna en verið hefur, við erum þremur vikum á undan áætlun. Það var að vísu nætur-frost í fyrrinótt en það er sem betur fer svo hlýtt á daginn."

ÓLAFUR GUÐMUNDSSON

Ólafur segir ástæðuna fyrir því að völlurinn komi svo vel undan vetri í ár vera þá að snjór hafi legið yfir öllum vellinum í vetur sem hafi hlíft flötunum. Það litla vatn sem safnast hafi á vellinum hafi verið fljótt að síga niður.

Sumarflatirnar á Þorláksvelli voru opnaðar 4. apríl síðastliðinn og stöðugur straumur fólks hefur verið á vellinum síðan þá.

„Það hafa allt að fimm hundruð manns komið og spilað á vellinum síðan við opnuðum. Það hefur jafnvel verið erfitt að fá rástíma um helgar – það hefur verið nóg að gera," segir Ólafur. Í dag, sumardaginn fyrsta, fer svo fram mót og hafa þegar um 80 manns skráð sig í mótið.

Eftir mikið sandfok á vellinum í lok apríl í fyrra var brugðið á það ráð að breyta vellinum. Sandurinn sem safnaðist fyrir á vellinum var svo mikill að fyrsta og önnur braut skemmdust nánast. „Þá neyddumst við til að snúa vellinum við, tíunda brautin varð að þeirri fyrstu og sú fyrsta að tíundu," segir Ólafur en fyrsta brautin, sem er nú sú tíunda, var þá einnig stytt og breyttist úr par fjögur braut í par þrjú. Þorláksvöllur þótti lengi vel erfiður viðureignar ekki síst fyrir þær sakir hversu langur hann var. Nú er þegar búið að stytta fyrrnefnda tíundu braut auk þess sem 17. brautin var stytt úr 520 metrum í 460 metra og er nú par fjögur braut í stað par fimm.

Ríflega 120 félagar eru nú í Golfklúbbi Þorlákshafnar og á Ólafur vallarstjóri von á því að það fjölgi töluvert í klúbbnum á næstunni. „Það er alltaf verið að spyrja út í aðild að klúbbnum og mér finnst Reykvíkingar farnir að sækja hingað austur," segir Ólafur. Árgjaldið í klúbbinn er 49 þúsund krónur en nýliðar greiða 35 þúsund í árgjald.

kristjan@frettabladid.is

Á FLÖTINNI Umhverfið í Þorlákshöfn er allt hið glæsilegasta. MYND/HÁKON SVAVARSSON

Svarti sandur fokinn út í veður og vind

Fyrir nokkrum árum stóð til að byggja upp nýjan völl við Þorlákshöfn, svokallaðan Black Sand-völl, sem átti að verða með 100 bestu golfvöllum í heimi. Golfvallaarkitektarnir Steve Smyers og Patrick Andrews áttu að hanna völlinn fyrir hönd Nick Faldo. Völlurinn átti að verða 6.600 metra langur og uppfylla þar með kröfur sem gerðar eru fyrir stærstu mótaraðir atvinnumanna. „Ég held að það mál sé bara dautt," segir Ólafur vallarstjóri. „Það mál gekk svo langt að það átti að kaupa völlinn af okkur og við vorum komnir í samningaviðræður um það. En síðan kom efnahagshrunið og ég held að það hafi verið hætt við þetta verkefni."

SANDVÖLLUR Sandurinn spilar stórt hlutverk á Þorláksvelli.

SKINNA ER ÍSLENSKA RAFBÓKABÚÐIN Á NETINU

VIÐ ÞÖKKUM STÓRFENGLEGAR MÓTTÖKUR

Á fyrstu þremur dögunum fengum við 9.353 heimsóknir og 976 manns skráðu sig í Skinnuklúbbinn.

ÆVINTÝRALEG SALA Á RITVERKUM FRÁBÆRRA RITHÖFUNDA Í RAFBÓKARFORMI.

Samsung Galaxy Tab spjaldtölvan les allar gerðir rafbóka og hentar vel sem lesbretti. Samsung Galaxy Tab fæst í ELKO

Tölvan í fyrri leiknum fór á fyrsta klukkutímanum!
Í tilefni af þessum frábæru viðbrögðum ætlum við að gera enn betur og bæta við tveimur Galaxy spjaldtölvum – Þeir sem skrá sig í Skinnuklúbbinn á **www.skinna.is** fyrir 25. apríl n.k. fara í pott, og **TVEIR HEPPNIR** fá

ÓKEYPIS GALAXY SPJALDTÖLVU

Þeir heppnu verða dregnir út 25. apríl nk.

NÝJUSTU OG HEITUSTU TITLARNIR



SKINNA styður Galaxy, iPad, Kindle og aðrar spjald-tölvur

FRÍTT EINTAK SMÁSÖGUNNAR *SVEFNFRIÐUR* EFTIR ÞORSTEIN MAR FYLGIR FYRSTU KAUPUM ÚT APRÍLMÁNUÐ.

RAFBÆKUR FRÁ ÖLLUM HELSTU FORLÖGUM LANDSINS:

FORLAGIÐ • BJARTUR • RÚNATÝR • SALKA • JPV • MÁL OG MENNING • UGLA • URÐUR BÓKAFÉLAG • VAKA-HELGAFELL

SKINNA
Íslenska rafbókabúðin

www.skinna.is

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN

> Stöð 2 kl. 20.40

Mið-Ísland

Grínhópurinn Mið-Ísland er á sínum stað á Stöð 2 í kvöld og þema þáttarins er lífið á spítölum landsins. Grínistarnir sjá spítalalífið með öðrum augum en flestir aðrir og það er óhætt að lofa góðu gríni.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ: FREYR BJARNASON HORFÐI Á JERSEYLICIOUS

Eins og klipptar út úr Sopranos

Á sjónvarpsflakki um daginn leit ég við á Style Network þar sem raunveruleikaþátturinn Jerseylicious var á dagskrá. Stífmáluðar og stórundarlega klæddar aðalpersónurnar voru eins og klipptar út úr þætti af The Sopranos, jafnvelýktari ef eitthvað er, og ekki var annað hægt en að brosa út í annað.

Hárgreiðsla og förðun er þeirra líf og yndi og svo virðist sem ekkert annað komist að í þeirri loftbólu sem persónurnar lifa og hrærast í. Fáfræði er alsæla, sagði einhvers staðar, og kannski á það við um þessar kostulegu persónur því heimsmálin gætu þær ekki rætt þótt byssu Tonys Soprano væri beint að þeim.

Það er auðveldlega hægt að gleyma sér yfir Jerseylicious en hættan er sú að einhverjar heilasellur tapist á meðan á gamninu stendur.

JERSEYLICIOUS Tvær af aðalpersónum Jerseylicious á góðri stundu.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.30 Árla dags **06.36** Bæn **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **08.00** Morgunfréttir **08.05** Sumarkomuljóð eftir Matthías Jocumsson **08.10** Nú er sumar **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Guðsþjónusta í Hallgrímskirkju **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Hvað er í gangi? **14.00** Útvarpsperla: Kveðið við raust **15.00** Stóra upplestrarkeppnin **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Útvarpsleikhúsið: Dáið er alt án drauma **17.32** Vorsónatan **18.00** Kvöldfréttir **18.15** Auglýsingar **18.17** Saman í myrkrinu **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Ungir einleikarar **21.30** „Hugann eggja bröttu sporin" **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Vor í Berlín **23.20** Til allra átta **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

RÚV

08.00 Morgunstundin okkar
11.10 Prinsinn og ég (The Prince & Me)
13.00 Minningartónleikar í New York (Concert for New York: A 9/11 Memorial Concert) Upptaka frá minningartónleikum um fórnarlömb 11. september 2001.
14.45 Ólafur Þórðarson Sýnd eru atriði úr þáttum sem tengjast starfi Ólafs og ferli sem tónlistarmanns allt frá 1967.
15.40 Úrslitakeppni í handbolta BEINT
17.31 Sögustund Mömmu Marsibil
17.42 Fæturnir á Fanneyju
17.54 Grettir
17.55 Stundin okkar (e)
18.20 Táknmálsfréttir
18.25 Gulli byggir (1:6) (e)
19.00 Fréttir
19.20 Veðurfréttir
19.25 Sjö ár Heimildamynd um fjórtán Íslendinga á áttunda ári.
20.30 Góði kokkurinn (4:6) (The Good Cook)
21.05 Andraland (6:7) Andri Freyr Viðarsson flandrar um Reykjavík.
21.35 Aðþrengdar eiginkonur (16:23) (Desperate Housewives VIII) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
22.20 Glæpahneigð (Criminal Minds VI) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
23.05 Höllin (12:20) (Borgen) (e)
00.05 Tenenbaum-fjölskyldan (The Royal Tenenbaums) Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
01.50 Dagskrárlok

BÍÓ

08.00 Ghosts of Girlfriends Past
10.00 Just Married
12.00 Latabæjarhátíð í Höllinni
14.00 Ghosts of Girlfriends Past
16.00 Just Married
18.00 Latabæjarhátíð í Höllinni
20.00 I'ts a Boy Girl Thing
22.00 Public Enemies
00.15 Shoot'Em Up
02.00 The Prophecy 3
04.00 Public Enemies

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
11.55 The White Planet Einstök heimildarmynd um áhrif hlýnunar jarðar.
13.20 The Invincible Iron Man Ævintýramynd um auðkýfinginn Tony Stark sem vinnur við fornleifauppgröft og þar vekur hann óvart hinn illa Mandarin upp úr dvala. Tony bregst skjótt við og hannar á sig búning sem getur varist öllu og er vel útbúinn vopnum. Hann kallar sig Iron Man og þarf nú að verja heiminn gegn hinum illa Mandarin.
14.45 E.R. (5:22)
15.35 Land of the Lost Ævintýramynd fyrir alla fjölskylduna með Will Ferrell og Önnu Friel í hlutverkum landkönnuðar og aðstoðarkonu hans. Þau fara inn í fortíðina og hitta risaeðlur og frumbyggja.
17.15 The Middle (4:24)
17.40 Friends (10:24)
18.05 The Simpsons (16:23)
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Veður
19.00 Malcolm in the Middle (16:22)
19.25 Better with You (12:22)
19.50 The Amazing Race (8:12)
20.40 Mið-Ísland (5:8) Glænýir gamanþættir frá uppistandshópnum Mið Íslandi en þeir eru Ari Eldjárn, Bergur Ebbi, Jóhann Alfreð og Dóri DNA. Auk þeirra fer leikkonan Dóra Jóhannsdóttir með hlutverk í þáttunum.
21.10 Alcatraz (11:13)
21.55 NCIS: Los Angeles (17:24) Önnur þáttaröðin um starfsmenn sérstakrar deildar innan bandarísku hersins sem hafa það sérsvið að rannsaka glæpi sem tengjast sjóhernum eða strandgæslunni á einn eða annan hátt. Með aðalhlutverk fara meðal annars Chris O'Donnell og LL Cool J.
22.40 Rescue Me (9:22) Fimmta þáttaröðin um slökkviliðsmanninn Tommy Gavin og dramatíska en þó oft á tíðum spaugilega glímu hans við lífið eftir skilnað sem og hryðjuverkaárásirnar þann 11. september 2001. Í þessari fimmtu þáttaröð verður sjónunum einmitt talsvert að aðdraganda árásanna og afleiðingar þeirra fyrir aðalsögupersónurnar.
23.25 The Mentalist (16:24)
00.10 Homeland (6:13)
01.00 Boardwalk Empire (9:12)
01.50 Cadillac Records
03.35 Land of the Lost
05.15 Terra Nova
06.00 Fréttir

SPORT *besta sætið*

07.00 Þorsteinn J. og gestir - meistaramörk
13.45 Þýski handboltinn: Göppingen - Kiel
15.10 Iceland Express: Þór - KR
16.55 Meistaradeild Evrópu: Chelsea - Barcelona
18.40 Þorsteinn J. og gestir - meistaramörk Sýnt frá öllum leikjunum í Meistaradeild Evrópu i knattspyrnu. Öll helstu tilþrifin og umdeildu atvikin á einum stað.
19.00 Stjarnan - Grindavík
21.00 Atl. Madrid - Valencia
22.45 Spænsku mörkin Sýnt frá öllum leikjunum, öllum mörkunum og öllum helstu tilþrifunum úr leikjum helgarinnar í spænska boltanum.
23.15 Stjarnan - Grindavík

SPORT 2 *enski boltinn*

16.20 Swansea - Blackburn
18.10 WBA - QPR
20.00 Premier League World
20.30 Premier League Review 2011/12
21.25 Football League Show
21.55 Sunderland - Wolves
23.45 Man. Utd. - Aston Villa

EXTRA

19.45 The Doctors (95:175)
20.30 In Treatment (49:78)
21.00 Fréttir Stöðvar 2
21.30 How I Met Your Mother (10:24)
21.55 New Girl (10:24)
22.25 Hannað fyrir Ísland (5:7)
23.10 Grey's Anatomy (18:24)
23.55 Gossip Girl (11:24)
00.40 Malcolm In the Middle (16:22)
01.05 Better With You (12:22)
01.30 In Treatment (49:78)
01.55 The Doctors (95:175)
02.35 Fréttir Stöðvar 2
03.25 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Dr. Phil (e)
08.45 Pepsi MAX tónlist
15.45 Eureka (14:20) (e)
16.35 Dynasty (19:22)
17.20 Dr. Phil
18.05 The Firm (8:22) (e)
18.55 Game Tíví (12:12) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelsson fjalla um allt það nýjasta í tölvuleikjaheiminum.
19.25 Rules of Engagement (9:26) (e)
19.45 Will & Grace (16:24) (e)
20.10 The Office (27:27)
20.35 Solsidan (1:10)
21.00 Blue Bloods (10:22)
21.50 Franklin & Bash (2:10) Þegar lögfræðingarnir og glaumgosarnir Franklin og Bash vinna glæstan sigur í stóru dómsmáli eru þeir ráðnir inn á virta lögfræðistofu sem setur villtu líferni þeirra ákveðnar skorður. Franklin og Bash fá óvenjulegt mál í hendurnar þegar kona nokkur er sökuð um að hafa myrt eiginmann sinn með kynlífi og félagarnir nota öll trixin í bókinni til að fá hana sýknaða.
22.40 Jimmy Kimmel
23.25 Law & Order UK (7:13) (e)
00.10 Californication (2:12) (e)
00.40 The Jonathan Ross Show (20:21) (e)
01.30 Hawaii Five-0 (11:22) (e)
02.20 Blue Bloods (10:22) (e)
03.10 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

06.00 ESPN America **07.00** RBC Heritage 2012 (4:4) **11.10** Golfing World **12.00** Golfing World **12.50** RBC Heritage 2012 (4:4) **17.40** PGA Tour - Highlights (14:45) **18.35** Inside the PGA Tour (16:45) **19.00** Valero Texas Open 2012 (1:4) **22.00** US Open 2009 - Official Film **23.00** Champions Tour Year-in-Review 2011 (1:1) **23.55** ESPN America

N4

18.00 Að norðan **18.30** Í ljósi nýsköpunar

BBC entertainment

06.45 Allo Allo! **08.25** New Tricks **10.05** Deal or No Deal **10.40** EastEnders **11.10** Come Dine With Me **11.55** My Family **12.55** Allo Allo! **14.30** QI **15.30** Top Gear **16.25** QI **17.25** Come Dine With Me **18.15** QI **19.15** The Graham Norton Show **20.00** Live at the Apollo **20.45** Derren Brown: Trick or Treat **21.40** Allo Allo! **23.20** The Graham Norton Show **00.05** Live at the Apollo **00.50** Derren Brown: Trick or Treat **01.40** Allo Allo! **03.20** The Graham Norton Show **04.05** Allo Allo! **04.40** The Weakest Link

DR 1

11.05 Ha' det godt **11.35** Aftenshowet **12.30** Blod, sved og ris **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Lægerne **14.00** Kasper & Lise **14.10** Timmy-tid **14.25** Min farfars rekordbog **15.00** Himmelblå **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Annemad **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Sporløs **18.30** Nye hvide verden **19.00** TV Avisen **19.25** Bag Borgen **19.50** SportNyt **20.00** Den perfekte forbrydelse? **20.45** Pigen der forsvandt **21.35** Restaurant bag tremmer **22.05** OBS **22.10** Lægerne

NRK 1

06.30 22. juli rettsaken **07.30** Morgennytt **08.00** 22. juli-rettssaken **15.00** NRK nyheter **15.15** Ut i naturen **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Tegnspråknytt **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.45** Schrödingers katt **18.15** Munter mat **18.45** Verda vi skaper - bak kamera **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Debatten **20.30** Status Norge. Bak murene **21.00** Kveldsnytt **21.15** Kalde føtter **22.05** Den fordømte **23.30** Bitt av naturen **00.00** Danmark fra kyst til kyst

SVT 1

10.25 Dox **11.55** Kobra **12.25** Minnenas television **13.20** Strömsö **14.00** Rapport **14.30** Via Sverige **14.45** Det ljuva livet i Alaska **15.30** Sverige idag **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Djursjukhuset **18.30** Hundra procent bonde **19.00** Skönhetsbubblan **20.00** Debatt **20.45** Modellagenturen **21.35** Rapport **21.40** Kulturnyheterna **21.45** Det ljuva livet i Alaska **22.30** Attending Örebro

INN

20.00 Hrafnaþing **21.00** Einar Kristinn og sjávarútvegur **21.30** Perlur úr myndasafni

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

ÚTVARP FM

FM 88,5 XA-Radíó	**FM 90,9** Gullbylgjan	**FM 93,5** Rás 1	**FM 96,3** FM Suðurland	**FM 97,7** X-ið	**FM 99,4** Útvarp Saga	**FM 102,9** Lindin
FM 90,1 Rás 2	**FM 91,9** Kaninn	**FM 95,7** FM957	**FM 96,7** Létt Bylgjan	**FM 98,9** Bylgjan	**FM 102,2** Útvarp Latibær	**FM 105,5** Útvarp Boðun

Allt á hvolfi!

Notuð fellihýsi á stórlækkuðu verði

Fjórir dagar eftir Fyrstur kemur, fyrstur fær.

Fleetwood Cheyenne - Fleetwood Santa Fe - Fleetwood Yuma - Coleman Niagra
Coachmen Clipper 106 - Coachmen Clipper 108 - Rockwood - Palomino Pony
Palomino Colt - Palomino Yearling - Viking - A-Hýsi o.fl

Opið í dag sumardaginn fyrsta 12 til 16

Komdu á sýningu hjá okkur í dag og um helgina og sjáðu hvernig hægt er að ferðast um fallega landið okkar í sumar.
Á sýningunni er fullur salur af ferðavögnum við allra hæfi hvort sem þú ætlar að ferðast um láglendið eða hálendið.
Vegna mjög hagstæðra samninga við framleiðendur getum við boðið úrval ferðavagna á verði sem kemur verulega á óvart.
Nú er rétti tíminn til að undirbúa næsta sumar og láta draumana rætast. Komdu og veldu rétta ferðavagninn.
Við tökum gamla vagninn þinn upp í nýjan þó hann sé í geymslu!
Hjá okkur verður opið um helgina, laugardag frá klukkan 12 til 16 og sunnudag frá klukkan 13 til 17

Höfum opnað nýtt sýningarsvæði fyrir notaða ferðavagna að Víkurhvarfi 2 - í sömu götu, inni og útisvæði.
Komdu með vagninn og við seljum hann!

Víkurverk er með sölu á notuðum tjaldvögnum, fellihýsum, hjólhýsum og húsbílum að Víkurhvarfi 2.
Tökum allar gerðir ferðavagna í umboðssölu.
Opið laugardag 12 til 16 og Sunnudag 13 til 17.

HOBBY hjólhýsi verð frá 2.990.000

HOBBY Landhaus verð 6.250.000

HOBBY húsbílar verð frá 14.500.000

Bürstner hjólhýsi verð frá 3.875.000

FamilyCamp verð frá 1.190.000

Coachmen fellihýsi verð 2.990.000

Esterella verð frá 3.295.000

VÍKUR V·E·R·K

VÍKURVERK - ALLT Í FERÐALAGIÐ!

VÍKURVERK EHF - VÍKURHVARF 6 - 203 KÓPAVOGUR - SÍMI 557 7720 - WWW.VIKURVERK.IS

SUMARLAGIÐ

Lagið Hold You (hold yuh) með Gyptian er tilvalið til að keyra um með rúðurnar niðri í sumarsólinni.

Hafsteinn Júlíusson, vöruhönnuður og eigandi hönnunarfyrirtækisins HAF.

Retro Stefson með lag í nýrri auglýsingu

„Það var mjög gaman að vera á „setti“ og kynnast auglýsingageiranum,“ segir Unnsteinn Manuel Stefánsson, forsprakki Retro Stefson.

Nýtt lag með hljómsveitinni sem nefnist Kensho verður frumflutt í kvöld í auglýsingu fyrirtækisins Vodafone. Þar spila Unnsteinn og félagar lagið á snjallsíma og iPad.

„Við erum búin að vinna að því í fjögur ár,“ segir hann um nýja lagið. Það átti upphaflega að vera á fyrstu plötu sveitarinnar en ekki tókst að ljúka við það í tæka tíð og heldur ekki fyrir þá næstu sem kom út fyrir jólin 2010. Þess í stað verður það líkast til á þriðju plötunni sem er væntanleg í lok sumars eða snemma í haust.

Aðspurður segir Unnsteinn að vissulega hafi þau þurft að hugsa sig um áður en þau seldu lagið í auglýsinguna, enda hefur sveitin ekki gert svona lagað áður. „En svo eigum við heima á Íslandi þar sem annar hver maður er á gestalista og maður fær aldrei borgað fyrir neitt. Maður þarf líka að eiga fyrir salti í grautinn.“

Eitt annað stórt fyrirtæki hafði áhuga á að nota lagið í aðra auglýsingu en á endanum hreppti Vodafone hnossið. Spurður hvort tilboðið frá þeim hafi verið gott segir Unnsteinn einfaldlega að það hafi verið fínt.

Retro Stefson ætlar að spila á að minnsta kosti tveimur erlendum tónlistarhátíðum á mánuði í sumar. Sveitin spilar á smærri hátíðum en í fyrra en á stærri sviðum og hjálpar þar til útgáfusamningur sem hún gerði við Universal. - fb

NÝTT LAG Nýtt lag með hljómsveitinni Retro Stefson verður frumflutt í kvöld.

SMUTTY SMIFF: ÞAÐ TÓK ÁR AÐ ÞRÓA GELIÐ OG ÉG ER MJÖG SÁTTUR

Markhópurinn menn eins og Clooney, Depp og Pitt

Tónlistarmaðurinn Smutty Smiff er nýkominn heim frá Bandaríkjunum þar sem hann ferðaðist um og kynnti nýtt hárgel úr sinni smiðju fyrir heimamönnum. Gelið nefnist JS Sloane, var heilt ár í þróun og er ætlað herramönnum og rokkabillí-aðdáendum.

„Þetta hefur gengið mjög vel. Ég var að ganga frá stórri pöntun við þýska heildsölu og þar með er fyrsta upplagið af gelinu nánast uppselt,“ segir Smutty og lýsir gelinu sem hágæða vöru sem ætluð er herramönnum í anda Don Draper úr sjónvarpsþáttunum Mad Men og Nucky Thompson úr Boardwalk Empire.

Smutty er þekkt andlit innan alþjóðlegu rokkabillísenunnar vegna tónlistar sinnar en hann hefur einnig starfað sem hárgreiðslumaður í rúm þrjátíu ár og þaðan kom hugmyndin og þekkingin að baki hárgelinu. „Mig langaði að skapa hágæða hárvöru í anda þess sem notað var á fimmta og sjötta áratugunum en færa það í nútímalegan búning. Það tók ár að þróa gelið og ég er mjög sáttur við útkomuna, enda mundi ég ekki setja nafnið mitt við eitthvað sem væri ekki fullkomið. Ég sá til þess að allt útlit vörunnar, gæði hennar og lyktin væri hundrað prósent enda er markhópurinn menn eins og Johnny Depp, Brad Pitt og George Clooney,“ segir Smutty og bætir við að hann hafi afhent Depp dollu af gelinu á meðan hann dvaldi í Bandaríkjunum. Leikarinn var þó ekki eina stórstjarnan sem fékk geldollu í hendurnar því söngvarinn Chris Isaak fékk einnig prufu sem og leikarar Mad Men þáttanna. „Ég er með sambönd frá því ég var í rokkinu og nota þau,“ segir Smutty í gamansömum tón.

Gelið fæst eingöngu í Herrafataverslun Kormáks og Skjaldar á Laugavegi og kveðst Smutty mjög vandlátur þegar kemur að vali á sölustöðum. Hann vill ekki að gelið endi í hillum stórmarkaða við hliðina á ódýrari týpum og nefnir í því samhengi Silver, gelið sem Logi Geirsson og Björgvin Páll Gústavsson framleiða. „Ég mundi ekki vilja það nærri mínu hári,“ segir Smutty að lokum.

sara@frettabladid.is

FLOTTUR Smutty Smiff, tónlistarmaður og gelframleiðandi, setti nýverið á markað hárgelið JS Sloane. Gelið er hágæðavara sem seldist nærri því upp samstundis.

FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

> Ég sá til þess að allt útlit vörunnar, gæði hennar og lyktin væri hundrað prósent enda er markhópurinn menn eins og Johnny Depp, Brad Pitt og George Clooney

Ræður eftirsóttasta fólkið í bransanum

Kvikmyndaleikstjórinn Baltasar Kormákur vinnur nú að kvikmyndinni 2 Guns, sem skartar Mark Wahlberg og Denzel Washington í aðalhlutverkum ásamt leikkonunni Paulu Patton.

Baltasar réði nýlega tökumanninn Oliver Wood, sem er einn sá eftirsóttasti í bransanum. „Hann hefur meðal annars tekið allar Bourne-myndirnar og síðast tók hann Safe House með Denzel og Ryan Reynolds,“ segir hann. Þá hefur Beth Mickle verið ráðin til að sjá um útlit myndarinnar, en hún sá t.d. um útlit verðlaunamyndarinnar Drive.

„Þetta er algjörlega frábært, enda fólk sem er slegist um í bransanum,“ segir leikstjórinn Baltasar Kormákur um ráðningarnar. Áætlað er að hefja tökur á 2 Guns í júní.

ALLT Á FULLU Baltasar vinnur nú að næstu mynd sinni, 2 Guns, og sópar að sér fagfólki í bransanum.

SUMAR 2012

NÝTT KORTATÍMABIL

OPIÐ Í DAG!

Sumardaginn fyrsta, milli 11 og 16.

Regatta GREAT OUTDOORS

DARE 2b

CRAGHOPPERS

BEAR GRYLLS CRAGHOPPERS

Börn

Bolir	1.490,-
Flís peysur	1.990,-
Softshell peysur	3.990,-
Regnbuxur	1.490,-
Regnjakkar	4.490,-
Zip/off buxur	3.990,-
Softshell buxur	4.490,-
Undirfatasett	3.990,-
Skór	4.990,-

Dömur & herrar

Bolir	1.990,-
Skyrtur	2.990,-
Buxur	4.990,-
Kvart buxur	4.990,-
Zip/off buxur	7.990,-
Softshell buxur	7.990,-
Stretch buxur	7.990,-
Flís peysur	3.990,-
Softshell peysur	4.990,-
Isotex jakkar	7.490,-
Isotex kápur	7.490,-
Undirföt buxur	2.990,-
Undirföt bolur	2.990,-
Isotex 20000 stretch jakkar	16.990,-
Bakpokar, skór ofl.	

Hjá okkur má skila og skipta

ÚTIVISTAR „MARKAÐUR“

FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM!

OPIÐ
VIRKA DAGA 11 – 18
LAUGARD. 11 – 16
SUNNUD. 13 –16

ÚTIVIST & SPORT
verslun
heildverslun

Faxafen 12 S. 533-1550
www.utivistogsport.is

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir
Meiri Vísir.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Frægir í rusli

Yfir þúsund manns hafa nú meldað sig til þátttöku á Facebook á viðburðinn „Einn svartur ruslapoki". Samtökin Grænn apríl standa fyrir átakinu, þar sem skorað er á alla Reykvíkinga að fara út með einn svartan ruslapoka á sunnudaginn næstkomandi og fylla hann af rusli sem finnst á víðavangi. Samtökin telja umgengnina í borginni til háborinnar skammar og hafa undirtektirnar ekki látið á sér standa. Meðal þeirra sem ætla að skreppa út á sunnudag og tína rusl eru **Viðar Eggertsson,** Gísli Marteinn Baldursson og Sigrún Eldjárn. Svo munu Guðrún Bergmann og **Vala Matt** auðvitað láta til sín taka en þær eru meðal þeirra sem standa fyrir átakinu Grænn apríl.

Of Monsters heldur velli

Nanna Bryndís og félagar í hljómsveitinni Of Monsters and Men settu Íslandsmet í síðustu viku þegar frumburður þeirra, My Head Is an Animal, náði sjötta sæti bandarísku Billboard-listans. Fyrra metið átti engin önnur en Björk Guðmundsdóttir, en hún náði níunda sæti með plötu sinni Volta. Nú berast þær fréttir að Of Monsters and Men hafi náð að halda sjötta sæti listans, eftir sölu síðustu viku, en enginn annar en Lionel Richie segir halló við toppsætið í þriðja skipti á ferlinum.

- sv, afb

Mest lesið

vísir

1. Með 13 milljónir í áhorf - fékk vinnu hjá Youtube
2. Orðnir þreyttir á Fucking nafni
3. Lífshættulegur bandormur fannst í ref á Jótlandi
4. Sjampóbrúsarnir rugla fíkniefnahundana í ríminu
5. Wipeout braut í Laugardalslaug

www.forlagid.is

SPARIÐ 20.000

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is
Tilboðin gilda til 22.04.12

STÆRÐ: Ø 305 sm.

NÝTT KORTATÍMABIL

TRAMPÓLÍN + ÖRYGGISNET FULLT VERÐ: 49.980

29.980

TRAMPÓLÍN
Flott og gott trampólín í garðinn eða á pallinn. Stærð: H70 sm. Ø: 305 sm.
Trampólín **29.990** Öryggisnet **19.990** Stigi **3.495** Aukahlíf stærð: Ø 350 sm. **4.995**

GLEÐILEGT SUMAR

HÆÐ: 50 SM.

33%

FULLT VERÐ: 5.995

3.995

VIOLET RATTAN BLÓMAPOTTUR
Flottur blómapottur á frábæru verði!
St. B31 x L31 x H50 sm.

25%

FULLT VERÐ: 3.995

2.995

SPORTSKÓR
Frábærir sportskór fyrir stelpur og stráka á frábæru verði! Stærðir: 24-33.

SETTIÐ AÐEINS:

1.695

SANDKASSASETT
Flott sandkassasett fyrir sumarið!
Þrjár mismunandi tegundir fáanlegar.

SPARIÐ 500

KOLAGRILL

FULLT VERÐ: 2.995

2.495

MONTERO BORÐGRILL
Sniðugt borðgrill í þremur flottum litum.
Stærð: H37 x Ø37 sm.

GRILLBURSTI

299

GRILLBURSTI
Góður, langur grillbursti.

FULLT VERÐ: 4.995

3.995

3 STK.

20%

QUEPO BLÓMAPOTTASETT
3 stk. saman í setti.

FULLT VERÐ: 2.995

1.795

40%

PORTO STÓLL
Flottur garðstóll úr stáli með netasessu og baki.
Flottur stóll á frábæru verði!
Svört grind með grænu baki og sessu.